

S E D L A B A N K I Í S L A N D S
Bankaeftirlit

1997

Úrlausnir kvartana
1990-1996
Sérrit 1

*Úrlausnir kvartana til
bankaeftirlits Seðlabanka Íslands
á árunum 1990 - 1996*



Úrlausnir kvartana 1990 - 1996

*Úrlausnir kvartana til
bankaeftirlits Seðlabanka Íslands
á árunum 1990 - 1996*

1997



Seðlabanki Íslands bankaeftirlit.

Úrlausnir kvartana

1990 - 1996

apríl 1997

Höfundarréttur: Seðlabanki Íslands. Heimilt að
nota efni úr ritinu, enda sé heimilda getið.

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR	5
1990	7
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	7
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	16
1991	19
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	19
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	24
LÍFEYRISSJÓÐIR	26
1992	27
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	27
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	34
EIGNARLEIGUFYRIRTÆKI	36
1993	37
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	37
LÍFEYRISSJÓÐIR	46
1994	49
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	49
LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	57

LÍFEYRISSJÓÐIR	59
1995	61
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	61
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	69
LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	71
1996	75
VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	75
VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI	81
LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR	82

Inngangur

Um hlutverk og starfsemi bankaeftirlits Seðlabanka Íslands er fjallað í IV. kafla laga nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands og reglugerð nr. 470/1986 um Seðlabanka Íslands. Samkvæmt ákvæðum þeirra laga er bankaeftirlitinu falið eftirlit með innlásstofnunum. Bankaeftirlitinu hefur jafnframt verið falið eftirlit með öðrum fjármálastofnunum samkvæmt ákvæðum ýmissa sérlagsa. Hlutverk bankaeftirlitsins er að hafa eftirlit með því að starfsemi þeirra stofnana, fyrirtækja og aðila sem eftirlitið beinist að fari að lögum og reglum sem um þau gilda og sé að öðru leyti í heilbrigðum farvegi.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur m.a. talið það felast í eftirlitshlutverki sínu, þótt ekki séu um það bein ákvæði í lögum, að taka við erindum og kvörtunum frá einstaklingum og lögaðilum sem óska athugunar bankaeftirlitsins á tilteknum viðskiptum sínum við aðila sem heyra undir eftirlit þess. Á undanförnum árum hefur fjöldi einstaklinga og lögaðila leitað til bankaeftirlitsins með beiðni um athuganir eða álit á tilteknum viðskiptum eða öðrum samskiptum við aðila. Oft er um að ræða einfaldar fyrirspurnir sem leyst er úr með óformlegum hætti en þarfnið erindið nánari umfjöllunar er aðilum bent á að senda formlegt erindi stutt viðeigandi gögnum til bankaeftirlitsins. Áður er gengið úr skugga um að reynt hafi verið að jafna ágreining á milli aðila ef mál er þannig vaxið.

Berist bankaeftirlitinu formlegt erindi kannar það viðkomandi kvörtun og meðfylgjandi gögn. Sé grundvöllur til þess að taka erindið til meðferðar er leitað skriflegra sjónarmiða hlutaðeigandi stofnunar. Reynt er eftir megni að hráða afgreiðslu mála en þó um leið að gæta vandaðrar málsméðferðar. Að lokinni athugun framkomina gagna og sjónarmiða aðila er þeim kynnt niðurstaða bankaeftirlitsins skriflega.

Telji bankaeftirlitið að kvörtun eigi við rök að styðjast og að fjármálastofnun, sem heyrir undir eftirlit þess, hafi ekki farið að lögum og reglum í viðskiptum við aðila eða ekki stundað eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, beinir það athugasemdirum til stofnunarinnar og óskar úrbóta. Einstaka kvartanir geta leitt til þess að heildarathugun er gerð á ákveðnum þáttum í rekstri stofnunar. Sé um alvarlegar athugasemdir að ræða er viðskiptaráðherra gerð grein fyrir því, sbr. 5. mgr. 17. gr. I. nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands. Álit bankaeftirlitsins er ekki bindandi fyrir aðila. Í flestum tilvikum hafa aðilar sæst á álit eftirlitsins en í nokkrum tilvikum hafa mál farið til meðferða dómstóla.

Efni kvartana sem berast bankaeftirlitinu er margvíslegt. Mörg mál varða meðferð á skuldabréfum, m.a innheimtu, uppgjör, ábyrgðir ofl. Einnig hafa margar kvartanir verið í tengslum við meðferð og frágang víxla, tryggingarvíxla og innheimtuvíxla. Jafnframt hafa allmög mál komið upp varðandi innstæðulausa tékka og lokun tékkareikninga í kjölfar vanskila.

Má nefna að nokkuð er um að ágreiningur vakni milli viðskiptamanna og lánastofnana varðandi munnlegt samkomulag, bæði um tilvist þeirra og efni. Hefur bankaeftirlitið í nokkrum tilvikum bent lánastofnunum á mikilvægi þess að hafa samkomulag skriflegt og vanda á allan hátt til þess varðandi efni og form.

Stofnanir og fyrirtæki sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með samkvæmt nágildandi lögum eru eftirfarandi:

- Viðskiptabankar og sparisjóðir, sbr. l. nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði.
- Aðrar lánastofnanir, sbr. l. nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði með síðari breytingum, sbr. l. nr. 20/1996. Undir lög um aðrar lánastofnanir falla nú m.a. eignarleigufyrirtæki sem áður féllu undir l. nr. 19/1989 um eignarleigustarfsemi.
- Fyrirtæki í verðbréfahjónustu, sbr. l. nr. 13/1996 um verðbréfaviðskipti.
- Verðbréfasjóðir, sbr. l. nr. 10/1993 um verðbréfasjóði, með síðari breytingum, sbr. l. nr. 21/1996.
- Verðbréfaþing Íslands, sbr. l. nr. 11/1993, með síðari breytingum, sbr. l. nr. 22/1996.
- Lífeyrissjóðir, sbr. l. nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða.
- Húsbréfadeild Húsnæðisstofnunar ríkisins, sbr. l. nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. l. nr. 150/1995.
- Fjárfestingarfélög, sbr. l. nr. 9/1984 um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri.
- Póstgíróstofan, sbr. l. nr. 142/1996 um pósthjónustu, sbr. l. nr. 36/1986 um Seðlabanka Íslands.

Hér á eftir fer samantekt á efni erinda sem bankaeftirlitinu hafa borist á árunum 1990-1996. Örar breytingar hafa orðið á undanförnum árum á löggjöf hinna ýmsu stofnana og fyrirtækja sem bankaeftirlitið hefur eftirlit með. Við lestur málanna verður að taka tillit til þess.

Á árunum 1990-1996 hefur bankaeftirlitið tekið til meðferðar alls 162 kvörtunarmál. Fjöldi mála skiptist þannig eftir árum:

1990	27
1991	20
1992	19
1993	24
1994	29
1995	26
1996	17

April 1997

1990

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Útreikningur banka á vöxtum innheimtuskuldabréfa

Viðskiptabanki hafði tvö skuldabréf vegna íbúðakaupa til innheimtu. Samkvæmt ákvæðum þeirra báru þau meðalvexti sambærilegra skuldabréfa hjá bönkum og sparisjóðum samkvæmt auglýsingum Seðlabanka Íslands.

Þegar við fyrsta gjalddaga taldi S, skuldari bréfanna, að sér væri gert að greiða hærri fjárhæð en ákvæði bréfanna gáfu tilefni til. S kvartaði við viðskiptabankann og fékk leiðréttingu. Sama endurtók sig hins vegar tvívegis eftir það. Óskaði S eftir að bankaeftirlitið kannaði innheimtu- aðferðir viðskiptabankans sem S taldi „óheiðarlegar og jaðra við ásetning”.

Hjá viðskiptabankanum kom fram, að mistök við innheimtu afborgana mætti rekja til þess, að greiðsluskilmálar viðkomandi skuldabréfa félle ekki að reikniforritum sem notuð væru í Reiknistofu bankanna. Hins vegar hefðu verið gerðar ráðstafanir til að mistókin endurtækju sig ekki.

Af hálfu bankaeftirlitsins var S tilkynnt að um mistök hefði verið að ræða og jafnframt að viðskiptabankinn hefði gert ráðstafanir til að fyrirbyggja endurtekningu þeirra. Þá var tekið fram, að bankaeftirlitið hefði ekki ástæðu til að ætla að um vísvitandi „óheiðarlegar innheimtuaðferðir” hefði verið að ræða, þó ætlast hefði mátt til að mistókin fengjust leiðrétt þegar í upphafi.

Ágreiningur um innborgun samkvæmt gíróseðli

Leigugreiðsla hafði verið innt af hendi með gíróseðli í viðskiptabanka og átti andvirðið að renna inn á tiltekinn hlaupareikning V við annan viðskiptabanka. Að sögn V barst innborgunin hins vegar ekki inn á hlaupareikninginn og krafði V því þann viðskiptabanka, sem tók við innborguninni, um andvirði greiðslunnar ásamt dráttarvöxtum.

Af hálfu viðskiptabankans sem krafinn var um greiðslu var því haldið fram, að krafan væri byggð á fölskum forsendum og gerð í þeim tilgangi að hafa af bankanum fé á grundvelli mistaka starfsmanns. Upphaflega hefði verið greitt með gíróseðli inn á tiltekinn hlaupareikning V. Síðar sama dag hafi greiðandinn haft samband við bankann og óskað eftir að greiðslan yrði lögð inn á tiltekinn hlaupareikning starfsmanns V í öðrum banka. Ástæða þessarar beiðni hafi verið sú, að reikningi V, sem greiðslan hafi í upphafi átt að renna inn á hafi verið lokað og að sögn greiðandans var þetta gert að beiðni V. Orðið hafi verið við þessari beiðni og greiðslunni ráðstafað í samræmi við hana með nýjum gíróseðli. Hins vegar hafi láðst að ógilda fyrri gíróseðilinn og hafi afrit beggja seðlanna verið sent V.

Niðurstaða bankaeftirlitsins varð sú, að báðir gíróseðlarnir sem um ræddi væru vegna sömu greiðslunnar, en ekki tveggja aðgreindra greiðslna til V. Svo virtist sem einungis hefði verið farið eftir óskum félagsins og var það mat bankaeftirlitsins að forráðamönnum þess hlyti að hafa verið eða mátt vera ljóst að um mistök hefðu verið að ræða af hálfu bankans enda studdu fyrilliggjandi gögn málsins lýsingar bankans á viðskiptum aðilanna. Því var ekki talið unnt að taka undir að um réttmætar kröfur á hendur bankanum væri að ræða. Hins vegar virtist ljóst, að forráðamenn V hefðu ætlað að hagnýta sér mistök starfsmanna bankans og afla féluginu með því fjárhagslegs ávinnings með ólögmætum hætti. Tekið var fram að slíka viðskiptahætti liti bankaeftirlitið alvarlegum augum og ekki síst tilraunir til að beita bankaeftirlitinu fyrir sig í slíkum tilraunum með beinum eða óbeinum hætti.

Hugtakið „vaxtagur”

Óskað var álits bankaeftirlits á hugtakinu „vaxtagur” og jafnframt hvaða áhrif það hefði að upphæð væri vöxtuð annan dag en færsla væri gerð.

Málavextir voru þeir, að ágreiningur hafði risið milli A og skattyfirvalda vegna tillags A í fjárfestingarsjóð en innlegg vegna þess var millifært af reikningi A inn á reikning sjóðsins þann 1. júní en stofnun reiknings og vaxtagur færslunnar var 30. maí. Ágreiningurinn laut að túlkun 54. gr. I. nr. 75/1981 um tekjuskatt. Skattyfirvöld töldu innleggið of seint fram komið en viðkomandi banki taldi að dagsetning vaxtafærslu innleggss væri sú dagsetning sem venja væri að miða við í bankaviðskiptum.

Álit bankaeftirlitsins var, að með hugtakinu „vaxtagur” væri átt við afmörkun á upphafstíma vaxta. Vaxtagur gæti verið annar en greiðsludagur samkvæmt greiðslustimpli. Væri þá sagt að fjárhæð væri „valideruð”, þ.e. ákveðið væri að greiddir yrðu vextir frá og með öðrum degi en greiðsludegi. Almennt yrði að líta svo á að í valideringu fælist ekki að formlegur stofndagur

reikninga við bankastofnanir teldist annar en fram kæmi á greiðslustimpluðum kvittunum. Einungis væri um það að ræða að greidd fjárhæð bæri vexti frá öðrum tíma. Frá þessu kynni þó að verða að víkja í einstökum tilvikum, hefði greiðsla í raun farið fram á öðrum tíma en kvittanir segðu til um en verið bókuð síðar, t.d. vegna mistaka stofnunar eða af óviðráðanlegum ástæðum.

Skylda viðskiptabanka til að innleysa tékka

A leitaði til bankaeftirlitsins vegna synjunar viðskiptabanka á að innleysa tékka. Málavextir voru þeir að A hafði tekið við tékka sem greiðslu fyrir leiguakstur. Skráði A bankakortsnúmer útgefanda á tékkann. Er A framvísaði tékkanum til greiðslu í viðkomandi banka var synjað um greiðslu þar sem reikningnum hefði verið lokað daginn áður en tékkinn var gefinn út.

Niðurstaða bankaeftirlitsins varð sú að með tilliti til lýsingar A á viðskiptunum yrði að líta svo á að bankanum bæri að greiða andvirði umrædds tékka, þrátt fyrir að reikningi hefði verið lokað er tékkinn var gefinn út. Við framangreinda niðurstöðu var fyrst og fremst stuðst við reglur Samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti enda hafði bankinn ekki mótmælt lýsingum A eða dregið ábyrgð sína í efá.

Uppgjör viðskiptamanns við banka

A óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á samskiptum sínum við viðskiptabanka vegna uppgjörs á skuldabréfi sem var í vanskilum. Til tryggingar skuldabréfinu var tryggingarbréf með veði í tiltekinni eign. Bankinn hafði sett það skilyrði fyrir uppgjöri skuldabréfsins að jafnframt yrði greitt inn á aðra skuld sömu skuldara sem einnig var í vanskilum en tryggð með veði í annarri eign samkvæmt öðru tryggingarbréfi. Taldi A að hér væri um tvö aðskilin mál að ræða og ef kröfur bankans næðu fram að ganga kynni það að skaða grandlausán þriðja aðila.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til að gera athugasemdir við kröfur bankans um uppgjör beggja tryggingarbréfanna. Um væri að ræða uppgjör á skuldum sama aðila við bankann, sem þegar væru í vanskilum. Bankanum væri því rétt að krefjast uppgjörs beggja bréfanna en um nánari tilhögun slíks uppgjörs færi eftir samkomulagi kröfuhafa og skuldara.

Endurgreiðsla banka til olíufélaga samkvæmt 7. gr. l. nr. 9/1985

Frá gildistöku laga nr. 9/1985 um aðgerðir til að bæta hag sjómanna og sjávarútvegs, þann 1. apríl 1985, til 20. september 1989 endurgreiddi viðskiptabanki tilteknu olíufelagi 45% af yfirfærsluþóknun sem innheimt var af erlendum lánum vegna olíukaupa. Bankinn tilkynnti félaginu bréflega að hætt yrði að taka yfirfærsluþóknun vegna þessara viðskipta en í þess stað yrði tekið

jafnhátt lántökugjald af hverri lánveitingu sem yrði innheimt um leið og lánveiting væri afgreidd. Af lántökugjaldinu endurgreiddi bankinn hins vegar ekki 45%. Félagið taldi sig eiga rétt til slíkrar endurgreiðslu með vísan til 7. gr. l. nr. 9/1985 og óskaði eftir því að bankaeftirlitið hlutaðist til um að slík endurgreiðsla færi fram.

EKKI kom til þess að bankaeftirlitið léti uppi álit á ágreiningsefni þar sem sættir tókust með aðilum málsins.

Innheimta „vaxtagjalds”

R óskaði álits bankaeftirlitsins á því hvort einstökum viðskiptaaðilum þess væri heimilt að innheimta svonefnt „vaxtagjald” af R, við uppgjör reikninga.

Að lokinni athugun taldi bankaeftirlitið umrædd viðskipti vera utan síns verksviðs og taldi sér ekki fært að taka efnislega afstöðu til erindisins, enda var ekki um að ræða aðila sem heyra undir eftirlit bankaeftirlitsins.

Bakfærsla út af tékkareikningi án samþykkis reikningseiganda

Laun M voru greidd inn á tékkareikning hans við tiltekinn viðskiptabanka. Við tiltekna launagreiðslu fékk M ofgreidd laun. Launagreiðandinn óskaði þá eftir því við viðskiptabankann að hin ofgreidda fjárhæð yrði endurgreidd sér. Bankinn varð við því og var R send endurgreiðslan án þess að haft væri samráð við reikningseiganda.

Af hálfu bankaeftirlitsins var ekki lagt mat á réttmæti endurkröfu R. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að viðskiptabanka M hefði verið óheimilt að greiða fé út af tékkareikningi hans með þessum hætti, án samþykkis reikningseigandans.

Strikaðir tékkar

K hafði fengið greiðslu með strikuðum tékka, sem gefinn var út til hans persónulega. K glataði síðar tékkanum og komst hann með einhverjum hætti í hendur óviðkomandi aðila, sem framseldi tékkann og fékk hann greiddan. Á tékkanum kom fram framsal K, sem hann taldi falsað. K taldi að bankanum hefði verið óheimilt að greiða öðrum en sér andvirði tékkans.

Af bankans hálfu var því haldið fram að bankanum hefði verið heimilt að greiða út andvirði tékkans til annars en þess sem tékkinn var stílaður á jafnvæl þótt um strikaðan tékka væri að ræða. Taldi bankinn að um almenna strikun tékka væri að ræða og að skv. 1. mgr. 38. gr. tékkalaga mætti

banki einungis greiða öðrum banka eða einhverjum viðskiptamanni sínum slíka tékka. Jafnframt hélt bankinn því fram, að greiði banki tékka sem hljóði um greiðslu til tiltekins manns sé bankanum einungis skylt að fullvissa sig um að framsöl á tékkanum séu í réttri röð en þurfi hins vegar ekki að ganga úr skugga um undirskriftir framseljenda séu ófalsaðar. Taldi bankinn sig hafa gætt allra framangreindra reglna.

Bankaeftirlitið félst á sjónarmið bankans. Jafnframt var K bent á að leita til Rannsóknarlöggreglu ríkisins vegna meintrar fölsunar á nafnritun hans á tékkann.

Útreikningur dagvaxta vegna vanskila skuldabréfs.

Ó óskaði athugunar á útreikningi dagvaxta vegna vanskila á skuldabréfi sem var til innheimtu í viðskiptabanka.

Af hálfu bankans var upplýst að í þeim tilvikum sem tilkynningar væru skrifaðar út fyrir helgi væru vextir sýndir eins og þeir yrðu á næsta virka degi. Þannig hefði málum verið háttar i því tilviki sem kvörtunin laut að og hefði því verið bætt við þremur dögum. Af hálfu bankaeftirlitsins þótti ekki ástæða til frekari aðgerða vegna þessa.

Útreikningur viðskiptagjalds vegna yfirdráttarheimildar á hlaupareikningi

N leitaði umsagnar bankaeftirlitsins vegna útreiknings sparisjóðs á viðskiptagjaldi vegna yfir-dráttarheimildar á hlaupareikningi tiltekins viðskiptamanns sjóðsins. Taldi viðskiptamaðurinn að um ofgreiðslu þessa gjalds hefði verið að ræða af sinni hálfu.

Bankaeftirlitið óskaði upplýsinga frá sparisjóðnum vegna umræddra viðskipta. Í greinargerð sparisjóðsins var gerð nákvæm grein fyrir útreikningi vaxtagjaldsins. Voru þær skýringar full-nægjandi að mati bankaeftirlitsins sem sá því ekki ástæðu til frekari aðgerða af sinni hálfu. Var N kynnt sú niðurstaða.

Uppgjör skuldabréfa

E leitaði til bankaeftirlitsins og óskaði eftir athugun á uppgjöri tveggja skuldabréfalána hans við tiltekinn viðskiptabanka. Lánin, sem voru bæði frá árinu 1984, höfðu farið í vanskil og voru til innheimtumeðferðar hjá lögmönnum. E taldi sig hins vegar hafa greitt lánin upp árið 1986.

Að lokinni upplýsingaöflun bankaeftirlitsins og nánari skýringum viðkomandi banka taldi bankaeftirlitið ekki grundvöll til athugasemda. Bankinn felldi þó niður hluta kröfunnar og var málínu því lokið af hálfu bankaeftirlitsins án frekari aðgerða.

Krafa protabús til innstæðna á hlaupareikningi

Protabú krafðist þess að viðskiptabanki afhenti innstæður af hlaupareikningum protabúsins. Bankinn neitaði og taldi sig hafa ráðstöfunarrétt á innstæðunum upp í skuldir protabúsins við bankann og hafði ráðstafað innstæðunum til uppgjörs þeirra.

Að lokinni athugun taldi bankaeftirlitið að bankanum hafi verið heimilt að ráðstafa innstæðunum með þeim hætti sem gert hafði verið. Var í því sambandi vísað til samþykkta fyrir bankann sem veitti heimild til að ráðstafa fé af veltiinnlánsreikningum til greiðslu gjaldfallinna skulda reikningseiganda við bankann. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að bankinn hefði vanrækt að greina þrottabúinu frá þessari afstöðu sinni og jafnframt hvernig innstæðum yrði ráðstafað. Að lokum tók bankaeftirlitið fram að ekki hefði verið tekin efnisleg afstaða til þess hvort fyrir hendi kynnu að vera atriði vegna skiptameðferðar búsins sem hefðu áhrif á framangreinda niðurstöðu.

Geymslugreiðsla - þagnarskylda

B átti tvö samhljóða skuldabréf sem voru til innheimtu í viðskiptabanka. Þegar nokkuð var liðið frá gjalddaga afborgunar leitaði B til bankans og spurðist fyrir um það hvort geymslugreitt hefði verið fyrir bréfunum ásamt fimm öðrum samhljóða skuldabréfum. Fékk hann þau svör að geymslugreitt hefði verið fyrir þemur af sjö skuldabréfum. Óskaði B þá eftir að greiðsla vegna þeirra tveggja bréfa sem hann ætti yrði lögð inn á reikning hans. Það var hins vegar ekki gert þar sem geymslugreiðslan reyndist einungis vera vegna annarra bréfa en bréfa B, samkvæmt ósk greiðanda bréfanna. B óskaði eftir að fá að sjá kvittun fyrir geymslugreiðslunni hjá bankanum en var neitað. Þá var honum einnig neitað um greiðslu afborgunar af bréfum hans. B sætti sig ekki við þessi málalok og leitaði til bankaeftirlitsins.

Að því er varðaði heimildir starfsmanna bankans til að sýna kvittanir fyrir geymslugreiðslum taldi bankaeftirlitið þagnarskylduákvæði viðskiptabankalaga eiga við og því hafi starfsmanni bankans verið rétt að neita B um það.

Hins vegar taldi bankaeftirlitið að í því tilviki sem um ræddi hefðu lagaskilyrði fyrir því að bankinn tæki við geymslugreiðslu vegna skuldabréfa B ekki verið fyrir hendi, sbr. 1. sbr. 2. gr. laga nr. 9/1978 um geymslugreiðslu, enda væri heimild til geymslugreiðslu bundin því skilyrði að ekki sé unnt að greiða kröfueiganda beint, vegna atvika sem hann ber ábyrgð á, auk þess sem greiðanda geymslugreiðslu beri að greina ástæður þess að slíkur greiðsluháttur sé nauðsynlegur.

Kaup sparisjóðs á eign við nauðungaruppboð til fullnustu krafna og hagsmunir annarra veðhafa

Sparisjóður átti fyrsta veðrétt í fasteign sem hann bauð síðar í á nauðungaruppboði til fullnustu krafna sinna og fékk sér úttagða sem ófullnægður veðhafi. Lögmaður, L, sem hafði til innheimtu viðskiptabréf tryggt með öðrum veðrétti í sömu eign hafði ekki fengið vitneskju um uppboð á eigninni og var því ekki unnt að gæta hagsmunu umbjóðanda síns. Ritaði L því stjórn sparisjóðsins bréf og óskaði eftir því að sparisjóðurinn framseldi sér boð sparisjóðsins í eignina. Bauðst L til að tryggja sparisjóðnum algert skaðleysi af slíku framsali, samkvæmt ítrasta útreikningi, þannig að sparisjóðurinn fengi alla sína kröfu greidda. Taldi L að með þessu mætti tryggja hagsmuni sparisjóðsins, annarra veðhafa og einnig uppboðsþolans sjálfs.

Sparisjóðurinn hafnaði beiðninni og taldi það ekki geta verið á sína ábyrgð eða áhættu hvort síðari veðhafar gæti réttar síns við uppboð á eign. Eignin hefði verið sold með það að markmiði að tryggja áframhaldandi hagsmuni sparisjóðsins.

L undi ekki afstöðu sparisjóðsins og leitaði til bankaeftirlitsins. Óskaði hann eftir áliti þess um hvort afstaða sparisjóðsins samrýmdist eðlilegum bankasjónarmiðum, með tilliti til allra aðstæðna í málinu. Bankaeftirlitið óskaði upplýsinga frá sparisjóðnum um aðstæður málsins og þá hagsmuni sem lægju að baki ákvörðun sparisjóðsins um að hafna beiðni L. Í svari sparisjóðsins kom meðal annars fram að rök þóttu mæla með því að frekara verð en nam uppboðskaupverði fengist fyrir eignina með sölu á almennum markaði. Með tilliti til annarra innheimtumála sparisjóðsins sem sum sum hver væru glötuð að hluta hefði þótt eðlilegt að nýta hugsanlegan hagnað af sölu eignarinnar til að rétta tap sparisjóðsins að öðru leyti.

Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú að samhliða einkarétti viðskiptabanka og sparisjóða til að taka við fé frá almenningi til geymslu og ávöxtunar yrði að leggja þessum stofnunum þær skyldur á herðar að gæta almannahagsmuna og að starfsemi þeirra sé ávallt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptabanka- og sparisjóðastarfsemi. Eðlilegt væri að innlásstofnanir reyndu að fá sem hæst verð fyrir yfirteknar eignir, en með tilliti til ofangreinds hlutverks þessara stofnana í þjóðfélaginu kynnu hins vegar að vera undantekningar frá því. Við slíkt mat bæri að taka tillit til almannahagsmuna án þess að þó að rýra hagsmuni viðkomandi stofnunar af því að fá fullnustu krafna sinna.

Til viðbótar framansögðu benti bankaeftirlitið á að umrætt tilvik varðaði ákvörðun um öflun hugsanlegra tekna við endursölu yfirtekinnar eignar. Slík „starfsemi” væri ekki hefðbundin banka- eða sparisjóðastarfsemi heldur afleidd af útlánaþætti starfseminnar og fremur undantekning en regla. Til áréttингar var vísað til 33. gr. l. nr. 87/1985 um sparisjóði og sú skoðun sett fram að hugsanlega mætti túlka greinina svo að innlásstofnunum bæri að forðast yfirtöku eigna, fengist fullnusta krafna þeirra með beinni greiðslu.

Heildarniðurstaða bankaeftirlitsins varð sú að fyrirliggjandi gögn bentu til þess að hagsmunir sparisjóðsins hefðu verið tryggðir með því að ganga að tilboði L, auk þess sem það hefði getað

stuðlað að því að draga úr tjóni annarra rétthafa. Hins vegar taldi bankaeftirlitið ekki óyggjandi að það væri á vald- eða verksviði þess að gefa stofnunum sem það hefði eftirlit með fyrirmæli um atriði sem þetta.

Innheimtuaðferðir lögmanns fyrir hönd viðskiptabanka

K gerðist ábyrgðarmaður að skuld G við viðskiptabanka. Er skuldin fór í vanskil gerði L, lögmaður, fyrir hönd bankans, fjárnám hjá K. Við fjárnámsgerðina lýsti L því yfir að bankinn væri tilbúinn að skuldbreyta láni G gegn því að allir fyrri skuldarar undirrituðu nýja skuldabréfið. Árangurslaust fjárnám var gert hjá K.

Er K hugðist ganga frá undirskrift sinni á nýtt skuldabréf kom í ljós, að fjárhæð þess var talsvert hærri en heildarskuld samkvæmt fyrra bréfi með áföllnum kostnaði. Neitaði K að takast á hendur ábyrgð samkvæmt nýja skuldabréfinu enda hafði komið í ljós að inn í fjárhæð þess voru skuldir G vegna yfirdráttar á tékkareikningi. Taldi K sig ekki bera neina ábyrgð á þeim skuldum G og neitaði að takast slíka ábyrgð á hendur. L, sem hafði þegar gert árangurslaust fjárnám hjá K, hotaði nú gjaldþotameðferð undirritaði K ekki skuldbreytingarbréfið.

Bankaeftirlitið leitaði upplýsinga hjá viðskiptabankanum. Í svari hans kom fram að bankinn teldi það ekki samræmast viðskiptavenjum sem tíðkist í bankanum, að viðskiptavinum væri boðið að ljúka skuldbindingum sínum við bankann með því að auka skuldbindingar þeirra.

Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú að tekið var undir ofangreind sjónarmið viðkomandi banka. Jafnframt var tekið fram að ekki hefði verið eðlilega staðið að innheimtuaðgerðum fyrir hönd bankans í umræddu tilviki og að það samræmdist ekki eðlilegum starfsháttum í innheimtu viðskiptabanka eða lögmannna á þeirra vegum að þvinga ábyrgðaraðila til að ábyrgjast aðrar skuldir en ábyrgðaryfirlýsing þeirra tæki beinlínis til.

Vaxtakjör kaupleigusamnings

H, sem var skuldari samkvæmt kaupleigusamningi, óskaði álits bankaeftirlitsins á því hvort kröfuhafanum væri heimilt að halda vöxtum föstum og óbreyttum, þrátt fyrir almenna vaxtalækkun hjá bönkum og sparísjóðum.

Með hliðsjón af ákvæðum viðkomandi kaupleigusamnings taldi bankaeftirlitið lánveitandanum heimilt og rétt að innheimta samkvæmt ákvæðum samningsins.

Málsmeðferð viðskiptabanka vegna afborgunar af skuldabréfi - meðferð tékka.

S leitaði til bankaeftirlitsins og kvaðst hafa sent lögmanni sínum 120 þúsund kr. í júní 1987, sem hann hafi átt að greiða tilteknun banka og gera með því upp skuldabréf S við bankann, en S var búsett erlendis á þessum tíma. Lögmaðurinn greiddi bankanum hins vegar ekki fyrr en í október 1987 og þá með eigin tékka sem reyndist innstæðulaus. S fékk bráðabirgðakvittun frá bankanum en engar vísbendingar um að greiðsla lögmannsins hefði reynst ófullnægjandi, fyrr en í mars 1990, er S flutti til landsins á ný. Lá þá fyrir uppboðsbeiðni vegna skuldarinnar sem þá var orðin mun hærri, þrátt fyrir að lögmaður S hefði í júní 1990 greitt bankanum 120 þúsund kr.

Bankaeftirlitið taldi að lokinni athugun, að meðferð bankans á umræddum tékka lögmannsins hefði verið áfátt í verulegum atriðum og andstæð reglum um tékkaviðskipti og almenna viðskiptahætti bankastofnana. Hafði bankinn m.a. ekki sýnt tékkann formlega til greiðslu. Jafnframt taldi bankaeftirlitið að bankanum hefði borið að tilkynna S sérstaklega um ófullnægjandi greiðslu umboðsmanns hennar upp í skuld hennar við bankann.

Tryggingarvíxlar

T óskaði álits bankaeftirlitsins á tilteknun álitaefnum varðandi notkun óútfylltra tryggingarvíxla sem tryggingu fyrir yfirdrætti á tékkareikningi eða öðrum viðskiptum. Nánar beindust spurningar T að almennu álti bankaeftirlitsins, hvort þessi framkvæmd stæðist lög eða siðferði og loks hvort um almenna venju væri að ræða hér á landi að þessu leyti.

Svör bankaeftirlitsins voru þau að innlásstofnanir gengju í nokkrum mæli frá greiðslutryggingum með þeim hætti sem um ræddi. Bankaeftirlitið teldi almennt að slíkur frágangur tryggingaskjala væri óheppilegur en hins vegar yrði ekki talið að umrædd notkun tryggingarvíxla væri andstæð lögum. Einnig benti bankaeftirlitið á að skjöl þau sem um ræddi væru ekki víxlar fyrr en formskilyrðum um frágang þeirra hefði verið fullnægt, sbr. 1. og 2. gr. víxillaga nr. 93/1993.

Vaxtakjör skuldabréfs

G leitaði til bankaeftirlitsins vegna vaxtakjara á verðtryggðu skuldabréfi sem hann var skuldari að. Taldi G vaxtahækkanir viðskiptabanka síns á umræddum lánum óeðlilegar á tímum þjóðarsáttar auk þess sem G taldi þær ekki standast samkvæmt 6. gr. vaxtalaga nr. 25/1987.

Bankaeftirlitið vakti athygli G á meginreglu viðskiptabankalaga um vaxtaákvörðunarfelsi viðskiptabanka. Slikum ákvörðunum fengi bankaeftirlitið og/eða Seðlabanki Íslands almennt ekki breytt. Að því er varðaði tilvitnun G til 6. gr. vaxtalaga taldi bankaeftirlitið að lokinni athugun á

ákvæðum skuldabréfsins að umrætt lagaákvæði ætti ekki við um lán G og kæmi því ekki til sérstakrar efnislegrar athugunar vegna erindis hans.

Óheimilar greiðslur banka af sparisjóðsbók

F taldi viðskiptabanka sinn í tvígang hafa greitt í heimildarleysi af sparisjóðsbók sinni til þriðja manns en bankinn hafði bókina undir höndum. Í ljós kom að bankinn hafði tvisvar greitt vinnufélaga F af umræddri sparisjóðsbók. Annars vegar kr. 1.300,- sem vinnufélaginn nýtti í eigin þágu og hins vegar kr. 16.600,- sem runnu til greiðslu á skuld vegna sameiginlegs greiðslukorts F og vinnufélagans. Bankinn hafði þegar endurgreitt fyrri fjárhæðina auk vaxta enda hafði ekki sannast að F hefði fengið þá greiðslu. Jafnframt bauðst bankinn til að baksfæra síðari fjárhæðina inn á sparisjóðsbók F.

Bankaeftirlitið taldi ljóst að í báðum tilvikum hefði bankinn greitt af sparisjóðsbókinni án heimildar og áréttar að við bankann að tryggt yrði að formsatriðum varðandi meðferð geymslubóka væri fylgt. Eins og atvikum var hátt að taldi bankaeftirlitið að fallast mætti á úrlausn bankans, um bakfærslu síðari fjárhæðarinnar. Ekki var talin ástæða til frekari afskipta af hálfu bankaeftirlitsins.

Innheimta sparisjóðs á skuldabréfi fyrir hönd kröfueiganda

B fól sparisjóði skuldabréf til innheimtu árið 1980 og skyldu afborganir leggjast inn á sparisjóðsbók B við sparisjóðinn. Bréfið var í vanskilum frá 1983 en kröfueiganda virðist ekki hafa verið tilkynnt um stöðu bréfsins fyrr en í mars eða apríl 1985. Á þeim tíma sem B leitaði til bankaeftirlitsins var skuldari bréfsins gjaldþrota.

Bankaeftirlitið taldi að með því að annast innheimtu skuldabréfsins hafi sparisjóðurinn með vissum hætti tekið að sér að gæta hagsmuna kröfuhafans, m.a. varðandi ráðstöfun afborgana. Með hliðsjón af því svo og þeim langa tíma sem bréfið hefði verið í vanskilum taldi bankaeftirlitið að sparisjóðnum hefði boríð að tilkynna B um vanskilin. Með því hefði kröfuhafa gefist færi á að draga úr hugsanlegu tjóni sínu án ástæðulauss dráttar.

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Samskipti einstaklings og lögmanns

B hafði fengið lán hjá lögmanni að tiltekinni fjárhæð en afhenti í staðinn víxla fyrir hærri fjárhæð, sem B gaf út en hlutafélag í eigu hans skyldi greiða. Lögmaðurinn seldi víxilinn síðar verðbréfafyrirtæki. B taldi lögmanninn hafa brotið samkomulag um meðferð víxlanna og óskaði eftir að bankaeftirlitið kannaði viðskipti sín og lögmannsins og/eða verðbréfafyrirtækisins.

Að lokinni athugun gagna taldi bankaeftirlitið að um væri að ræða viðskipti B og lögmanns, sem ekki féllu undir eftrlit bankaeftirlitsins. Um afskipti þess gæti því ekki orðið að ræða.

Ráðgjöf verðbréfamiðlara, lánveitingar ofl.

Á taldi aðgerðir og aðgerðarleysi verðbréfamiðlara hafa bakað sér verulegt tjón en hann hafði leitað til félagsins eftir fjárhagslegri aðstoð og ráðgjöf.

Hin fjárhagslega aðstoð fólst m.a. í því að keypt voru skuldabréf af Á með afföllum, honum var lofað peningaláni gegn veði í fasteign, félagið tók að sér að greiða öðrum lánadrottnum Á gjaldfallnar skuldir og fékk framseldan rétt til að taka á móti leigugreiðslum fyrir Á. Þá lét félagið þinglýsa kvöðum á fasteignir Á þannig að hann afsalaði sér rétti til að afsala eða veðsetja eignirnar nema með samþykki félagsins.

Á hafði ýmislegt að athuga við ofangreinda framkvæmd, m.a. það að framangreint lánsloforð var aldrei efnt en var þó ekki rift með formlegum hætti. Þess var óskað að bankaeftirlitið kannadi hvort verðbréfafyrirtæki væri heimilt að lána fē í „atvinnuskyni”, hvort vaxtakjör á lánssamningi væru eðlileg, svo og ávöxtunarkrafa á skuldabréfum og fleiri atriði.

Að athugun lokinni voru niðurstöður bankaeftirlitsins eftirfarandi:

1. Er lánssamningur var gerður giltu lög nr. 27/1986 um verðbréfamiðlun. Ekki var talið að þau lög skertu almennt athafnafrelsi þeirra félaga sem löggin töku til og því ekki til fyrirstöðu að félöginn nýttu fjármuni sína til lánveitinga.
2. Bankaeftirlitið taldi sér ekki fært að meta hvort umsamin vaxtakjör og ávöxtunarkrafa (afföll skuldabréfa) hafi verið eðlileg, en samkvæmt útreikningum sínum hafi vaxtakjör lánssamnings ekki verið óalgeng kjör á þeim tíma er samningurinn var gerður.
3. Umrætt verðbréfafyrirtæki kvaðst hafa keypt tiltekið skuldabréf að hluta. Bankaeftirlitið félst ekki á það sjónarmið að unnt sé að kaupa skuldabréf að hluta.
4. Af hálfu verðbréfafyrirtækisins var því neitað að um fjármálalega ráðgjöf hafi verið að ræða eða að ætlunin hafi verið að veita hana. Bankaeftirlitið taldi félagið hafa tekið að sér það mikla forsjá og umsýslu fjármála Á að rétt væri að líta svo á að um ráðgjöf hafi verið að ræða.
5. Heildarniðurstöður voru þær að bankaeftirlitið gagnrýndi starfshætti félagsins í samskiptum þess við Á. Talið var að í einstökum atriðum hafi félagið ekki staðið að þeim samskiptum með þeim faglega hætti sem krefjast verður af aðilum sem fengið hafa löggilt leyfi til verðbréfamiðlunar.

Auk ofangreinds gerði bankaeftirlitið athugasemdir við að ekki skyldi hafa verið gerð skrifleg heildaráætlun í upphafi um það hvernig að fyrirgreiðslu við Á skyldi staðið. Einnig að svo virtist

sem skort hefði á að Á væri með reglubundum hætti gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum sem gerðar voru í hans þágu. Jafnvel að félagið sjálft hefði ekki nægilega yfirsýn að þessu leyti. Þá taldi bankaeftirlitið að ekki hefði verið staðið eðlilega að riftun lánssamnings. Jafnframt að félagið hafi ekki gert þær ráðstafanir sem því bar til að afléttu þeim þinglýstu kvöðum sem Á gekkst undir í tengslum við lánssamninginn.

1991

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Ráðstöfun viðskiptabanka á fjármunum viðskiptamanns

Lögmaður óskaði eftir því fyrir hönd M að bankaeftirlitið léti í ljósi álit sitt á starfsháttum tiltekins viðskiptabanka.

Bankinn var kröfuhafi að veðskuldabréfum sem hvíldu á fyrsta til þriðja veðrétti í fasteign sem M hafði selt G. M fór þess á leit við bankann að hann samþykkti að veðréttindi hans þokuð fyrir veðskuldabréfi samkvæmt ákvæðum kaupsamnings. Bankinn veitti veðleyfi með þeim skilyrðum að M greiddi að fullu upp áhvílandi lán á fyrsta til þriðja veðrétti og víxil er var í vanskilum sem annar maður hafði samþykkt. Greiðsla skyldi innt af hendi með húsbréfum sem M átti í vændum.

Lögmaður M taldi bankann hafa notfært sér yfirburðaaðstöðu sína við gerð veðleyfisins, þ.e. gerst sekur um misneytingu. Þá hafi bankinn farið út fyrir umboð sitt er hann ráðstafaði andvirði húsbréfanna. Hann hafi meðal annars ekki haft heimild til að taka af andvirði bréfanna greiðslu fyrir víxil sem M hafði hvorki samþykkt né ábekt.

Þar sem ágreiningur aðila var til meðferðar hjá dómsstólum tók bankaeftirlitið ekki efnislega afstöðu til málsins.

Ágreiningur um ráðstöfun viðskiptabanka á andvirði láns til viðskiptavinar

G óskaði eftir að bankaeftirlitið kannaði samskipti sín við útibú viðskiptabanka.

Bankinn keypti víxil af G árið 1988 og ráðstafaði andvirði hans til greiðslu á vanskilaskuldum G við bankann. G taldi bankann ekki hafa haft heimild til að skuldfæra upphæðina af reikningi sínum. Þá hefði bankinn ekki haft heimild til að skuldfæra afborgun á skuldabréfi með veði í fasteign sem G hafði selt og hélt fram að eftirstöðvar af viðkomandi skuldabréfi skyldu greiddar af nýjum eiganda. Þar að auki hefði G engar kvittanir fengið frá bankanum vegna framangreindra ráðstafana. G hélt því fram í öðru lagi að víxill sem bankinn hafði í innheimtu hefði glatast.

Í þriðja lagi taldi G bankann hafa sent víxla sem G hafði greitt til rangra aðila og loks hélt G því fram að kreditkortasamningur sem hann lagði inn til kaups hefði týnst og ekki fundist fyrr en tveimur árum seinna.

Í svörum bankans kom fram varðandi fyrstu athugasemdina að um skuldbreytingu hefði verið að ræða og skuldfærslan vegna umrædds skuldabréfs ætti rætur sínar að rekja til þess að bankinn hefði aldrei viðurkennt skuldaraskipti á skuldabréfinu. Einnig hefðu kvittanir verið sendar G með venjulegum hætti og allt þar að lútandi skráð í bækur bankans.

Í öðru lagi upplýsti bankinn að umræddur innheimtuvíxill væri í afgreiðslu útibús bankans og G bæri samkvæmt venju að sækja víxilinn.

Varðandi þriðju athugasemd G taldi bankinn enga leið að sanna eða afsanna framangreinda fullyrðingu en bauðst til að bæta G hugsanlegt tjón ef starfsmenn bankans hefðu gert einhver mistök í þessu sambandi.

Í fjórða og síðasta lagi staðhæfði bankinn að umræddur kreditkortasamningur hefði ekki verið keyptur þar sem kortinu hefði verið lokað nokkrum dögum eftir að samningurinn hefði verið gerður. G gæti sótt hann í útibúi bankans gegn kvittun um móttöku.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af ágreiningi aðila af þess hálfu enda væri ekki séð að úr honum fengist endanlega skorið án atbeina dómstóla.

Ábyrgð framseljanda tékka á greiðslu hans.

G leitaði til bankaeftirlitsins vegna tékka sem hún framseldi í viðskiptabanka en bankinn krafði G um andvirði tékkans er innstæða reyndist ekki vera fyrir hendi.

Málavextir eru þeir að G fór með bunka af tékkum fyrir tiltekið fyrtækni í útibú bankans. Til að flýta fyrir afgreiðslu lagði gjaldkerinn, samkvæmt venju, upphæð tékkanna saman og greiddi út andvirði þeirra. G afhenti síðan viðkomandi fyrtækni andvirði tékkanna. Síðar sama dag er tékkarnir voru bókaðir kom í ljós að reikningi eins þeirra hafði verið lokað. Þar sem forsvarsmaður viðkomandi fyrtækis neitaði að leysa til sín tékkann krafði bankinn G um andvirði hans samkvæmt 1. mgr. 18. gr. tékkalaga um ábyrgð framseljanda á greiðslu tékka.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum og framangreindu ákvæði tékkalaganna um ótvíræða ábyrgð framseljanda á greiðslu tékka taldi bankaeftirlitið bankann hafa fullan rétt að krefja G um andvirði hans enda um gilt framsal að ræða.

Reikningi viðskiptamanns lokað vegna vanskila á skuldabréfi.

H óskaði eftir íhlutun bankaeftirlitsins vegna lokunar á reikningi sínum við viðskiptabanka. Þegar skuldabréf sem H var útgefandi að fór í vanskil lokaði bankinn reikningi H. Þessu vildi H ekki una þar sem viðskiptamenn sama banka höfðu svikið hann um launagreiðslur, sem hann hafði fengið dóm fyrir. Vildi H skuldajafna framangreindum dómkröfum við kröfur bankans samkvæmt skuldabréfinu.

Með hliðsjón af málavöxtum eins og þeim var lýst í bréfi H taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til efnislegrar meðferðar á erindinu.

Ágreiningur um töku dráttarvaxta af innheimtuskuld ef eindaga ber upp á helgidag.

H óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á því hvort sparisjóði væri heimilt að innheimta dráttarvexti af innheimtuskuld sem greidd var á fyrsta degi eftir eindaga er bar upp á helgidag.

Í umræddu tilviki báru innheimtugögnum það ótvíráett með sér að gjalddagi skuldarinnar var hálfum mánuði fyrir eindaga. Skuldari hefði því ekki átt að vera í vafa um hvenær gjalddagi skuldarinnar var. Sparisjóðurinn var því í fullum rétti til að krefjast dráttarvaxta við greiðslu eftir eindaga. Í ljósi framangreindra gagna hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af málinu.

Kvörtun vegna innheimtu dagvaxta

M óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því að viðskiptabanki sem innheimti húsgjöld fyrir húsfélag, skuldfærði dagvexti á innheimtuseðli fyrir tímabil sem M taldi að hefði verið gert upp að fullu. Í kjölfar athugunar bankans kom í ljós að um mistök hefðu verið að ræða þar að lútandi. Voru þau leiðrétt þegar í stað og M send ávísun fyrir mismuninum . Frekari afskipti voru ekki höfð af málinu af hálfu bankaeftirlitsins.

Ágreiningur um fyrirgreiðslu viðskiptabanka til viðskiptavinar og millifærslur á reikningum

J óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á samskiptum sínum við viðskiptabanka.

Í fyrsta lagi taldi J óeðlilegt að bankinn hefði synjað sér um lánaþyrirgreiðslu en veitt sér þess í stað yfirdráttarheimild með of miklum kostnaði. Í öðru lagi taldi J bankann hafa heimildarlaust millifært frá reikningi fyrirtækis síns og yfir á reikning á hans eigin nafni, sem hefði leitt til þess að þeim síðarnefnda var lokað vegna of mikils yfirdráttar.

Í þeim gögnum sem bankaeftirlitinu voru send kom fram að J hefði verið synjað um bankalán sökum þess að hann gat hvorki fengið ábyrgðarmenn né útvegað fullnægjandi veð. Þá taldi bankinn fullt samkomulag hafa verið um að viðskipti J við bankann færðust af hlaupareikningi fyrirtækis hans og yfir á einkareikning á nafni J. Einkareikningurinn hefði verið stofnaður gagngert til að aðskilja eigin viðskipti J og fyrirtækisins. Um leið hefði yfirdráttarheimildin verið hækkuð úr 600 í 700 þúsund kr. og J tjáð að reikningnum yrði lokað ef yfirdrátturinn færi fram úr heimildinni.

Bankaeftirlitið taldi í fyrsta lagi ekki vera um óeðlilega lánavirgreiðslu að ræða af hálfu bankans, enda færi slíkt eftir mati viðkomandi banka hverju sinni. Um seinna ágreiningsefnið taldi bankaeftirlitið ljóst að samkomulag hefði tekist milli J og bankans um yfirlærislu viðskipta aðilanna á nýjan reikning. Ágreiningur væri hins vegar um efnisinnihald samkomulagsins. Þar sem skrifleg gögn lægju ekki fyrir þar að lútandi taldi bankaeftirlitið sig ekki geta fjallað efnislega um þann hluta ágreiningsins. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að eðlilegt hefði verið af beggja hálfu að sjá til þess að umrætt samkomulag væri gert með formlegum hætti svo enginn vafi gæti leikið um innihaldið.

Réttarstaða sjálfskuldarábyrgðarmanns

A tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld B, samkvæmt skuldbréfi, dagsettu í maí 1990. Sama dag undirritaði B handveðsyfirlýsing m.a vegna sömu skuldar, þar sem kveðið var á um að settar væru að handveði tilteknar greiðslukortanótum um ótiltekna framtíð eða þar til hinari greindu skuldir samkvæmt handveðinu væru að fullu greiddar. Nokkrum mánuðum síðar undirritaði B nýja handveðsyfirlýsing, samhljóða þeirri fyrri, en jafnframt til tryggingar fleiri skuldum hans við bankann. Bankinn ráðstafaði andvirði greiðslukortanótnanna að miklu leyti til greiðslu á öðrum skuldum en þeim sem tilgreindar voru í handveðunum, og sagði það gert með samþykki aðalskulda.

Bankaeftirlitið taldi að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð af bankans hálfu að gera A viðvart um tilurð hins nýja handveðs og gefa honum kost á að gæta hagsmuna sinna. Þá taldi bankaeftirlitið að bankanum hafi verið skyldt að láta andvirði greiðslukortanótnanna ganga til fullnustu skuldanna samkvæmt eldra handveðinu, a.m.k að því marki sem varðað gat hagsmuni þriðja manns.

A ábekið einnig tryggingarvíxil, útgefinn 10. maí 1990 af B og samþykktum til greiðslu hinn 30. desember 1990 af sameignarfélagi B til tryggingar yfirdrætti á tilteknum hlaupareikningi B við bankann. Bankinn rauf fyrningarfrest gagnvart A í desember 1991 vegna víxlsins. Á þeim tíma stóðu tæpar 6 milljónir kr. í skuld á hlaupareikningum en honum hafði ekki verið lokað. Árið 1991 ráðstafaði bankinn tiltekinni upphæð af ofangreindum greiðslukortanótum til lækkunar á skuld B vegna umrædds hlaupareiknings en reikningurinn var ekki tilgreindur meðal skulda sem ofannefndu eldra handveði var ætlað að tryggja.

Í niðurstöðu bankaeftirlitsins varðandi þetta atriðið var vísað í grein 6.1.1. í reglum Samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipta um að frestur til lokunar tékkareiknings og endursendingar sé ákveðinn allt að 10 dagar. Bankaeftirlitið taldi viðskiptabanka skylt að leitast við að takmarka tjón sitt og viðskiptavina sinna með því að fara eftir reglum sem um bankaviðskipti gilda. Bankaeftirlitið taldi ekki ljóst að þau skilyrði hefðu skapast að ganga mætti að tryggingu samkvæmt tryggingarvíxli. Það úrlausnarefni ætti undir dómstóla.

Frávísun

G gerði verksamning við S. G afhenti við samningsgerð tryggingarvíxil að fjárhæð 1,5 milljón kr., sem skyldi afhentur honum aftur er hann legði fram þrjú skuldabréf samtals að fjárhæð 2,1 milljón kr. S seldi tryggingarvíxilinn í banka og er hann hafði móttekið skuldabréfin lagði hann þau inn í annan banka til greiðslu á viðskiptaskuldum sínum. Verksamningurinn var ekki efndur af hálfu S, sem varð gjaldþrota skömmu eftir samningsgerðina. G leitaði til bankaeftirlitsins þar sem hann taldi viðkomandi bönkum skylt að taka ekki við ofangreindum verðbréfum nema að hafa kynnt sér lögmæti umráða S yfir þeim.

Bankaeftirlitið taldi ágreining þennan eingöngu varða G og viðsemjanda hans S en ekki viðskipti G við hina tilteknu banka. Bankaeftirlitið taldi því ekki skilyrði til að aðhafast frekar í máli þessu.

Innheimta vanskilagjalda

M óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins vegna gjalda sem banki lagði á hvern gjalddaga skuldabréfs eftir að skuldabréfið hafði verið sent úr bankanum til lögfræðilegrar innheimtu. Um var að ræða gjaldaliði er nefndist „vanskilakostnaður, tilkynningar- og greiðslugjald”.

Bankaeftirlitið taldi það ekki í samræmi við góða bankasiði að innheimtur væri samtímis kostnaður lögmanns við innheimtuaðgerðir og vanskilakostnaður er á félli samkvæmt gjaldskrá banka, þ.e. eftir að lögmanni hafi verið fengið forræði kröfu væri ekki eðlilegt að það héldi áfram að falla á kröfuna vanskilagjöld af hálfu viðkomandi banka.

Geymslugreiðsla

G geymslugreiddi fyrir tveimur greiðslum, samkvæmt kaupsamningi um fasteign, í viðskiptabanka sínum. Hann kvað geymslugreiðslurnar hafa verið greiddar út til seljanda eignarinnar án síns samþykkis og að hann hafi beðið fjártjón af.

Bankaeftirlitið taldi að í svörum bankans fælist viðurkenning á því að mistök hefðu átt sér stað í meðferð umræddra geymslugreiðslna. Þá taldi bankaeftirlitið að bankinn hefði ekki sinnt eðlilegri leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart G er hann tók við geymslugreiðslunum.

Vextir og afföll af lánveitingu banka

H samdi við banka um tiltekna lánveitingu samkvæmt veðskuldabréfi með lánskjaravísítölu og föstum vöxtum. Er til útborgunar lánsins kom áskildi bankinn sér jafnframt eins konar forvexti er nefndir voru ávöxtunarkrafa eða afföll.

Bankaeftirlitið taldi bankann ekki hafa sýnt fram á að í málinu hefði komist á samningur á milli aðila um aðra gjaldtöku bankans af lánveitingunni en fasta vexti. Því gætu afföllin ekki orðið grundvöllur kröfu í þessu tilviki. Einu var talið gilda þótt bankinn hafi kosið að láta lánveitinguna ganga í gegnum veðeild sína.

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Ágreiningur um hvort bréf væri að fullu greitt

H leitaði til bankaeftirlitsins þar sem verðbréfafyrirtæki neitaði að afhenda honum skuldabréf til aflýsingar enda þótt hann hefði undir höndum kvittun um fullnaðargreiðslu bréfsins.

Í upplýsingum frá verðbréfafyrirtækinu kom fram að vegna mistaka við skráningu skuldabréfsins miðaðist vaxtaútreikningur ekki við upphafsdag vaxta heldur útgáfudag bréfsins. Verðbréfafyrirtækið fór fram á að H greiddi tiltekinn mismun til að fá skuldabréfið afhent, þar sem bréfið væri ekki fullgreitt.

H byrjaði að greiða af skuldabréfinu í desember 1989 og greiddi síðan fjórar innborganir eða þar til hann taldi sig hafa greitt upp bréfið. Er H var farið að lengja eftir að fá bréfið afhent til aflýsingar í maí 1991, var honum skyrt frá framangreindum mistökum, einu og hálfu ári eftir að þau áttu sér stað og hálfu ári eftir að hann taldi sig hafa greitt bréfið upp að fullu.

Bankaeftirlitið benti á að þrátt fyrir þá meginreglu kröfuréttar að kröfuhafi eigi rétt á viðbótar-greiðslu ef skuldari greiðir of lítið verði að meta hvert tilvik út af fyrir sig. Endanleg úrlausn slíkra álitaefna væri háð mati dómstóla. Með hliðsjón af málavöxtum sem ekki var deilt um og að teknu tilliti til framangreinds fyrirvara um endanlegt úrskurðarvald dómstóla taldi bankaeftirlitið verulegan vafa leika á um réttmæti kröfu verðbréfafyrirtækisins á hendur H. Að öðru leyti hafði bankaeftirlitið ekki afskipta af málinu.

Ágreiningur um töku vaxtavaxta af skuldabréfaláni

Verðbréfafyrirtæki var kröfuhafi að skuldabréfi sem H gaf út. H óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort verðbréfafyrirtækinu væri heimilt að leggja vexti við höfuðstól eftir eitt ár af vaxtatímabilinu og taka síðan vaxtavexti af því sem eftir væri af umræddu tímabili.

Bankaeftirlitið benti á að samkvæmt 12. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, væri taka vaxtavaxta aðeins heimil ef um dráttarvexti væri að ræða. Greinin fæli m.ö.o í sér sérreglu. Auk þess styddist framangreind vaxtataka hvorki við lög, samninga né venju sem er skilyrði þess að unnt sé að víkja frá ákvæðum vaxtalaga um vexti, sbr. 3. gr. laganna. Bankaeftirlitið áleit því að vaxtataka verðbréfafyrirtækisins í framangreindu tilviki væri óheimil.

Loks gerði bankaeftirlitið athugasemd við að greiðsluseðill skuldabréfsins skyldi ekki sýna þann vaxtafót sem vaxtareikningur byggðist á.

Ágreiningur um ábyrgð verðbréfamiðlara

Lögmaður óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á starfsháttum verðbréfafyrirtækis. Taldi lögmaðurinn verðbréfafyrirtækið ekki hafa viðhaft nægilega aðgæslu og/eða viðhaft rangar og óeðlilegar aðferðir við samningu og frágang veðskuldabréfa sem P keypti af verðbréfafyrirtækinu. Bæri fyrirtækið því ábyrgð á hugsanlegu fjártjóni P vegna framangreindra viðskipta skv. l. nr 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, einkum 1.mgr. 3.gr. og e-lið 3.mgr. 9.gr.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að P keypti þrjú veðskuldabréf af verðbréfafyrirtækinu með veði í fasteign sem var ekki fullbúin. Er bygging fasteignarinnar dróst á langinn vegna fjárhagserfileika skuldara bréfanna óttaðist P um veðhæfni fasteignarinnar og um leið greiðslur samkvæmt bréfunum.

Eftir ítarlega athugun fyrirliggjandi gagna taldi bankaeftirlitið verðbréfafyrirtækið almennt hafa hagað störfum sínum í framangreindum viðskiptum í samræmi við kröfur sem gerðar væru til löggiltra verðbréfamiðlara. Verðbréfafyrirtækið hefði stuðst við tiltæk opinber gögn við mat á öryggi veðskuldabréfanna. Hins vegar tók bankaeftirlitið undir þá staðhæfingu lögmannsins sem var ómótmælt af hálfu verðbréfafyrirtækisins að mistök hefðu átt sér stað við gerð veðskuldabréfanna. Mistökin fólust í því að við samningu bréfanna var tveimur veðskuldum lýst sem verðtryggðum skuldum. Svo var ekki heldur byggðust umrædd veð á fjárnámi og lög-taki. Af þessum sökum taldi bankaeftirlitið ástæðu til að brýna fyrir verðbréfafyrirtækinu að sýna eftirleiðis ítrrustu aðgæslu í störfum sínum enda skipti höfuðmáli fyrir viðskiptavini verðbréfamiðlara að upplýsingar hér að lútandi væru réttar. Hvort þau mistök sem sannanlega urðu í viðskiptum aðilanna hafi verið þess eðlis að varði ábyrgð skv. l. nr. 20/1989 taldi bankaeftirlitið hins vegar, eftir atvikum, vera úrlausnarefni dómstóla.

LÍFEYRISSJÓÐIR

Ósk um ihlutun bankaeftirlits í málefnum og rekstri lifeyrissjóðs

G leitaði til bankaeftirlitsins vegna fyrirhugaðra breytinga á reglugerð lifeyrissjóðs sem hann var aðili að. Hann taldi breytingarnar, næðu þær fram að ganga, til þess fallnar að mismuna sjóðsfélögum.

Bankaeftirlitið taldi það ekki samrýmast eftirlitshlutverki sínu, samkvæmt lögum nr. 27/1991 um ársreikninga og endurskoðun lífeyrissjóða að það léti í ljósi álit sitt á breytingatillögum með þeim hætti sem óskað var.

1992

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓDIR

Ágreiningur um ráðstöfun viðskiptabanka á greiðslu viðskiptamanns.

Lögmaður þrotabús óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á ráðstöfun greiðslu sem T hugðist inna af hendi til söluaðila og fór í gegnum viðskiptabanka. Bankinn ráðstafaði hins vegar greiðslunni inn á afurðaláanasamning við þriðja aðila, P. Bankann og lögmanninn greindi á um hvort umrædd afurð hefði heyrt undir afurðaláanasamning milli bankans og P eða ekki.

Þar sem umræddum ágreiningi var skotið til dómstóla á meðan málið var til meðferðar hjá bankaeftirlitinu tók það ekki efnislega afstöðu til málsins.

Samskipti viðskiptamanns og viðskiptabanka

G fór fram á athugun bankaeftirlitsins á viðskiptum sínum við viðskiptabanka.

Í fyrsta lagi taldi G að bankinn hefði brotið ákvæði 25. gr. viðskiptabankalaga, um þagnarskyldu starfsmanna banka, með því að fela utanaðkomandi aðila innheimtu skuldar á hendur sér. Í öðru lagi taldi hann bankann ekki hafa hagað starfsemi sinni í samræmi við ákvæði 26. gr. sömu laga sem fjölluðu um meginstarfsemi viðskiptabanka. Í þriðja lagi taldi hann annarleg sjónarmið hafa ráðið afgreiðslu bankans á lánumsumsókn sinni, en bankinn væri með því að vernda samkeppnisaðila á markaðinum. Bankinn hefði m.ö.o. gerst brotlegur við lög nr. 36/1986 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Bankaeftirlitið taldi í fyrsta lagi að það að fela utanaðkomandi aðila að innheimta gjaldfallnar kröfur á hendur G fæli ekki í sér brot á ákvæðum 25. gr. laga um viðskiptabanka enda væri viðkomandi lögmanni aðeins afhent nauðsynleg gögn til að innheimta hlutaðeigandi kröfu.

Varðandi meint brot bankans gegn ákvæðum 26. gr. viðskiptabankalaganna taldi bankaeftirlitið ekki ljóst, samkvæmt gögnum málsins, í hverju slíkt brot gæti verið fólgioð.

Loks benti bankaeftirlitið á að meint brot gegn framangreindum lögum um samkeppnishömlur o.fl. heyrðu ekki undir bankaeftirlitið. Ekki voru frekari afskipti höfð af málinu af hálfu bankaeftirlitsins.

Ágreiningur um skuldfærslu á tékkareikningi viðskiptamanns í viðskiptabanka

S óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á skuldfærslu á tékkareikningi samþýliskonu sinnar.

Málavextir eru þeir að þegar ekki reyndist innstæða á tékkareikningi í eigu fyrirtækis S, var upphæðin sem á vantaði skuldfærð á reikning samþýliskonu hans. Stefndi bankinn henni vegna skuldarinnar.

Við nánari athugun bankans kom í ljós að fyrir mistök hefði umrædd upphæð verið skuldfærð á reikning samþýliskonu S en ekki á reikning fyrirtækis hans. Þess má geta að númerin voru mjög áþeckk. Bankinn létt hefja málid fyrir dómstórum og kom fram að ekki yrði um frekari málsókn að ræða af hans hálfu.

Bankaeftirlitið hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur um lokun tékkareikninga viðskiptamanns í öllum viðskiptabönkum og sparisjóðum

Þ óskaði eftir athugun á lögmæti þeirrar ákvörðunar sparisjóðs að óska eftir að öllum reikningum þ hjá bönkum og sparisjóðum hér á landi yrði lokað. Þ hafði gefið út innstæðulausar ávísanir á reikning sinn í sparisjóði sem leiddi til umræddra aðgerða sparisjóðsins.

Bankaeftirlitið taldi verulegan vafa leika á lögmæti þeirra viðskiptaháttar sem erindið laut að en tók fram að endanlegt úrskurðarvald þar að lútandi ætti ekki undir bankaeftirlitið, heldur almenna dómstóla.

Viðskiptabanki synjar um innlausn tékka

Lögmaður óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á synjun viðskiptabanka um innlausn á tékkum skjólstæðings síns, M.

M, sem rak veitingastað, hafði tekið við sextán innstæðulausum tékkum þann 1. júní frá einum og sama manninum. Tékkarnir voru allir undir þeirri ábyrgðarfjárhæð sem samkomulag um tékkaábyrgð banka og sparisjóða gerir ráð fyrir og bankakorti framvísað. Bankinn neitaði hins vegar að innleysa tékkana á grundvelli 4. tölul. 3. gr. framangreinds samkomulags, þ.e. að um

samráð hafi verið að ræða milli útgefanda og móttakanda tékkanna. Bankinn rökstuddi enn fremur synjun sína með því að benda á að sama hefði verið upp á teningnum í október 1991 og M þá verið varaður við að sagan endurtæki sig.

Bankaeftirlitið taldi bankann, samkvæmt atvikum málsins, hafa haft lögmaðta ástæðu til að ætla að um tilraun til misnotkunar á tékkaábyrgð væri að ræða og hefði því gætt eðlilegra varúðarsjónarmiða þegar innlausn tékkanna var hafnað. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að bankanum hafi jafnframt boríð skylda til að senda löggregluyfirvöldum kæru til að fá úr því skorið hvort grunsemadir hans ættu við rök að styðjast. Mat á því hvort réttmætt sé að hafna innlausn tékka á grundvelli 4. tölul. 3. gr. ætti að grundvallast á því hvort jafnframt sé fyrir hendi gild ástæða til kæru.

Varðandi aðgang tékkhafa til að fá fullnustu kröfu sinnar úr hendi útgefanda benti bankaeftirlitið á almenna dólmstóla. Frekari afskipti voru ekki höfð af málinu.

Lögmaður M skaut málinu til ráðherra sem staðfesti framangreinda niðurstöðu bankaeftirlitsins.

Vaxtaútreikningur viðskiptabanka

J óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á vaxtaútreikningi viðskiptabanka, vegna tveggja skuldabréfa sem voru til innheimtu hjá bankanum. Taldi J að bankinn hefði ofreknað vexti á framangreindum skuldabréfum.

Samkvæmt gögnum frá bankanum taldi bankaeftirlitið að vaxtaútreikningur bankans hefði verið réttur og ekkert væri við hann að athuga. Um frekari afskipti bankaeftirlitsins af málinu var því ekki að ræða.

Ágreiningur um ábyrgð viðskiptabanka á innstæðulausum tékka

Æ óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á ábyrgð viðskiptabanka á innstæðulausum tékka samkvæmt auglýsingu bankans varðandi tékkaábyrgð.

Æ, sem rak sölturn, tók við tékka af viðskiptavini í góðri trú og fór í einu og öllu eftir leiðbeiningum bankans við móttöku hans. Tékkinn var undir þeiri ábyrgðarfjárhæð sem var tilgreind í framangreindri auglýsingu, og innleysti Æ hann í bankanum. Síðar skuldfærði bankinn umrædda tékkafjárhæð af reikningi Æ við sama banka þegar í ljós kom að tékkinn reyndist falsaður.

Bankaeftirlitið áleit að ábyrgðaryfirlýsing bankans einskorðaðist við tékka útgefna af reiknings-eiganda og gæti þar af leiðandi ekki náð til fölsunar.

Ágreiningur um greiðsluskyldu útgefanda á víxli

Tiltekin samtök fóru þess á leit við bankaeftirlitið að það kannaði viðskipti skjólstæðings þeirra og viðskiptabanka.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að T ábyrgðist yfirdráttarlán fyrir annan mann á tímabilinu 1984 til 1986. Fylltur var út tryggingarvíxill og áritaður sem slíkur. Hvorki útgáfudags né gjalddaga var getið á víxlinum. Í febrúar 1992 barst T síðan tilkynning um að greiða umræddan víxil sem hefði verið gefinn út þann 29. janúar 1992 og gjalddagi ákveðinn þann 10 febrúar næsta mánaðar. Strikað hafði verið yfir nafn eins banka og nafn annars banka sett í staðinn.

Bankaeftirlitið taldi ekki grundvöll til afskipta af þess hálfu eins og málið bar að. Skilyrði þess væru þau að ósk þess efnis bærust frá þeim einstaklingi sem ætti í hlut en ekki sem beiðni frá samtökum um álit bankaeftirlitsins á ágreiningi.

Ágreiningur um réttmæti kröfu sem viðskiptabanki hafði uppi í dómsmáli

Lögmaður Á fór þess á leit við bankaeftirlitið að það kannaði réttmæti kröfu viðskiptabanka á hendur skjólstæðingi sínum.

Í ágúst 1988 afhenti Á banka óútfylltan eigin víxil vegna ábyrgðar sinnar á eldri víxilskuld sem hafði fallið niður nokkrum mánuðum áður. Í janúar 1989 fór Á þess á leit við bankaeftirlitið að það kannaði réttmæti bankans á að láta sig afhenda framangreindan víxil þar sem honum hafði verið tjáð af þáverandi lögmanni hans að ábyrgðin samkvæmt gamla víxlinum væri niður fallin. Í svarbréfi bankans í febrúar sama ár kom fram að bankinn myndi ekki byggja neinn rétt á umræddum víxli. Þann 12. desember 1992 höfðar bankinn síðan mál á hendur Á og hafði umræddur víxill verið útfylltur í því skyni.

Bankaeftirlitið taldi að í bréfi þáverandi lögmanns bankans frá febrúar 1989 hefði falist ótvírað og fyrirvaralaus yfirlýsing um að bankinn myndi ekki byggja rétt á umræddum eigin víxli. Bankaeftirlitið taldi að ágreiningur aðilanna þar að lútandi ætti undir dómstóla, en áréttandi að hin misvísandi svör bankans í málinu væru „verulega ámælisverð”.

Ágreiningur vegna fyrningar víxilréttar á víxli sem var til innheimtu hjá viðskiptabanka

C leitaði til bankaeftirlitsins vegna tveggja víxla sem hann fól viðskiptabanka að innheimta.

Hvorugur framangreindra víxla fékkst greiddur og féll víxilréttur niður á hendur ábekingum en samþykkjandi víxlanna var gjaldþrota. Þegar í ljós kom að ábyrgð samkvæmt fyrri víxlinum var

fyrnd sagðist C hafa brýnt fyrir starfsmanni bankans að slíkt hið sama yrði ekki upp á teningnum varðandi seinni víxilinn. Taldi C að fyrningu víxilréttarins mætti rekja til mistaka starfsmanns bankans sem bankinn bæri ábyrgð á.

Í svörum bankans kom fram að C hefði fylgst mjög vel með innheimtu bankans á báðum víxlunum og verið fullkunnugt um að þeir fengust ekki greiddir með þeim innheimtuaðferðum sem bankinn beitti, þ.e. með bréfaskriftum og símtölum. Hefði hann þá átt að taka umrædda víxla úr bankanum og fá þá lögfræðingi til innheimtu ef hann vildi forðast fyrningu þeirra og til að ná tryggingu fyrir greiðslu þeirra. Fráleitt væri að kenna vanrækslu starfsmanns bankans um að kröfuréttur samkvæmt víxlinum hefði fyrnst.

Bankaeflirlitið taldi bankann ekki hafa staðið að meðferð umræddra víxla með þeim formlega hætti sem ætlast mætti til af viðskiptabanka sem byði þjónustu af því tagi sem málið snerist um eftir að í ljós kom að innheimtuaðferðir bankans báru ekki árangur. Eðlilegt sé í slíkum tilvikum að kröfueigandi fái formlega tilkynningu um árangurslausar innheimtuaðgerðir. Með því móti gefst honum tilefni til að óska frekari aðstoðar bankans við innheimtuna. Óski kröfueigandi ekki eftir frekari atbeina bankans væri rétt að endursenda honum skuldaskjöl með tryggilegum hætti.

Að síðustu tók bankaeflirlitið fram að í umsögn þess fælist ekki á neinn hátt mat á því hvort um bótaskyldu bankans væri að ræða í umræddu tilviki. Úrlausn þar að lútandi ætti undir almenna dómstóla.

Ágreiningur um leiðréttingu viðskiptabanka á mistökum v/fjárhæðar skuldabréfs

N fór þess á leit við bankaeflirlitið að það kannaði samskipti sín og viðskiptabanka vegna ráðstöfunar á fjárhæð sem bankinn ofreiknaði.

Málavextir eru þeir að N og viðskiptabanki hans höfðu samið um að bankinn keypti skuldabréf af N og skyldi andvirði þeirra ganga upp í skuldir N við bankann. Við frágang skuldabréfsins urðu þau mistök af bankans hálfu að það var útbúið hærra en efni stóðu til sem nam lögfræðikostnaði vegna krafna bankans á hendur N, auk þess sem um samlagningarskekju var að ræða. Mistökin voru leiðrétt innan bankans með því að lækka stofn umrædds skuldabréfs í bókum bankans um sömu fjárhæð. Um aðrar breytingar á skuldabréfinu var ekki að ræða.

Bankaeflirlitið taldi bankanum hafa verið rétt að leiðréttu framangreind mistök með þeim hætti sem gert var til hagsbóta fyrir viðskiptamann bankans. Hins vegar taldi bankaeflirlitið að bankanum hefði borið að tilkynna viðkomandi um mistökin með formlegum hætti en ekki var unnt að greina af fyrirliggjandi gögnum að svo hefði verið gert. Að öðru leyti taldi bankaeflirlitið ekki ástæðu til frekari athugasemda vegna framangreindra viðskipta.

Ágreiningur um bakfærslu viðskiptabanka út af reikningi viðskiptamanns

Félag, í umboði S, óskaði eftir úrskurði bankaeftirlitsins á heimild viðskiptabanka til að bakfæra út af reikningi viðskiptamanns án hans samþykkis.

S fékk greidd laun inn á reikning sinn í bankanum á föstudagi. Næsta mánudagsmorgun hafði launagreiðandinn samband við bankann og tilkynnti að um mistök hafi verið að ræða og fór fram á að umrædd upphæð yrði bakfærð út af reikningi S.

Í svörum bankans kom fram að hlutaðeigandi launagreiðandi hefði gert færsluna í fyrirtækjalínu sem hann væri með í öðrum banka. Eftir að starfsmaður bankans hafði gengið úr skugga um að fyrirtæki launagreiðandans væri með fyrirtækjalínu í hinum bankanum og starfsmaður þess banka hafði staðfest alla lýsingu launagreiðandans á málinu heimilaði bankinn bakfærslu á framan-greindri upphæð.

Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú að innlásstofnunum sé ekki heimilt að bakfæra út af reikningum viðskiptamanna án samþykkis þeirra. Slík heimild væri almennt ekki fyrir hendi. Í því sambandi skipti ekki máli hvaða ástæða lægi að baki beiðni þriðja manns fyrir bakfærslu. Viðskiptabanki hefði ekki ráðstöfunarrétt fyrir því fó sem hann hefði tekið við til geymslu og ávöxtunar samkvæmt einkarétti þeim er honum væri áskilinn í 2. mgr. 26. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka. Af því leiddi að til þess að viðskiptabanka væri heimilt að bakfæra út af reikningi viðskiptamanns þyrfti að liggja fyrir samþykki reikningseiganda fyrir því að einhver nánar tiltekinn aðili gæti beðið um bakfærslu út af reikningi eða tekið út af honum.

Ágreiningur vegna afturköllunar tékka

Lögmaður, óskaði fyrir hönd skjólstæðings síns, Á, eftir álti bankaeftirlitsins á synjun sparisjóðs, S1, á innlausn tékka.

Málavextir eru þeir að Á, sem rak sölturn, tók við tékka og lagði hann inn á reikning sinn í sparisjóði S1. Á fékk síðar tékkann endursendan þar sem hann væri falsaður samkvæmt upplýsingum frá reikningsbankanum, S2. Það reyndist hins vegar ekki vera rétt og kom í ljós að reikningseigandinn hafði munnlega farið fram á afturköllun tékkans sökum þess að andvirði það sem hann greiddi fyrir með tékkanum reyndist vera eign þriðja manns.

Í upplýsingum sem bárust frá S2 kom fram að texti á úttektarseðli sem starfsmaður S1 útfyllti þess efnis að tékkinn væri falsaður væri til kominn fyrir mistök starfsmanns S2. Á þeim tíma sem atvik málsins áttu sér stað hefðu engar vinnureglur gilt í sparisjóðnum varðandi afturkallanir. Því hefði borið við, eins og í umræddu máli, að tékki væri afturkallaður á grundvelli munnlegrar beiðni

útgefanda. Síðar hefðu starfshættir hins vegar breyst þannig að nú væru tékkar eingöngu afturkallaðir samkvæmt skriflegri beiðni útgefanda.

Bankaeftirlitið áleit að nokkuð hefði skort á fagmannleg vinnubrögð af hálfu sparisjóðsins við afturköllun þess tékka sem um ræddi í málinu. Hins vegar taldi það sér ekki fært að tjá sig um uppgjör á milli aðilanna þar sem í því fælist m.a. mat á því hvort um skaðabótaskyldu væri að ræða hjá viðkomandi sparisjóði. Slíkt mat ætti alfarið undir dómstóla.

Ágreiningur um handveð og vanskilaskrá

G óskaði í fyrsta lagi eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort innlásreikningur í sinni eigu hefði verið settur viðskiptabanka að handveði og ef svo væri hvaða forsendur lægu þar að baki. Í öðru lagi óskaði G eftir athugun á því hvort bankanum væri heimilt að varðveita nafn sitt á vanskilaskrá enda þótt kröfur á hendur honum væru fyrndar.

Varðandi fyrra álitaefnið kom fram í svörum bankans að G hefði með yfirlýsingu sett sparisjóðsbók að handveði vegna ábyrgða sem hann hafði tekist á hendur. Handveðsupphæðin hefði síðar verið færð inn á annan innlásreikning svo G nytí betri vaxtakjara þar til séð yrði hvort aðalskulðari stæði við greiðslusamninga við bankann.

Í svörum bankans varðandi vanskilaskrána kom fram að hann varðveitti í bókhaldi sínu upplýsingar um óuppgerðar fjákröfur án tillits til hvort kröfurnar á hendur viðkomandi væru fyrndar eða ekki. Þessum upplýsingum væri algerlega haldið innan bankans og engum öðrum tiltækar. Þær hefðu aðeins þýðingu fyrir bankann vegna hugsanlegrar lánavirgreiðslu til G síðar.

Bankaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við framangreind sjónarmið bankans og hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Starfsheimildir viðskiptabanka samkvæmt viðskiptabankalögum

S fór fram á athugun bankaeftirlitsins á samskiptum sínum við viðskiptabanka.

S seldi vörur frá fyrrum ríkjum Sovétríkjanna til Vesturlanda og átti í viðskiptum við tiltekinn viðskiptabanka. Starfsmaður bankans hafði það verkefni með höndum að finna kaupendur að tiltekinni vöru sem S átti síðan að útvega. Hlutverk starfsmanns bankans var í því fólgjöld „að koma orðsendingum milli aðila, nafnlaust, fyrir kaupendur og seljendur, en ekki að standa í beinni samningagerð“. Bankinn tók ekki gjald fyrir þessa þjónustu heldur vænti þess að fá tekjur af fyrirhuguðum viðskiptum síðar. S fór fram á að starfshættir bankans yrðu kannaðir þegar hann taldi sig ítrekað hafa útvegað þær vörur sem starfsmaður bankans sagðist hafa kaupendur að en

fékk ekki upp gefið hver væri væntanlegur kaupandi. Engir samningar komust á fyrir tilstilli bankans.

Í svörum bankans kom m.a. fram að ástæða þess að samningar hefðu ekki tekist væri sú að ávallt hefði „vantað herslumuninn á að allar upplýsingar lægju fyrir” svo að aðilar gætu talað saman milliliðalaust.

Bankaeftirlitið taldi gögn málsins, sem voru mjög umfangsmikil, bera ótvírett með sér að bankinn hefði í umræddu tilviki farið út fyrir starfsheimildir viðskiptabanka samkvæmt viðskiptabankalögum. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 86/1985 um viðskiptabanka er hlutverk viðskiptabanka að hafa á hendi hvers konar viðskiptabankastarfsemi eins og hún er skilgreind í IV. kafla laganna og er sérstaklega tekið fram í ákvæðinu að önnur starfsemi sé viðskiptabönkum óheimil. Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. er viðskiptabankastarfsemi fölgin í geymslu og ávöxtun fjár, miðun á peningum og annarri þjónustustarfsemi sem er í „eðlilegum tengslum, við slík viðskipti. Það var því mat bankaeftirlitsins að starfsemi sú sem bankinn hafði með höndum gæti ekki talist viðskiptabankastarfsemi, sbr. 1. mgr. 26. gr. laganna og því hefði bankinn farið út fyrir starfsheimildir sínar samkvæmt framangreindum ákvæðum viðskiptabankalaganna.

Viðskiptaráðherra var kynnt niðurstaða bankaeftirlitsins ásamt greinargerð um málið með tilliti til eðlis umræddrar kvörtunar, sbr. 5. mgr. 17.gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986.

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Samskipti verðbréfafyrirtækis og viðskiptavinar þess

J óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á samskiptum sínum við verðbréfafyrirtæki.

J gerði samning við verðbréfafyrirtæki í maí 1990 og greiddi mánaðarlega inn á hann þar til í apríl 1993, eða samtals kr. 238.000. Þegar J vitjaði um sparifé sitt í byrjun nóvember 1993 var honum tjáð að gengið hefði verið fellt um þriðjung og innstæða hans væri þar af leiðandi komin niður í kr. 179.000. J hafði beðið um afrit af öllum færslum inn á bankareikning sinn en verið synjað. Einnig hefði J beðið um að fá að sjá kaupnótur vegna verðbréfa sem áttu að hafa verið keypt á hans nafni. Loks hafi J beðið um að fá verðbréfaeign sína afhenta en verið tjáð að slíkt væri ekki unnt þar sem engin bréf hefðu verið gefin út á hans nafni sérstaklega.

Í svörum verðbréfafyrirtækisins var í fyrsta lagi staðfest að J hefði ekki fengið að sjá afrit af öllum færslum er vörðuðu hann. Væri þar um að kenna vankunnáttu þess starfsmanns sem afgreiddi J í umræddu tilviki.

Í öðru lagi kom fram að J hefði alrei fengið kaupnótur er mánaðarleg greiðsla barst fyrirtækinu, heldur var aðeins um bókhaldsfærslur að ræða í hvert sinn. J fékk yfirlit tvisvar á ári eins og aðrir viðskiptamenn.

Í þriðja lagi var staðfest að fjármunum J var ekki haldið á nafnskráðum reikningi eins og kveðið er á um í 5. gr. laga um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, nr. 20/1989. Fjármunir J og annarra sem greiddu inn á sambærilegan samning hjá fyrirtækinu, runnu inn á sameiginlegan tékkareikning í nafni verðbréfafyrirtækisins og mynduðu einn sameiginlegan sjóð. Í undirreikningum kom síðan fram eignarlutdeild hvers og eins.

Loks var staðfest að hlutdeildarskírteini á nafni J hefðu ekki verið gefin út á framangreindu tíma-bili, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1989. Slík skírteini voru reyndar gefin út síðar en þá eingöngu vegna kvörtunarinnar. Hlutdeildarskírteini vegna annarra sem höfðu greitt inn á samsvarandi samning höfðu enn fremur ekki verið gefin út.

Bankaeftirlitið áminnti verðbréfafyrirtækið alvarlega um að fyrirtækið færi að gildandi lögum á þessu sviði og benti á að stórlega vantaði á að öðru leyti að ástunduð væru fagmannleg vinnubrögð.

Viðskiptaráðherra var kynnt niðurstaða bankaeftirlitsins í samræmi við ákvæði 34. gr. laga nr. 20/1989, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/1986.

Ágreiningur um vinnuaðferðir verðbréfafyrirtækis

Hluthafi, G, í verðbréfafyrirtæki, óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á tilteknum atriðum varðandi sölu verðbréfafyrirtækisins á fasteign sem það hafði keypt á nauðungaruppboði. Til ágreinings kom milli G, sem stundaði rekstur í fasteigninni og hinna nýju kaupenda sem gátu ekki staðið í skilum með kaupgreiðslur. Taldi G framkvæmdastjóra verðbréfafyrirtækisins hafa sýnt af sér vanrækslu við sölu á fasteigninni og í aðgerðum félagsins vegna vanefnda kaupenda. Taldi G vinnubrögð verðbréfafyrirtækisins hafa skaðað eigendur verðbréfa í sjóðum félagsins auk þess að eiga sinn þátt í því að rýra traust almennings á fyrirtækinu.

Að lokinni athugun fyrilliggjandi gagna og upplýsinga sá bankaeftirlitið ekki ástæðu til athugasemda eða aðgerða af þess hálfu.

EIGNARLEIGUFYRIRTÆKI

Ágreiningur um uppgjör aðila vegna eignarleigustarfsemi

Lögmaður óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á samskiptum skjólstæðinga sinna, Þ og P við eignarleigufyrirtæki.

Málavextir eru í stuttu máli þeir að hlutaðeigandi aðilar gerðu í upphafi með sér munnlegan samning. Þ og P fengu beint lán frá eignarleigufyrirtækinu sem var greitt út með átta greiðslum gegn kvittunum ýmist á Þ, P eða sameignarfélag þerra. Ekki var gengið formlega frá skuldaskjölum. Þess í stað létt eignarleigufyrirtækið umrædda viðskiptamenn sína undirrita óútfyllta fjármögnunarleigusamninga og gefa út tryggingarvíxl a fyrir tilteknum fjárhæðum. Samkvæmt hinum munnlega samningi skyldu Þ og P flytja bifreiðar inn til landsins fyrir lánsféoð frá eignarleigufyrirtækinu og áttu annað hvort að útvega fyrirtækinu fjármögnunarleigutaka eða selja bifreiðarnar og greiða niður lánið fyrir andvirði þeirra.

Ágreiningur kom upp við uppgjör aðilanna. Annars vegar um það hvort undirritun kvartenda á óútfyllta fjármögnunarleigusamninga fæli í sér samning um greiðslu verðbóta og hins vegar um það hvort afsal og afhending bifreiða til eignarleigufyrirtækisins skyldi reiknast til lækkunar á kröfum þess á því verði sem afsölin tilgreindu eða hvort eignarleigufyrirtækinu væri rétt að líta á bifreiðarnar sem tryggingu fyrir kröfum sínum og endanlegt söluverð þeirra væri á áhættu kvartenda.

Bankaeftirlitið tók ekki afstöðu til framangreinds ágreinings hlutaðeigandi þar sem slíkt ætti undir dómsstóla og málshöfðun eignarleigufyrirtækisins á hendur kvartendum þar að auki í undirbúnungi.

Bankaeftirlitið gerði hins vegar athugasemdir við starfshætti eignarleigufyrirtækisins og taldi í fyrsta lagi að samkvæmt lögum um eignarleigustarfsemi, nr. 19/1989, væri í hæsta máta óeðlilegt að gera eignarleigusamninga við viðskiptamenn sem hefðu í upphafi samningsgerðar í hyggju að umsetja þá muni sem samningar snerust um. Í öðru lagi hefði fyrirtækið tekið of mikla áhættu með því að kanna ekki nægilega þau tæki sem viðskiptaaðilar hugðust flytja inn m.t.t. þess að fyrirtækið kynni seinna að neyðast til að yfirtaka þau vegna vanefnda leigutaka. Bankaeftirlitið taldi því að starfshættir eignarleigufyrirtækisins væru í andstöðu við megin tilgang laga um eignarleigustarfsemi, vinnubrögð væru ófagleg og stórlæg ámælisverð.

Viðskiptaráðherra var kynnt niðurstaða bankaeftirlitsins, sbr. 5. mgr. 17. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986.

1993

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Öflun upplýsinga varðandi meðferð viðskiptabanka á víxum

Lögmaður leitaði til bankaeftirlits fyrir hönd umbjóðanda síns og leitaði aðstoðar þess við öflun upplýsinga varðandi meðferð viðskiptabanka á tilteknum víxum.

Í ljós kom að dómar höfðu gengið í héraði er vörðuðu umrædda víxla og var málið til meðferðar fyrir fyrir Hæstarétti. Af þeim sökum hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af málínu.

Ágreiningur varðandi sjálfskuldarábyrgð

G óskaði eftir því að bankaeftirlitið kannaði tiltekin viðskipti hans og sparisjóðs. G hafði sem ábyrðamanni verið birt greiðsluáskorun vegna eftirstöðva skuldabréfs hjá sparisjóðnum. G taldi að sparisjóðurinn hefði áður leyst hann undan ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu með samningi um skuldbreytingu.

Bankaeftirlitið kannaði viðskipti aðila. Umrætt samkomulag milli G og sparisjóðsins hafði verið munnlegt. Bankaeftirlitið taldi með hliðsjón af eðli samnings um skuldaskil eins og um var að ræða í þessu tilviki og hagsmunum sem í húfi voru, að gera yrði þær kröfur til sparisjóðs sem fagaðila á svíði bankaviðskipta að hann hlutaðist til um að gerður væri skriflegur samningur. Hins vegar væri bankaeftirlitið ekki í aðstöðu til að viðhafa sönnunarfærslu sem nauðsynleg var til að skera úr um efni hins munnlega samkomulags eða skera úr um kröfuna að öðru leyti.

Röng skráning skuldabréfs

G fór fram á það við bankaeftirlitið að það athugaði annars vegar hvort hann væri ranglega skráður skuldari að skuldabréfi hjá viðskiptabanka og hins vegar hvort vextir væru réttilega reiknaðir á tilteknu skuldabréfi.

Varðandi skráningu skuldabréfs kom fram af hálfu viðskiptabankans að umrætt skuldabréf hafði fyrir mistök skráðst á nafn G í september 1990. Mistókin höfðu uppgötvast í nóvember er G hafi greitt inn á afborgun bréfsins. Var þá haft samband við G og honum greint frá mistökunum og afborgunin færð inn á skuldabréf sem G var skuldari að og var í vanskilum. G var því ekki lengur skráður sem skuldari að umræddu skuldabréfi og gerði bankaeftirlitið ekki athugasemdir við gerðir viðskiptabankans í málinu.

Bankaeftirlitið kannaði jafnframt útreikning växta á skuldabréfi og taldi ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá.

Útreikningur á skuldabréfavöxtum

B leitaði til bankaeftirlitsins vegna þriggja skuldabréfa. B óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á því hvort honum bæri að greiða innheimtukostnað og dráttarvexti af nánar tilgreindu skuldabréfi. Jafnframt óskaði hann eftir því að bankaeftirlitið léti uppi álit á útreikningi dráttarvaxta, bæði af hálfu viðskiptabanka og löggmanns sem innheimt skuldabréfið. B kvartaði einnig yfir meðferð viðskiptabankans á skuldabréfi sem hann hafði afhent útibússtjóra viðskiptabankans og var það óútfyllt en undirritað, til greiðslu á vanskilaskuld samkvæmt skuldabréfi. Fyrir mistök hafði bréfið ekki verið útfyllt og frágengið af hálfu bankans fyrr en um fjórum mánuðum eftir afhendingu. B var síðan krafinn um dráttarvexti og innheimtukostnað fyrir tímabil, sem hann taldi á ábyrgð bankans.

Viðskiptabankinn viðurkenndi mistök við útreikning og innheimtu dráttarvaxta og endurgreiddi B þá upphæð ásamt vöxtum. Þá kom einnig fram að sáttaviðræður stóðu yfir milli B og forsvarmanna bankans varðandi ágreining um meðferð skuldabréfs.

Taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu að svo stöddu.

Kvörtun fyrir milligöngu tiltekina Psamtaka

Tiltekin samtök óskuðu eftir athugun bankaeftirlitsins á réttarstöðu félagsmanns síns, vegna úttekta af bankareikningi sem fóru fram sem hraðbankafærslur gegnum útibú viðskiptabanka.

Bankaeftirlitið taldi eðlilegra að ósk um athugun af þessu tagi bærist frá viðkomandi sjálfum. Að öðru leyti taldi bankaeftirlitið að gögn þau sem fylgdu bréfi samtakanna gætu ekki talist fullnægjandi til að veita svör við fyrirspurn af því tagi sem óskað var svara við.

Innlagning á kjörbók

Árið 1990 lagði A tékka inn á kjörbók sína hjá viðskiptabanka. Þremur árum síðar þegar A kannaði nánar stöðu bókarinnar kom í ljós að innleggsnótum hafði verið breytt af gjaldkera og helmingi lægri upphæð lögð inn. Kannaðist A ekki við að hafa breytt umræddri upphæð. Óskaði hún eftir áliti bankaeftirlits á því hvort afgreiðsla gjaldkera hefði verið með eðlilegum hætti.

Af hálfu viðskiptabanka var sýnt fram á að upphafleg upphæð hafði verið færð inn en færslan verið leiðrétt og þess í stað verið lögð inn lægri upphæð. Fyrir mistök hafði leiðréttarfærslan hins vegar fallið niður í kjörbókinni. Taldi bankinn flest benda til þess að A hefði snúist hugur og ákveðið að leggja inn lægri upphæð og fá mismuninn greiddan í peningum.

Bankaeftirlitið taldi nokkuð hafa skort á vönduð vinnubrögð gjaldkera í umræddu tilviki og færslur hans gefi tilefni til misskilnings og vangaveltna. Hins vegar taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til þess að vefsengja skýringar bankans á færslunum og sá því ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfaláni

R og P kvörtuðu yfir því að starfsmenn viðskiptabanka hefðu leynt þau upplýsingum sem voru ákvörðunarástæða fyrir því, að þau tækju á hendur skjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi. Jafnframt töldu þau viðskiptabankann hafa aukið á tjón þeirra með því að hefjast seint handa um innheimtu gagnvart þeim vegna sama skuldabréfs, þ.e. tæpum fjórum árum síðar.

Varðandi fyrra atriðið þá áleit bankaeftirlitið að bankinn bæri ríkar trúnaðarskyldur gagnvart viðskiptamönnum sínum, sbr. 43. gr. laga 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði. Þetta væri einnig áréttáð í starfsreglum sem viðskiptabankinn hafði sett starfsmönnum sínum. Þrátt fyrir umrædda trúnaðarskyldu yrði þó að telja að bankinn bæri einnig ákveðnar skyldur gagnvart þeim sem gangast í ábyrgðir fyrir viðskiptamenn hans. Þannig yrði að telja, með tilliti til almennra sjónarmiða um eðlilega viðskiptahætti að starfsmönnum banka væri rétt að svara fyrirspurnum er vörðuð upplýsingar sem ekki féllu undir ákvæði um trúnaðarskyldu. Bankinn hefði oft aðgang að ýmsum opinberum upplýsingum varðandi fjárhagsstöðu viðskiptamanna, t.d. upplýsingar um áritaðar áskorunarstefnur og uppböðsbeiðnir. Taldi bankaeftirlitið í ljósi sterkrar samningsstöðu banka við einstaklinga að eðlilegt væri að gefnar væru slíkar upplýsingar, þó vissulega mætti nálgast þær með örðum hætti.

Varðandi síðara atriðið þá hafði komið fram að hálfu bankans að mistök hefðu ráðið drætti á innheimtu. Kom jafnframt fram að bankinn væri tilbúinn að fella niður innheimtukostnað og hluta dráttarvaxta, yrði gengið til samninga um greiðslu skuldarinnar án ástæðulauss dráttar. Bankaeftirlitið hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Ráðstöfun fjármuna af hálfu viðskiptabanka

Framkvæmdastjóri fyrirtækisins S leitaði til bankaeftirlits og óskaði eftir því að það kannaði lög-mæti þess að starfsmenn viðskiptabanka höfðu án heimildar afhent fjármuni S til þriðja aðila.

S hafði gert tiltekinn leigusamning við H. Í samningnum var kveðið á um skiptingu leigugjaldsins og skyldi 11% renna til leigusala. Viðskiptabanki hafði greitt 11% leigugjald inn á reikning H við bankann um leið og hann sá um greiðslu á hinum hluta leigugjaldsins.

Álit bankaeftirlitsins var að eins og samningur aðila var úr garði gerður og með hliðsjón af því að ekki var hreyft andmælum af hálfu S við framkvæmd viðskiptabankans á ráðstöfun aflaverðmætis í samræmi við samninginn á meðan hann var í gildi, þá hefði bankinn haft réttmæta ástæðu til að ætla að vilji leigutaka stæði til þess að notfæra sér þjónustu bankans við greiðslu á leigugjaldi fyrir hið leigða skip.

Útreikningar heimildargjalds vegna yfirráttarheimildar tékkareiknings

S leitaði álits bankaeftirlits á útreikningi heimildargjalds vegna yfirráttarheimildar á tékkareikningi. Var nánar tiltekið leitað álits á því hvort eðlilegt væri að reikna heimildargjald af hæstu heimild í vaxtamánuði án tillits til lækkunar sem verða kynni innan þess tímabils.

Bankaeftirlitið leitaði sjónarmiða viðkomandi viðskiptabanka og í framhaldi af því átti það fund með fulltrúum allra viðskiptabanka og Sambands íslenskra sparisjóða.

Niðurstaða bankaeftirlits var að umrædd reiknireglu væri byggð á verulega hæpnum forsendum og að auk þess væri framkvæmdin í andstöðu við góða bankasiði. Framkvæmdin mismunaði viðskiptamönnum á óeðlilegan hátt og að áskilnaður um gjaldið væri ekki gegnsær.

Í framhaldi af fyrrnefndum fundi var hafin endurskoðun á umræddu gjaldi af hálfu viðskiptabanka og sparisjóða.

Meðferð viðskiptabanka á uppboðseign

Þ leitaði til bankaeftirlits vegna meðferðar viðskiptabanka á uppboðseign og ábyrgðarskuld-bindingum tengdum því. Óskaði hann eftir athugun á því hvort um hagsmunatengsl væri að ræða, hvort ábyrgðarmönnum væri mismunað og hvort um væri að ræða mistök við meðferð á uppboðseigninni og ábyrgðarskuldbindingum því tengdum.

Þ hafði gengist í ábyrgðir fyrir skuldum fyrrum eiganda eignarinnar. Kvaðst hann hafa leitað til viðskiptabankans og óskað eftir að fá að yfirtaka uppboðssölu og standa skil á ábyrgð sinni gagnvart bankanum og tryggja um leið hagsmuni sína með því að endurselja húsið á því verði sem dygði fyrir heildarkostnaði. Hefði bankinn neitað því. Viðskiptabankinn var kaupandi eignarinnar og var hún sold þriðja aðila.

Samkvæmt gögnum málsins hafði ekki komið fram formlegt tilboð varðandi yfirtöku á uppboðssölu sem bankinn samþykkti eða hafnaði. Taldi bankaeftirlitið ekki verða séð að bankinn hefði mismunað Þ eða hafnað yfirtöku með óréttmætum hætti.

Viðskiptabankinn gerði bankaeftirlitini grein fyrir endursölu á hinni yfirteknu eign, þar á meðal var lagt fram verðmat fasteignasala og kaupsamningur. Bankaeftirlitið taldi að staðið hefði verið að sölu eignarinnar með eðlilegum hætti.

Lokun á tékkareikningi

J, lögmaður, leitaði til bankaeftirlits vegna lokunar tékkareiknings M hf. Taldi hann skuld M hf. við viðskiptabankann ekki heimila umræddar aðgerðir þar sem hún var innan umsaminnaðar heimildar og engir tékkar hefðu verið gefnir út á reikninginn eftir að yfirdráttarheimildin rann út.

Bankaeftirlitið taldi að ekki hefði verið um réttmæta lokun tékkareiknings að ræða á grundvelli reglna um tékkaviðskipti. Hins vegar hafði viðskiptabankinn tilkynnt að lokun tékkareikningsins hefði verið afturkölluð vegna mistaka bankans og hafði lokunin verið afturkölluð í Lokunarskrá samkvæmt því. Jafnhliða félulu niður lokanir annarra tékkareikninga félagsins sem ákveðnar voru vegna lokunar viðskiptabankans.

Með hliðsjón af framansögðu taldi bankaeftirlitið ekki þörf á frekari aðgerðum af þess hálfu.

Úttekt af sparisjóðsbók

Á hafði verið neitað um að taka út af sparisjóðsbók sinni hjá útibúi viðskiptabanka á þeirri forsendu að afskrifuð hefði verið ábyrgðarskuldbinding hans við viðskiptabankann. Leitaði Á til bankaeftirlits vegna þessa.

Kom í ljós að ákvörðun útibúsins var á misskilningi byggð og hafði skrifstofustjóra þess verið falið að tilkynna Á að innstæða reikningsins stæði honum til ráðstöfunar.

Sá bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Afborgun af skuldabréfi í erlendum gjaldeyri

P fór þess á leit að bankaeftirlitið léti uppi álit á því hvort honum bæri að greiða nánar tiltekna kröfu viðskiptabanka um útreiknaðar eftirstöðvar af afborgun á veðskuldabréfi sem bankinn hafði til innheimtu.

Um var að ræða veðskuldabréf í JPY og hafði P greitt afborgun af því í gegnum bankalínu viðskiptabanka að morgni mánudags áður en nýtt gengi hafði verið skráð og var miðað við síðasta skráða gengi, þ.e. gengi föstudags. Að morgni greiðsludags var gengi íslensku krónunnar fellt og nýtt gengi skráð samkvæmt því. Þar sem greiðslan var ekki í samræmi við gengis-skráningu JPY í viðskiptabankanum á greiðsludegi krafðist bankinn greiðslu á mismuninum.

Í umræddu veðskuldabréfi var ákvæði þess efnis að verðbætur á afborganir skyldu greiddar í sam-ræmi við skráð sölugengi. Taldi bankaeftirlitið að hér væri um að ræða beina tilvísun til gengis-skráningar Seðlabankans, enda væri á útgáfudegi bréfsins árið 1981 ekki um annað skráð gengi að ræða hér á landi og því ekki önnur gengisviðmiðun sérstaklega tiltekin. Bæri því að greiða af skuldabréfinu miðað við opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands en ekki gengisskráningu viðskiptabankans.

Varðandi það hvaða gengi hefði verið í gildi að morgni afgreiðsludags áður en nýtt gengi var skráð þá taldi bankaeftirlitið að telja yrði að gengi föstudags hefði verið í gildi á mánudeginum áður en nýtt gengi var skráð í Seðlabankanum kl. 10:45. Studdist sá skilningur við rótgróna túlkun Seðlabanka Íslands. Hefði greiðslan farið fram áður en nýtt gengi var skráð, væri rétt að umrædd afborgun væri reiknuð á skráðu gengi föstudags.

Þóknunargjald vegna aflauppgjörs

Leitað var til bankaeftirlits vegna innheimtu nánar tilgreindra innlásstofnana á þóknunargjaldi vegna uppgjörs á afla.

Fiskkaupendur höfðu falið viðskiptabönkum sínum að annast uppgjör til smábátaeigenda sem seldu þeim afla. Höfðu umræddar innlásstofnanir innheimt þóknunargjald við uppgjörið og dregið það frá greiðslu fiskkaupanda til fiskseljanda.

Bankaeftirlitið taldi að ekki yrði séð að fiskseljendur, viðtakendur greiðslna, hefðu með neinum hætti leitað til innlásstofnana um þetta eða skuldbundið sig gagnvart þeim varðandi uppgjör á afla. Yrði ekki séð að fiskseljendur hefðu með samkomulagi við fiskkaupendur skuldbundið sig til að greiða umrætt þóknunargjald.

Samkvæmt þessu taldi bankaeftirlitið óréttmætt að krefja fiskseljendur um umrætt þóknunargjald. Byggðist innheimta þess hvorki á lögum né á samningi. Hefði verið eðlilegra í umræddum tilvikum að krefja fiskkaupendur um þóknunargjaldið, enda hefðu þeir falið innlásstofnunum umrædda fyrirgreiðslu.

Gjaldtaka vegna innstæðulauss tékka

G beindi fyrirspurn til bankaeftirlits varðandi lögmaeti gjaldtöku viðskiptabanka vegna innstæðulauss tékka.

Beindist fyrirspurnin fyrst og fremst að því hvort viðskiptabanka væri heimilt að áskilja sér gjald vegna innstæðulauss tékka og hvort vaxtalög ættu við um slíkt gjald, m.a. þannig að öll almenn gjöld væru innifalin í dráttarvöxtum.

Jafnframt var óskað álits bankaeftirlits á því hvort sá kostnaður sem viðskiptabankinn áskildi sér væri eðlilegur og hvort bankanum væri heimilt að skuldfæra kostnaðinn án heimildar tékkareikningseiganda.

Í svari bankaeftirlits kom fram að þann 1. september 1983 hafi verið útgefin síðasta gjaldskrá sem sett var fyrir innlásstofnanir af Seðlabanka Íslands. Í þeirri gjaldskrá hafi verið gert ráð fyrir föstu gjaldi fyrir hvern innstæðulausan tékka, auk dráttarvaxta. Við gildistöku vaxtalaga árið 1987 hafi ekki verið litið svo á að hinir lögákveðnu dráttarvextir útilokuð gjaldtöku fyrir tilgreinda þjónustu.

Í lögum nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði væri ákvæði um þjónustugjöld. Þar væri bankaráði eða sparisjóðsstjórn falið að annast það verkefni „að móta stefnu í vaxta- og gjaldskrármálum“. Viðskiptabankar senda bankaeftirlitinu gjaldskrár sínar.

Bankaeftirlitið hefði litið svo á að við setningu gjaldskrár bæri innlásstofnunum að miða við að gjald fyrir veitta þjónustu væri í samræmi við þann kostnað sem viðskiptum er samfara, auk þóknunar fyrir eðlilega áhættu í einstaka tilvikum, þar sem það á við, og væri jafnframt miðað við að innlásstofnun væri rekin á tæknilega og fjárhagslega hagkvæman hátt. Þá taldi bankaeftirlitið að innlásstofnunum bæri að auglýsa á áberandi hátt allar þær þóknanir og gjöld, sem þær áskilja sér og að gjaldskrár skyldu liggja frammí á öllum afgreiðslustöðum innlásstofnunar.

Ósamræmi milli gírógreiðslu og greiðslustimplunar

R leitaði til bankaeftirlits og óskaði eftir því að það kannaði hverju það sætti að í tilteknum viðskiptum á milli R og S hefði greiðsla sem innt var af hendi með gíróseðli í útibúi viðskiptabanka ekki komið fram sem innborgun á gíróreikningi móttakanda greiðslunnar í Seðlabanka Íslands fyrr en rúmum þremur vikum eftir að gíróseðillinn var greiðslustimplaður.

Af hálfu viðskiptabankans kom fram að um mistök var að ræða. Komið hafði verið með sex greiðsluseðla frá S og beðið um að andvirði þeirra yrði tekið út af reikningi S. Hafði gleymst að skuldfæra einn seðlanna og það ekki gert fyrr en þrem vikum síðar þegar mistókin uppgötvuðust.

Bankaeftirlitið féllst á skýringar bankans og taldi ekki þörf frekari aðgerða af þess hálfu.

Tryggingarvíxill fyrir yfirdráttarheimild

B óskaði eftir álti bankaeftirlits á nánar tilgreindum atriðum í tengslum við ágreining umbjóðanda síns og viðskiptabanka vegna innheimtu tryggingarvíxils fyrir yfirdráttarheimild á tékkareikningi.

Þar sem ágreiningur aðila hafði verið borinn undir dómstóla taldi bankaeftirlitið sig ekki geta orðið við beiðni B nema varðandi fyrirspurn um reglur um tryggingarvíxla.

Upplýsti bankaeftirlitið um að það hefði ekki gefið út formlegar reglur um tryggingarvíxla. Hins vegar hefði verið settar fram athugasemdir og ábendingar til innlásstofnana í skýrslum um reglulegt eftirlit innlásstofnana, um að frágangi tryggingarskjala hafi verið ábótavant að mati bankaeftirlitsins, bæði hvað varðar útfyllingu og stimplun umræddra tryggingarskjala. Taldi bankaeftirlit almennt eðlilegt og í samræmi við góða bankasiði að formlega væri gengið frá tryggingarskjölum vegna fyrirgreiðslu viðskiptabanka eða sparísþóða þegar fyrirgreiðsla væri veitt. Væru aðstæður með þeim hætti að slíkt reyndist ekki unnt bæri hlutaðeigandi stofnun að tryggja sér formlegt umboð til frágangs tryggingarskjala.

Innheimta úttektargjalds af gjaldeyrisreikningum

J leitaði álits bankaeftirlits á 1,5% úttektargjaldi á innlendum gjaldeyrisreikningi hjá viðskiptabanka.

Umrædd þóknun hafði verið kynnt með almennum hætti í bæklingi útgefnum af Seðlabanka Íslands, viðskiptabónum og sparísþóðum í maí 1993. Tók gjaldskrá viðskiptabankans gildi í júlí sama ár. Bankaeftirlitið taldi þessa kynningu ekki fullnægjandi. Þá var viðskiptamönnum viðskiptabanka og sparísþóða, sem áttu innlenda gjaldeyrisreikninga þegar gjaldtakan hófst, ekki tilkynnt um hana sérstaklega eða gefinn kostur á að endurskoða viðskipti sín við hlutaðeigandi

stofnanir að þessu leyti en slíkt hefði verið eðlilegt að mati bankaeftirlits. Með hliðsjón af framansögðu taldi bankaeftirlitið að J kynni að eiga rétt til endurgreiðslu umræddrar þóknunar. Endanlegt mat ætti þó undir dómstóla.

Útreikningur afborgana og vaxta af skuldabréfi

K óskaði eftir að bankaeftirlitið endurreiknaði útreikning viðskiptabanka á skuldabréfum sem voru til innheimtu hjá bankanum. Hafði K verið stefnt til greiðslu eftirstöðva skuldarinnar. Taldi hann að höfuðstóll skuldarinnar hefði margfaldast til muna samkvæmt kröfu bankans í stefnu miðað við yfirlit bankans um stöðu innheimtumálsins frá fyrri mánuði.

Samkvæmt útreikningum bankaeftirlits voru eftirstöðvar skuldar K mun lægri en samkvæmt samþærilegum útreikningum viðskiptabankans. Óskaði bankaeftirlitið eftir skýringum viðskiptabankans á þessum mun.

Af hálfu viðskiptabankans kom fram að komið hefði fyrir að tölvukerfi bankans hafi brugðist varðandi útprentun á skuldastöðu einstakra krafna og var vísað til útgefínnar stefnu varðandi skuldastöðu K. Bankaeftirlitið taldi að viðskiptamenn banka verði að geta treyst yfirlitum sem þeir senda frá sér.

Meðferð tryggingarvíxla hjá viðskiptabanka

E óskaði eftir athugun bankaeftirlits á meðferð viðskiptabanka á þremur víxlum sem hann hafði verið krafinn um greiðslu á og greitt sem ábyrgðarmaður.

E taldi, í fyrsta lagi, að fjárhæð sem skuldfærð hafði verið af tékkareikningi hans vegna þessa hefði verið hærri en um var samið. Bankaeftirlitið taldi ekki fært með hliðsjón af fyrilliggjandi gögnum að rengja hina skuldfærðu upphæð.

Í öðru lagi E taldi ekki fullvist að hann hefði verið ábyrgðarmaður á öllum víxlunum. Samkvæmt ljósriti af einum víxlanna kom fram að útgefandi samkvæmt honum var E en þar sem ekki lágu fyrir ljósrit af hinum víxlunum gat bankaeftirlitið ekki tekið afstöðu til þeirra.

E kvartaði jafnframt yfir því að hann hefði ekki fengið víxlana í hendur þrátt fyrir ítrekuð tilmæli þar að lútandi. Af hálfu bankans var hins vegar haldið fram að þeir hefðu verið sendir í pósti. Bauðst viðskiptabankinn til að reka ógildingarmál vegna víxlanna E að kostnaðarlausu og var E bent á það að fengnum ógildingardómi gæti hann endurkrafið greiðanda samkvæmt víxlinum eins og hann hefði víxlana undir höndum.

Tjón í fasteignaviðskiptum

V, formaður neytendafélags, skrifaði grein í dagblað varðandi mál sem til meðferðar var hjá félaginu. Varðaði það viðskipti ungra hjóna við fasteignasala og tjón sem þau voru talin hafa orðið fyrir vegna þessara viðskipta. Tengdist ákveðinn viðskiptabanki þessu máli.

V óskaði álits bankaeftirlits á því hvort atvikalýsing í viðkomandi grein samræmdist viðteknum og viðurkenndum viðskiptasiðum innan íslenska bankakerfisins.

Bankaeftirlitið taldi sér ekki fært, eins og málið bar að gagnvart því, að veita umbeðið álit. Hins vegar liti það á bréf V sem almenna ábendingu og tæki sjálfstæða ákvörðun um hvort ástæða væri til sérstakra athugunar á málefni því sem hann gerði til umtalsefni í tilvitnaðri blaðagrein.

Ágreiningur um viðskipti við viðskiptabanka

Í júlí óskaði Þ rannsóknar bankaeftirlits á tilteknum viðskiptum sínum við viðskiptabanka.

Bankaeftirlitið kynnti sér erindið og gögn sem því fylgdu. Taldi bankaeftirlitið að einstök efnisatriði væru með þeim hætti að ekki væri unnt að leggja á þau raunhæft mat, sérstaklega með tilliti til þess tíma sem liðinn var frá því að viðskiptin áttu sér stað. Taldi bankaeftirlitið jafnframt að einstök önnur atriði sem Þ óskaði rannsóknar á, væru þess eðlis að hann ætti rétt til upplýsinga um þau af hálfu viðskiptabankans án íhlutunar bankaeftirlits.

Síðar sama ár sendi Þ nánari gögn til bankaeftirlitsins og óskaði nánar tiltekinna upplýsinga er vörðuðu framangreind viðskipti hans og viðskiptabankans. Í gögnum málsins kom fram að Þ hafði sett fram skaðabótakröfur á hendur viðskiptabankanum vegna umræddra viðskipta. Í framhaldi af þeim kröfum höfðu ítrekuð bréfaskipti átt sér stað milli Þ og bankans en bankinn hafði hvorki viðurkennt sök né greiðsluskyldu og vísaði málinu frá sér.

Bankaeftirlitið taldi að það samræmdist ekki hlutverki þess sem eftrilitsaðila að hafa milligöngu í umræddu máli með þeim hætti sem Þ óskaði. Benti bankaeftirlitið á það að réttur vettvangur til að reka málið væri fyrir hinum almennu dómstólum landsins.

LÍFEYRISSJÓÐIR

Útreikningur á skuldabréfi

Ö, lögmaður, leitaði til bankaeftirlits fyrir hönd F, umbjóðanda síns, vegna skuldabréfs. F hafði keypt fasteign sem skuldabréfið hvíldi á og var lífeyrissjóður eigandi þess. Vildi sjóðurinn ekki samþykkja F sem nýjan skuldara og gjaldfelldi skuldabréfið. Sjóðurinn sendi uppboðsbeiðni ásamt útreikningum á kröfu til sýslumanns. Lögmönum aðila bar ekki saman um útreikning á viðkomandi kröfu. Óskaði Ö eftir því að bankaeftirlitið reiknaði út kröfuna miðað við ákveðnar forsendur. Jafnframt óskaði hann eftir því að bankaeftirlitið léti í ljós álit sitt á vinnubrögðum framkvæmdastjóra og stjórnar sjóðsins í þessu máli og meðferð þá sem F hefði fengið hjá sjóðnum og Ö taldi ósanngjarna.

Bankaeftirlitið reiknaði út greiðslur og eftirstöðvar skuldabréfsins en taldi sér að öðru leyti ekki fært að tjá sig um efni fyrirspurnarinnar.

1994

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Ágreiningur um meðferð viðskiptabanka á innheimtuskuldabréfi gagnvart sjálfskuldarábyrgðaraðilum

B, sem var sjálfskuldarábyrgðaraðili á skuldabréfi sem komið hafði verið í innheimtu í bankanum, óskaði eftir athugun á meðferð bankans á bréfinu. Þegar greiðslur dró gust á bréfinu fékk B jafnan sendar vanskilatilkynningar en heyrði ekkert frá bankanum eftir að gjalddagi í mars 1989 hafði verið greiddur. Í mars 1993, eða fjórum árum síðar, fékk svo B tilkynningu um að bréfið væri komið í lögfræðilega innheimtu og var skorað á hann að greiða. Kröfueiganda var einnig ókunnugt um vanskil bréfsins fram til þessa tíma.

B taldi að bankanum hefði með öllu verið óheimilt að liggja með bréfið í svo langan tíma og að hann hefði ekki sinnt skyldum sínum sem B hefði mátt treysta að hann sinnti. B krafðist þess og að bankinn myndi greiða sér þá fjárhæð sem hann þurfti að greiða vegna bréfsins.

Bankinn upplýsti að greiðandi og ábyrgðarmenn fengju jafnan senda vanskilatilkynningu 8 dögum eftir gjalddaga ef ekki hefði fengist greiðsla en bankinn annaðist ekki lögfræðiinnheimtu krafna sem ekki væru í hans eigu eða háð kvöðum af hans hálfu.

Bankaeftirlitið taldi með hliðsjón af upplýsingum bankans að bankinn hafi veitt kröfueiganda og ábyrgðarmönnum þær upplýsingar um stöðu á innheimtu bréfsins sem hefðu átt að gefa B tilefni til aðgerða til að draga úr tjóni sínu. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að bankinn hefði átt að endursenda kröfueiganda bréfið fyrr en gert var.

Að öðru leyti taldi bankaeftirlitið ágreining þennan eiga undir dómstóla.

Ágreiningur um töku vaxtaálags af innheimtuskuldabréfi

K var skuldari skuldabréfs sem komið var í innheimtu hjá viðskiptabanka. Skuldabréfið skyldi samkvæmt ákvæðum sínum bera kjörvexti og vaxtaálag, en vaxtaprósentu var ekki getið. K óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort skuldareiganda væri stætt á því að taka vaxtaálag þegar ekki væri getið um hvert það væri í skuldabréfinu sjálfu.

Bankaeftirlitið taldi að þar sem ágreiningur þessi væri í raun milli K og skuldareigandans ætti úrskurður þar um ekki undir bankaeftirlitið heldur almenna dómstóla. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að bankanum hefði verið rétt að hafna innheimtumeðferð umrædds skuldabréfs þar sem útfylling á skilmálum þess um vaxtakjör var ófullnægjandi.

Ágreiningur um starfshætti sparisjóðs varðandi húsfélagapjónustu

H, íbú i fjölbýlishúsi sem nýtti sér húsfélagapjónustu sparisjóðs, óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort sparisjóðurinn kannaði hvort aðilar sem kæmu fram fyrir hönd húsfélags hefðu til þess umboð. H taldi að þeir aðilar sem kæmu fram sem forsvarsmenn húsfélagsins hefðu ekki til þess umboð frá íbúðareigendum þar sem aðalfundur hefði aldrei verið haldinn í húsfélinu. H óskaði einnig eftir því að bankaeftirlitið kannaði hvort tiltekinn starfsmaður sparisjóðsins, sem einnig var íbú i fjölbýlishúsini, hefði misnotað sér aðstöðu sína hjá sparisjóðnum.

Í svörum sparisjóðsins kom fram að fulltrúar húsfélaga hefðu ekki verið krafðir um afrit af fundargerðum eða sérstök umboð frá íbúðareigendum, enda hefðu húsfélög í flestum tilfellum stofnað áður til tékkareikningsviðskipta við sparisjóðinn en ef um ný húsfélög væri að ræða þá yrðu fulltrúar þeirra að koma með afrit af tilkynningu frá Hagstofu Íslands um stofnun kennitölu. Þá sagði sparisjóðurinn að umræddur starfsmaður starfaði ekki við húsfélagaþjónustuna og hefði á engan hátt misnotað sér aðstöðu sína.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til að gera athugasemdir við starfshætti sparisjóðsins við húsfélagapjónustuna og hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur um afhendingu tékkheftis og útgáfu tékka

A var framkvæmdastjóri í hlutafélagi og eiginkona hans S var formaður stjórnar félagsins. S hafði prókúru á tékkareikning félagsins en í febrúar 1992 fékk faðir S, Ó, prókúru á reikninginn að beiðni S en jafnframt féll prókúra S niður. Við skilnað S og A sagði S svo af sér formennsku í félaginu í apríl 1993.

A óskaði, fyrir hönd hlutafélagsins, eftir að bankaeftirlitið rannsakaði ábyrgð viðskiptabanka vegna afhendingar á tékkhefti í janúar 1992 til S og eftirfarandi útgáfu tékka af Ó. A taldi að Ó

hefði misnotað sér þá aðstöðu sína að hafa tékkhefti undir höndum og krafðist þess að viðskiptabankinn yrði láttinn sæta ábyrgð vegna þátttöku sinnar í málinu.

Í svari viðskiptabankans kom fram að svo virtist sem að veiting prókúrunnar til Ó hefði verið í samráði við A og með fullu samþykki hans. Hins vegar virtist ekki hafa verið gengið frá formlegu umboði til Ó þegar hann tók við prókúrunni. Viðskiptabankinn benti á að Ó hafi fengið prókúrumboð á reikninginn í febrúar 1992 en A hafi ekki gert athugasemdir fyrr en í október 1993. Að lokum kom fram að bankastjórnin hefði ítrekað við útibússtjóra bankans nauðsyn þess að formlega væri gengið rétt frá prókúrumboði nýrra aðila.

Bankaeftirlitið taldi að viðskiptabankanum hefði verið rétt að krefjast samþykki stjórnar félagsins á breytingu á prókúru reikningsins sbr. 4. mgr. 52. gr. l. um hlutafélög nr. 32/1978. Þar sem bankastjórnin hafði ítrekað nauðsyn formbundinna umboða við útibússtjóra bankans, taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari aðgerða

Samskipti viðskiptamanns við viðskiptabanka

G var með tékkareikning og kreditkortareikning hjá viðskiptabanka og hafði verið samið þannig um að greiðslur á kreditkortareikningnum yrðu millifærðar af tékkareikningnum á síðasta degi greiðslufrests. G lenti í vanskilum með kreditkortið í janúar 1992 og samdi svo um við viðskiptabankann að millifært yrði inn á reikninginn þegar innstæða væri fyrir hendi á tékkareikningnum. Á reikningsyfirlitum tékkareikningsins kom fram að bankinn hafði skuldfært reikninginn ítrekað fyrir kreditkortareikningnum þó innstæða hafi ekki verið fyrir hendi. Í mars 1992 var G send tilkynning þess efnis að kortaheimildin hefði verið afturkölluð og skuldin send lögfræðingi bankans til innheimtu. Í mars 1994 millifærði svo starfsmaður viðskiptabankans tiltekna fjárhæð af tékkareikningi G inn á kreditkortareikninginn og gerðist þetta eftir lokun bankans án vitneskju G. Allar ávísanir sem G gaf út eftir þetta og áður en hún fékk vitneskju um millifærsluna lento því í vanskilum. Tékkareikningnum var lokað í kjölfar þessara vanskila.

G óskaði annars vegar eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort rétt hefði verið staðið að skuldfærslu tékkareikningsins vegna kreditkortareikningsins og hins vegar taldi G að lokun tékkareikningsins hefði verið óréttmæt, þar sem um óheimila skuldfærslu hefði verið að ræða.

Bankaeftirlitið taldi að forsenda fyrir skuldfærslu sem þessari væri að næg innstæða eða yfir-dráttarheimild væri fyrir hendi og bankanum hafi því ekki verið heimilt að skuldfæra reikninginn umfram innstæðu. Hins vegar hefði G vanefnt loforð um að innstæða yrði fyrir hendi á skuldfærsludeginum og þar með vanefnt kreditkortasamninginn og sætti því vanefndar-úrræðum samkvæmt honum.

Varðandi skuldfærsluna sem átti sér stað í mars 1994 taldi bankaeftirlitið að sú skuldfærsla hafi því aðeins verið heimil að G hefði verið kunnugt um hana. Þar sem bankinn tilkynnti G að skuldin

hefði verið send í lögfræðilega innheimtu taldi bankaeftirlitið að G hefði verið rétt að ætla að hvers konar samkomulag um skuldfærslu væri fallið niður og því hefði skuldfærslan verið óheimil án samþykkis G.

Að lokum taldi bankaeftirlitið að ef hin óheimila skuldfærsla hefði verið ákvörðunarástæða fyrir lokun tékkareikningsins þá væri eðlilegt að viðskiptabankinn endurskoðaði þá ákvörðun sína.

Ágreiningur um lokun tékkareiknings

G hafði tékkareikning við viðskiptabanka og hafði yfirdráttarheimild á reikningnum. Reikningurinn var ekki miðið notaður eftir október 1992. Í mars 1994 fékk G tilkynningu frá lögfræðingi bankans um að yfirdráttarheimildin hefði verið felld niður og reikningi hans lokað vegna vanskila. Reikningurinn var þá rétt kominn fram yfir heimildina vegna uppfærslu vaxta. G kvaðst aldrei hafa fengið tilkynningu frá bankanum sjálfum um að heimildin yrði felld niður og reikningnum lokað.

Í svörum viðskiptabankans kom fram að heimildir falla sjálfkrafa niður þegar reikningur er ekki notaður en hins vegar hefði átt að tilkynna G það bréflega en það hefði farist fyrir í þessu tilfelli. Einnig kom fram að fyrir misskilning hefði reikningi G verið lokað með venjulegri tilkynningu eins og um misnotkun hefði verið að ræða, en þetta hefði þegar verið leiðrétt.

Bankaeftirlitið hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur varðandi greiðslu húsfélagsgjalds

S óskaði eftir könnun bankaeftirlitsins á tilteknunum viðskiptum sínum við viðskiptabanka. S taldi að honum hefði ranglega verið færð til skuldar tiltekin fjárhæð við uppgjör á húsgjöldum vegna íbúðar sinnar fyrir árið 1993, en húsfélagið var í viðskiptum við viðskiptabankann. S taldi sig vera í fullum skilum við húsfélagið fyrir árið 1993, en samkvæmt tölvubókhaldi húsfélagsins skuldaði hann fjárhæðina.

Í svörum viðskiptabankans kom fram að þessi mál hefðu verið leiðrétt í mars 1994 og dráttarvextir hefðu verið felldir niður en bankinn gæti breytt tölvubókhaldi húsfélagsins fyrir árið 1993. Hins vegar var S afhent skrifleg staðfesting á því að hann væri í fullum skilum við hússjóðinn.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Ágreiningur um afhendingu geymslugreiðslu

H, lögmaður, óskaði eftir aðstoð bankaeftirlitsins við að fá viðskiptabanka til að afhenda sér og lögmanni P geymslugreiðslu en samkvæmt dómsáttu lögmennirnir að taka sameiginlega við greiðslunni og leggja andvirði hennar inn á sameiginlega bankabók. Bankinn hafði hins vegar neitað að afhenda lögmönnunum greiðsluna nema gegn því að aðilar málsins gæfu lögmönnunum skriflegt umboð til þess að taka við greiðslunni.

Þar sem umrædd geymslugreiðsla hafði þegar verið greidd, taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til afskipta af mílinu á grundvelli fyrilliggjandi gagna.

Ágreiningur vegna útfyllingar viðskiptabanka á tryggingarvíxli

Lögmaður óskaði fyrir hönd skjólstæðings síns eftir athugun bankaeftirlitsins á heimild viðskiptabanka til að útfylla tryggingarvíxil á þann veg sem gert var.

B hafði ábekt tryggingarvíxil sem L hf. samþykkti í janúar 1991 og var víxillinn óútfylltur hvað varðar fjárhæð, útgáfudag og gjalddaga. Víxillinn var til tryggingar ábyrgð fyrir L hf. og átti ábyrgðin að gilda í 1 ár. Víxileyðublaðið lá inni í bankanum í rúm þrjú ár og hafði ábyrgðin á þeim tíma verið framlengd og hækkuð nokkrum sinnum úr 6 millj. upphaflega og upp í 11 millj. án þess að B hefði verið tilkynnt um breytingarnar. Þann 4. apríl 1994 sagðist B hafa óskað eftir því við aðallögfræðing bankans að nafn sitt yrði strikað út af eyðublaðinu en því var hafnað.

Þann 22. apríl var B svo krafinn um greiðslu á 11 millj. og hafði þá víxillinn verið fylltur út. B taldi að um umboðssvik af hálfu bankans væri að ræða.

Í svörum bankans kom fram að hann hefði þurft að greiða ábyrgðina út í mars 1994 og L hf. hefði ekki endurgreitt fjárhæðina þrátt fyrir áskoranir og því hefði tryggingarvíxillinn verið fylltur út í samræmi við tilgang sinn. Fram kom einnig að ekki hefði verið til staðar skriflegt umboð til útfyllingar á víxlinum. Kannaðist bankinn ekki við beiðni B um að nafn hans yrði strikað út af víxlinum en hins vegar hefði verið óskað eftir að víxillinn yrði endursendur þar sem hann væri orðinn of gamall, en þessari beiðni hafnaði bankinn.

Bankaeftirlitið taldi að viðskiptabankinn hefði ekki staðið að öflun umræddar tryggingar og útfyllingu víxileyðublaðs með fullnægjandi hætti. Bankaeftirlitið taldi einnig að meðferð viðskiptabankans á víxileyðublaðinu samrýmdist ekki eðlilegum viðskiptaháttum sérstaklega í ljósi þess að ábyrgðin var framlengd nokkrum sinnum og fjárhæð hennar hækkuð að því er virtist án þess að ábyrgðarmönnum hefði verið tilkynnt um þær breytingar. Varðandi afturköllun B á ábyrgðarskuldbindingu sinni taldi bankaeftirlitið að ábyrgðarmanni samkvæmt víxli væri ekki heimilt að afturkalla skuldbindingu sína eftir að hin tryggða fjárhæð væri gjaldfallin en þann 4. apríl 1994, þegar B sagðist hafa afturkallað ábyrgð sína, hafði ábyrgðin þegar fallið á bankann.

Ágreiningur um töku þóknunar vegna gjaldeyrisviðskipta

V óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á samskiptum sínum við viðskiptabanka A.

V starfaði um skeið erlendis og fékk laun sín greidd í erlendum gjaldeyri. Launin voru afgreidd í gegnum viðskiptabanka B en send þaðan á reikning V í viðskiptabanka A. Vinnuveitendur V greiddu 0,5% þóknun við afgreiðslu launanna í viðskiptabanka B en viðskiptabanki A tók einnig gjald af upphæðinni er hún kom þangað og óskaði V eftir skýringu viðskiptabanka A á þeim kostnaði. V gerði einnig athugasemd vegna viðskipta sinna með kreditkort sitt þar sem viðskiptabanki A hefði tekið 3,5% gjald af öllum erlendum peningaúttektum V með kortinu, þrátt fyrir að hann hefði greitt reikninginn með erlendum gjaldeyri.

Í svörum viðskiptabanka A kom fram að bankinn tæki 0,5% þóknun við móttöku tékka á erlenda banka til innleggss á innlenden gjaldeyrisreikning auk fasts gjalds og væri þessum gjöldum ætlað að standa undir beinum og óbeinum kostnaði við afgreiðslu og innheimtu tékka og væru þessir gjaldaliðir samkvæmt gjaldskrá bankans.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til athugasemda við ofangreinda gjaldtöku en tók fram að því væri ekki kunnugt um rökstuðning fyrir gjaldtöku viðskiptabanka B en ekki hefði verið óskað eftir athugun bankaeftirlitsins á því atriði. Hvað varðar athugasemd V um þóknun vegna greiðslukortaviðskipta sinna kom fram í svörum A að slík þóknun væri ákvörðuð af greiðslukortafyrirtækjum og gengi til þeirra. Þar sem bankaeftirlitið hefur ekki eftirlit með greiðslukortafyrirtækjum tók það ekki þennan hluta erindisins til athugunar.

Málið var svo endurupptekið nokkru síðar samkvæmt beiðni V þar sem hann fór fram á athugun bankaeftirlitsins á gjaldtöku viðskiptabanka B.

Í svörum B kom fram að tekin væri 0,5% þóknun við afgreiðslu launanna eins og um sölu gjaldeyris væri að ræða. Útbúin var ávísun í erlendum gjaldmiðli og send í viðskiptabanka A.

Bankaeftirlitið taldi að B hefði verið mögulegt að haga yfirlærislu launa með þeim hætti að minni kostnaður hefði hlotist af fyrir V, t.d. með millifærslu milli reikninga og þannig komið í veg fyrir gjaldtöku viðskiptabanka A. Bankaeftirlitið taldi það skyldu fjármálastofnana að haga viðskiptum sínum með þeim hætti að sem minnstur kostnaður hlystist af fyrir viðskiptavini.

Samskipti viðskiptamanns við starfsmann viðskiptabanka

Málavextir voru þeir að M hélt erlendis í nám og fól T starfsmanni viðskiptabanka og vini sínum að vera umboðsmaður sinn á meðan. Síðar kom í ljós að T hafði dregið sér fé af reikningi M í bankanum og var reikningurinn kominn langt yfir heimild þegar M kom aftur til landsins. M

kvaðst engin svör hafa fengið frá bankanum varðandi þetta og óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á málinu.

Í svörum bankans kom fram að á þessum tíma tók bankinn ekki að sér greiðslur reikninga fyrir viðskiptamenn sína né heldur umboðsmennsku fyrir þá. Einnig kom fram að það væri skoðun bankans að T hefði tekið að sér umrædd störf fyrir M sem vinur en ekki sem starfsmaður viðskiptabankans. Þá kom fram að bankinn hefði ítrekað beðið M um gögn og upplýsingar svo unnt væri að kanna málið en hann hefði ekki sinnt því.

Bankaeftirlitið taldi sér ekki fært, á grundvelli fyrirliggjandi gagna, að taka afstöðu til þess hvort og þá í hvaða mæli umræddur starfsmaður hefði dregið að sér fé af reikningi M. Bankaeftirlitið taldi nauðsynlegt að M veitti viðskiptabankanum nauðsynlegar upplýsingar um úttektir af reikningnum svo unnt væri að staðreyna hvort svo hefði verið. Í bréfi sínu til viðskiptabankans lýsti bankaeftirlitið yfir þeirri skoðun sinni að eðlilegt væri að viðskiptabanki sem hefði vitneskju eða grun um brot starfsmanns gegn almennum hegningarlögum, kærði til Rannsóknarlöggreglu ríkisins eða eftir atvikum Ríkissaksóknara.

Ágreiningur um útfyllingu sparisjóðs á tryggingarvíxli

Málavextir eru þeir að Sritaði sem ábekingur á víxileyðublað til tryggingar á yfirdráttarheimild á reikningi M hf. í sparisjóði. Víxillinn var útgefinn í desember 1989 en var án gjalddaga og upphæðar. S taldi að hann hefði einungis gengist í ábyrgð fyrir kr. 270.000,- og að sparisjóðnum hefði verið kunnugt um það. Sparisjóðurinn hækkaði svo heimildina nokkrum sinnum án vitneskju S þar til hún var orðin kr. 2.000.000,-

S sagðist enga vitneskju hafa haft um þetta fyrr en hann fékk innheimtubréf frá lögmönnum sparisjóðsins þar sem hann var krafinn um rúmar kr. 2.400.000,- og hafði þá víxillinn verið fylltur út hvað varðar upphæð og gjalddaga. S var svo stefnt til greiðslu skuldarinnar en sagðist svo hafa neyðst til þess að ganga til samninga við sparisjóðinn og greiddi kr. 1.600.000,-. J lögmaður S taldi að sparisjóðurinn hefði ekki haft heimild til að fylla víxilinn út eins og gert var og hefði hann misnotað sér aðstöðu sína gagnvart S. J fór svo fram á að bankaeftirlitið hlutaðist til um að sparisjóðurinn endurgreiddi S þá fjárhæð sem hann greiddi að frádreginni þeirri fjárhæð sem hann ábyrgðist upphaflega.

Í svörum sparisjóðsins kom fram að ekki lá fyrir skriflegt umboð til útfyllingar á víxlinum og að sparisjóðurinn tilkynnti almennt ekki ábyrgðarmönnum um breytingar á yfirdráttarheimildum. Sparisjóðurinn taldi umboð felast í afhendingu víxilsins og að ekki hefði þurft að fá samþykki ábyrgðarmanna fyrir hækkun á heimildinni.

Bankaeftirlitið taldi að þar sem víxillinn hafði að geyma útgáfudag, þá væri um sýningarvíxil að ræða sem sýna þyrfti til greiðslu innan árs frá útgáfudegi. Ekkert kom fram um að sýningarfrestur

hefði verið framlengdur og taldi því bankaeftirlitið að að víxilrétturinn hefði verið fallinn niður fyrir vangeymslu.

Bankaeftirlitið benti einnig á að það hefði lagt ríka áherslu á það við banka og sparisjóði að gengið væri frá slíkum tryggingarskjölum með formlegum og öruggum hætti þannig að endanlega væri gengið frá tryggingarskjölum vegna fyrirgreiðslna strax í upphafi eða formlegt umboð fengið til endanlegs frágangs síðar.

Ágreiningur um ráðstöfun viðskiptabanka á greiðslu sem innt var af hendi til söluaðila

Lögmaður þatabús óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort viðskiptabanka væri heimilt að ráðstafa greiðslu sem innt var af hendi til þatabúsins og átti samkvæmt fyrirmælum greiðanda að leggja inn á reikning þatabúsins, inn á annan reikning meðan bankinn kannaði hvort þatabúið ætti rétt til greiðslunnar.

Lögmaður þatabúsins afturkallaði svo erindi sitt þar sem samkomulag náðist við bankann um greiðslu kröfunnar og sað því bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Samskipti viðskiptamanns við viðskiptabanka

H óskaði eftir aðstoð bankaeftirlitsins við að fá upplýsingar frá viðskiptabanka um uppgjör og framsal skuldabréfs sem hann var aðalskulðari á, en þessar upplýsingar taldi hann nauðsynlegt að fá svo hann gæti áfrýjað dómi sem gengið hafði um kröfuna.

Í svörum viðskiptabankans kom fram að umrædd krafa væri nú dómakrafa og taldi bankaeftirlitið því ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Ágreiningur um heimild sparisjóðs til að skuldfæra þjónustugjöld af reikningi viðskiptamanns

V óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á heimild sparisjóðs til að skuldfæra þjónustugjöld út af tékkareikningi hans, þrátt fyrir ítrekaða beiðni hans um að fá að greiða umrædd þjónustugjöld beint til gjaldkera.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til að gera almennar athugasemdir við skuldfærslu reikninga fyrir þjónustugjöldum. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að viðskiptamenn ættu rétt á að fá í hendur full-nægjandi kvittanir fyrir umræddum þjónustugjöldum, ef þess væri óskað.

Ágreiningur um vörslu viðskiptabanka á tryggingarvíxli

J samþykkti tryggingarvíxil til tryggingar yfirdráttarheimild á tékkareikningi sínum. J lenti í vanskilum og samdi um skuldina við viðskiptabankann og var henni skuldbreytt. J krafðist þess að fá víxilinn afhentan þar sem skuldin væri uppgerð en bankinn hafnaði því. J fór því fram á að bankaeftirlitið kannaði málið.

Í svörum viðskiptabankans kom fram að við skuldbreytinguna hafi verið samið um að J greiddi sjálfur málskostnað vegna víxlsins og lánaði bankinn honum fyrir þeim kostnaði. Síðar samdi J um lækkun á kostnaðinum en ágreiningur kom þá upp um efni þess samnings. J neitaði að greiða þá fjárhæð sem bankinn krafðist og bankinn neitaði að afhenda víxilinn nema umsaminн kostnaður yrði greiddur.

Bankaeftirlitið taldi með hliðsjón af fyrilliggjandi gögnum að úrslit málsins væru komin undir tilvist og efni samnings milli J og viðskiptabankans og sá ágreiningur ætti undir dómstóla. Af þessum ástæðum taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Ágreiningur um meðferð viðskiptabanka á inneign protabús í bankanum

G lögmaður óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á meðferð viðskiptabanka á inneign í bankanum sem var í eigu tveggja protabúa sem hann var skiptastjóri í. G hafði tilkynnt bankanum um gjaldþrotá-úrskurðina og lagt fyrir hann að frysta innstæður þrotamanna í bankanum. Nokkru síðar krafðist G afhendingar á innstæðunum en bankinn hafnaði því þar sem þrotamenn hefðu enn undir höndum óutfyllt ávísanablöð sem bankinn hafði kallað árangurslaust eftir og vildi bankinn því firra sig hugsanlegu tjóni vegna tékkaábyrgðar sinnar.

Bankaeftirlitið taldi að engin ákvæði sérlaga væru fyrir hendi sem veittu bankastofnunum heim-ild til þess að ganga gegn ákvæðum laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að meðferð málsins, þ.á.m. túlkun laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti, ætti undir dómstóla og með hliðsjón af því hefði það ekki frekari afskipta af málinu.

LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Ágreiningur um breytingu á kjörvaxtaflokkum

P hf. óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á því hvort ákvarðanir lánastofnunar um kjör-vaxtaflokkun væru á einhvern hátt vafasamar og brytu gegn kröfu um fagleg vinnubrögð. Lánastofnunin hafði tilkynnt P hf. að lán hans yrðu færð í A-flokk sem þýddi 1% vaxtalækkun, en

það var aldrei gert. Er P hf. gerði athugasemd við þetta var honum sagt að þetta yrði leiðrétt en lánin hefðu svo verið flutt í B-flokk. P hf. sætti sig ekki við rök lánastofnunarinnar fyrir þessu auk þess sem vaxtaleiðréttингin hafði enn ekki farið fram og var því óskað eftir álti bankaeftirlitsins.

Bankaeftirlitið taldi ekki grundvöll til afskipta af þess hálfu þar sem eftirlit með lánastofnuninni byggði á l. nr. 123/1993 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði en atvik þau sem erindi þetta varðaði hefðu átt sér stað fyrir gildistöku laganna.

Hvað varðar leiðréttingu á útreikningi og innheimtu vaxta lýsti bankaeftirlitið því yfir að ef ekki hefðu enn borist svör frá lánastofnuninni, myndi bankaeftirlitið taka þann þátt til umfjöllunar ef ósk þar að lútandi myndi berast frá P hf.

Ágreiningur varðandi afsal vörubifreiðar til eignarleigufyrirtækis

K eigandi vörubifreiðar leitaði til eignarleigufyrirtækis um fjármögnun á aukabúnaði sem festur yrði á bifreiðina. Fjármögnunarleigusamningur var gerður og afsalaði K vörubifreiðinni til fyrirtækisins að kröfu þess. K taldi að við afsal bifreiðarinnar hefði fyrirtækið tekið að sér greiðslu skulda sem hvíldu á bifreiðinni en ekki hefði hins vegar verið staðið við það. K óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á þessum viðskiptum.

Í upplýsingum eignarleigufyrirtækisins kom fram að nauðsynlegt hefði verið að K afsalaði bifreiðinni til þess þar sem um áfastan búnað hafi verið að ræða og það tryggði fyrirtækinu fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir bifreiðinni og búnaði hennar ef segja þyrfti samningunum upp og endurheimta búnaðinn. Fyrirtækið lýsti því einnig yfir að það hefði verið reiðubúið að yfirtaka áhvílandi lán á bifreiðinni gegn viðbótartryggingu. Af því hefði hins vegar ekki orðið þar sem K gat ekki útvegað þá tryggingu. Fyrirtækið lýsti því svo yfir að það væri reiðubúið að skila bifreiðinni til K aftur eftir að það hefði tekið búnað sinn af bifreiðinni.

Bankaeftirlitið taldi að fyrirtækið hefði hvorki misnotað aðstöðu sína gagnvart K né gefið honum tilefni til að ætla að það hefði tekið að sér greiðslu áhvílandi veðskulda. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að þar sem um mikla fjárhagslega hagsmuni hafi verið að ræða hefði verið eðlilegt að gera skriflegan samning sem skýrði réttarstöðu aðila og hefði því nokkuð skort á fagleg vinnubögð af hálfu fyrirtækisins. Þá taldi bankaeftirlitið að ekki hefði verið nauðsynlegt fyrir fyrirtækið að fá afsal fyrir vörubifreiðinni til að tryggja kröfu sína samkvæmt fjármögnunarleigusamningnum.

Ágreiningur um uppgjör við eignarleigufyrirtæki

J lögmaður óskaði fyrir hönd umbjóðenda sinna eftir aðstoð bankaefstirlitsins til að fá afhent uppgjör á skuldum þeirra við eignarleigufyrirtæki þar sem þau hefðu ítrekað en árangurslaust reynt að fá uppgjör þetta afhent. J taldi enn fremur að umbjóðendur hans ættu inni fjármuni hjá fyrirtækinu.

Fyrirtækið sendi uppgjörið með í svari sínu til bankaefstirlitsins og kom fram að uppgjörið hefði ekki verið afhent þar sem umbjóðandi J neitaði að afhenda vél sem væri eign fyrirtækisins.

Bankaefstirlitið hafði ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur um uppgjör á fjármögnunarleigusamningi

F óskaði eftir aðstoð bankaefstirlitsins við að fá endurútreikning á kröfu eignarleigufyrirtækis á hendur H með veði í vélbát, þar sem F hugðist kaupa bátinn.

Í svari fyrirtækisins kom fram að dómur hefði þegar gengið um kröfuna á hendur H og til að fá kröfu sína greidda yrði fyrirtækið að gera fjárnám í veðrétti sínum í bátnum. Þar sem G hf. þinglýstur eigandi bátsins væri orðinn gjaldþrota þyrfti að fá samþykki skiptastjóra G hf. til þess en aðrir hefðu ekki forræði í máli þessu.

Bankaefstirlitið taldi að þar sem um dómkröfu væri að ræða, væri ekki ástæða til frekari afskipta af þess hálfu.

LÍFEYRISSJÓÐIR

Ágreiningur um gjaldtöku lífeyrissjóðs

S óskaði eftir athugun bankaefstirlitsins á heimild lífeyrissjóðs til að innheimta tilkynningar- og greiðslugjald sem bættist við hverja greiðslu. S taldi að innheimtan byggði hvorki á skuldabréfinu sjálfu né lagalegum grundvelli. Auk þessa hafði lífeyrissjóðurinn tvívegis endurgreitt S þetta gjald þegar krafa frá honum þess efnis barst og taldi S það staðfestingu á því að gjald þetta væri óheimilt.

Í svörum lífeyrissjóðsins kom fram að ákveðið hefði verið að gefa skuldurum við sjóðinn tækifæri til þess að greiða með gíróseðli í hvaða banka eða sparisjóði sem er í stað þess að þurfa að fara í Tryggingarstofnun ríkisins og greiða þar. Í því skyni var farið að senda út gíróseðla og gjaldið innheimt til að standa straum af kostnaði þar að lútandi og sömuleiðis var texta þeirra skuldabréfa sem gefin voru út eftir þetta breytt. Jafnframt kom fram að skuldurum

sjóðsins gæfist enn kostur á að greiða með sama hætti og áður tíðkaðist og þá yrði gjaldið fellt niður.

Bankaeftirlitið taldi að skuldabréf S skapaði ekki nægilega sterkan grundvöll fyrir gjaldtökunni en eins og fram hafi komið hjá lífeyrissjóðnum þá ætti hann kost á að greiða með öðrum hætti og komast þannig hjá því að greiða gjaldið. Þá taldi bankaeftirlitið að forsenda þess að umrætt gjald væri innheimt, væri sú að skýrt kæmi fram á gíróseðli að um tilboð væri að ræða til viðskiptamanns um breytta viðskiptahætti.

Nokkru síðar barst ósk frá S þess efnis að bankaeftirlitið endurskoðaði málið en bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til þess með hliðsjón af fyrilliggjandi gögnum.

1995

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Ágreiningur um meðferð viðskiptabanka og Reiknistofu bankanna á færslum á tékkareikningi

Málavextir eru þeir að þékk þær upplýsingar í þjónustusíma banka og sparisjóða að staðan á tékkareikningi hans væri lægri en hann taldi hana vera. Er hann spurðist fyrir um þetta hjá viðskiptabankanum var honum sagt að um tvíbókun hafi verið að ræða hjá Reiknistofu bankanna en búið væri að leiðréttta skekkjuna og staðan væri rétt á reikningnum. Þegar þékk svo yfirlit yfir reikninginn kom í ljós að eingöngu staðan hafði verið leiðrétt en hvergi voru tölur um leiðrétti á úttekt eða innleggi. Þó óskaði því eftir að bankaeftirlitið kannaði hvort Reiknistofunni væri heimilt að breyta bókunum án þess að það kæmi fram á yfirliti viðskiptamanns og hvort slíkt fullnægði bókhaldslögum og lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Bankaeftirlitið taldi að þær röngu upplýsingar sem þékk um stöðu reikningsins hafi stafað af mistökum í færslum hjá Reiknistofu bankanna. Einnig taldi bankaeftirlitið að ef um röng yfirlit væri að ræða og leiðrétti því þörf, þá yrðu yfirlitin að bera með sér að leiðrétti hefði farið fram og nauðsynlegt sé að tryggja að viðskiptamenn fái vitneskju um það. Með hliðsjón af framansögðu taldi bankaeftirlitið að í þessu tilviki hefði ekki verið staðið að útgáfu reikningsyfirlits og leiðrétti þess með fullnægjandi hætti, en fram kom að samkvæmt upplýsingum frá Reiknistofu bankanna væri unnið að því að koma í veg fyrir að slíkar villur kæmu upp.

Samskipti viðskiptamanns við viðskiptabanka

G, sem var námsmaður erlendis, sagði að tiltekinn viðskiptabanki hefði séð um að greiða fyrir hann reikninga hér á landi. Haustið 1994 bað G bankann að greiða fyrir sig virðisaukaskatt og var tekið út af reikningi G í því skyni en fjárhæðin var lögð inn á rangan reikning hjá skattstjóra og fékk G sekt vegna þessa. Bankinn neitaði að greiða sektina og óskaði G því eftir úrskurði bankaeftirlitsins í málínu og mati þess á því hvort bankinn væri ábyrgur vegna þessara mistaka.

Af hálfu bankans kom fram að enginn samningur hafði verið gerður á milli G og bankans um millifærslur. Einnig kom fram að G hefði tvisvar beðið bankann um að greiða virðisaukaskatt fyrir sig. Við framkvæmd fyrri beiðnar G í ágúst 1994 urðu þau mistök að greiðslan var send Ríkisskattstjóra í stað Tollstjóra og taldi bankinn mistökin stafa af því að viðkomandi eyðublöð voru merkt Ríkisskattstjóra og þar sagði að senda skyldi inneignarskýrslu til skattstjóra. G voru sendar kvittanir fyrir greiðslunni og gerði hann ekki athugasemdir fyrr en í janúar 1995. Við seinni greiðsluna gerði G engar athugasemdir.

Bankaeftirlitið taldi að óvarlega hefði verið farið að af hálfu viðskiptabankans þegar hann varð við beiðni um millifærslu án fullnægjandi upplýsinga af hendi G um hvert greiðslurnar áttu að fara og án þess að bankinn hefði tekist á hendur skyldu til að veita G sérstaka þjónustu á sviði fjármálaumsýslu. Þá tók bankaeftirlitið fram að þó svo að um mistök bankans hefði verið að ræða, þá hefði G ekki gert athugasemd fyrr en fimm mánuðum eftir að þau áttu sér stað. Að lokum tók bankaeftirlitið fram að það hefði hvorki úrskurðarvald né vald til að ákvarða skaðabætur heldur ætti slikt undir dómstóla.

Ágreiningur um ábyrgð viðskiptabanka vegna skuldfærslu tékkareiknings

P hafði prókúruumboð í hlutafélaginu M hf. og stofnaði hann tékkareikning fyrir félagið í viðskiptabankanum. Síðar gerðist það í tvígang að G, einn stjórnarmanna í félaginu skuldfærði reikninginn til gjaldeyriskaupa og hvarf eftir það til útlanda. Ó lögmaður M hf. óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á ábyrgð viðskiptabankans á því að heimila G, sem ekki var prókúruhafi reikningsins og hafði ekki umboð stjórnar til slíkra úttekta, að taka út af reikningnum.

Í svörum bankans kom fram að lögfræðingi bankans hafði verið falið málid til skoðunar og hafði hann komist að því að um mistök starfsmanna útibúsins hafi verið að ræða. Einnig kom fram að aðilar hefðu þegar samið um bætur og hafði bankaeftirlitið því ekki frekari afskipti af málínus.

Ágreiningur um heimild viðskiptabanka til skuldajafnaðar

Málavextir eru þeir að E fékk símskeyti frá lögmanni sem hafði til innheimtu skuldabréf sem E hafði gefið út til viðskiptabanka, þar sem sagði að bankinn myndi skuldajafna skuldinni samkvæmt skuldabréfinu við innstæðu hans á reikningi í útibúi bankans. E óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á því hvort bankanum væri þetta heimilt án þess að nokkur samningur lægi fyrir um slíka skuldajöfnun.

Í svörum viðskiptabankans kom fram að umrædd skuldajöfnun hafði aldrei átt sér stað. Bankaeftirlitið hafði því ekki frekari afskipti af málínus en tók fram að viðskiptabankar og sparisjóðir hefðu ekki almenna heimild til skuldajöfnunar af þessu tagi nema samningur þess efnis lægi fyrir.

Ágreiningur um lokun tékkareiknings

Í bréfi viðskiptabanka til þ var honum tilkynnt að tékkareikningi hans við bankann hefði verið lokað. Í kjölfar þessa var reikningslokunin tilkynnt til lokaaskrár tékkareikninga. Þ taldi að vanefndir hans hefðu ekki verið með þeim hætti að þær réttlættu slíkar ráðstafanir af hálfu bankans og óskaði hann eftir athugun bankaeftirlitsins á málinu.

Í svörum bankans kom fram að þ hafði ítrekað lent á fit-skrá með innstæðulausa tékka og auk þess væri kreditkortareikningur hans í vanskilum og hefði hann verið sviptur kortinu. Í ljósi þessa taldi bankinn að lokun reikningsins væri án vafa réttlætanleg. Hins vegar bentu svör bankans ekki til þess að þ hefði verið aðvaraður um lokun reikningsins.

Bankaeftirlitið vísaði til 6. gr. reglna Samvinnunefndar banka og sparisjóða um tékkaviðskipti, en þar kemur fram að almennt skuli loka tékkareikningi vegna tékkamisferlis nema tékkaútfegandi hafi sannanlega verið aðvaraður um afleiðingar þessa. Með hliðsjón af því taldi bankaeftirlitið að viðskiptabankanum hefði borið að aðvara þ um lokun reikningsins. Bankaeftirlitið tók hins vegar ekki afstöðu til forsendna að baki lokunar reikningsins.

Ágreiningur um útreikning vaxta og verðbóta á húsnæðissparnaðarreikningi viðskiptamanns

S var með húsnæðissparnaðarreikning í sparisjóði og taldi að vextir og verðbætur á reikningnum hans hefðu verið vanreiknaðar síðustu þrjú árin. S kvaðst hafa sent sparisjóðnum skriflegar fyrirspurnir vegna þessa en engin svör fengið og óskaði hann því eftir athugun bankaeftirlitsins á málinu.

Í svörum sparisjóðsins kom fram að villa hefði komið í ljós í vaxtaútreikningi á nokkrum húsnæðissparnaðarreikningum hjá sparisjóðnum sem stofnaðir voru um þetta leyti og var villuna að rekja til breytinga á tölvukerfi Reiknistofu bankanna á þessum tíma. Einnig kom fram að sparisjóðurinn hefði endurreiknað vextina og greitt vanfærða vexti inn á viðkomandi reikninga, þar á meðal reikning S.

Bankaeftirlitið taldi skýringar sparisjóðsins á málinu fullnægjandi og hafði því ekki frekari afskipti af því.

Ágreiningur vegna úttektar af reikningi húsfélags

Húsfelagið K var eigandi að reikningi í viðskiptabanka. Stjórn húsfélagsins taldi bankann hafa bakað sér ábyrgð gagnvart féluginu vegna vanrækslu starfsmanna sinna með því að heimila B að

taka fé út af reikningum húsfélagsins án þess að hann hefði heimild stjórnar húsfélagsins til að ráðstafa fé af reikningum félagsins.

Af bankans hálfu kom fram að gjaldkeraskipti, þar á meðal prókúruhafaskipti, fær almennt fram með þeim hætti að nýr gjaldkeri gæfi rithandarsýnishorn aftan á innheimtusamning aðilanna og fráfarandi gjaldkeri staðfesti svo skiptin með undirritun sinni. Í umræddu tilviki hafi þó skiptin ekki farið fram með þessum hætti heldur veitti gjaldkeri hússins konu sinni umboð til að sjá um mállefni húsfélagsins.

Bankaeftirlitið taldi ekki fullnægjandi að fráfarandi gjaldkeri samþykkti prókúru til handa hinum nýja gjaldkera, heldur bæri viðskiptabönkum og sparisjóðum að ganga úr skugga um samþykki reikningseiganda, bæði hvað varðar afturköllun áður veittrar prókúru og veitingu prókúru til nýs aðila. Taldi bankaeftirlitið að viðskiptabankanum hafi ekki verið rétt að veita B aðgang að reikningum húsfélagsins án þess að fullnægjandi umboð lægi fyrir frá húsfelaginu.

Bankaeftirlitið taldi sér ekki fært að úrskurða um hugsanlega fjárkröfu húsfélagsins á hendur viðskiptabankans heldur félli slíkt undir dómstóla.

Ágreiningur vegna innstæðulauss tékka

H og Ó fengu greitt með tékka af tékkareikningi við viðskiptabanka A. Ekki reyndist vera innstæða fyrir tékkanum og var gripið til þess ráðs að innleysa hann inn á sparisjóðsbók við viðskiptabanka B til að knýja fram greiðslu. Stuttu síðar tilkynnti prókúruhafi tékkareikningsins að tékkinn væri falsaður og var hann sendur B, innlausnarbanka og bankinn skuldfærður fyrir upphæð tékkans. Tveimur dögum síðar tilkynnti prókúruhafinn að ávísunin væri rétt útgefin. Óskuðu H og Ó eftir álti bankaeftirlitsins á því hver ábyrgð A væri í þessu máli. Einnig gerðu þeir athugasemd við það að tékkareikningurinn hafi fengið að vera opinn þrátt fyrir að andvirði tékkans hafi legið inni á sparisjóðsbók í 11 daga.

Bankaeftirlitið taldi með hliðsjón af málavöxtum og fyrirliggjandi gögnum ekki ástæðu til athugasemda vegna málsméðferðar A. Hefði A verið rétt að endursenda tékkann til innlausnarbankans með þeim hætti sem gert var og skuldfæra hann fyrir tékkafjárhæðinni.

Hvað varðar athugasemd um að tékkareikningnum hafi ekki verið lokað af hálfu A, var bent á að þegar við innlausn tékkans í innlausnarbanka var ljóst að innstæða var ekki fyrir hendi og var tékkinn því færður á færsluskrá innstæðulausra tékka. Sama dag barst reikningsbanka tilkynning um fölsun tékkans frá þar til bærum aðila. Að mati bankaeftirlitsins gengur slík tilkynning framar almennum reglum um meðferð innstæðulausra tékka og leiðir ein sér ekki til skyldu til lokunar tékkareiknings. Umræddur tékki var endursendur innlausnarbanka á fyrsta virka degi eftir að tilkynning um fölsun barst reikningsbankanum og varð því ekki séð að um ástæðulausan drátt á

endursendingu hafi verið að ræða af hans hálfu. Varðandi skýringar vegna dráttar á skuldfærslu andvirðis tékkans af sparisjóðsbók í B benti bankaeftirlitið H og Ó á að leita svara hjá bankanum.

Fyrirspurn vegna innstæðulauss tékka

S óskaði upplýsinga um tiltekin atriði í kjölfar bakfærslu tékka af reikningi hans við sparisjóð, þar sem tékkið var innstæðulaus. Tékkinn var gefinn út á tékkareikning í viðskiptabanka. Jafnframt óskaði S eftir almennum upplýsingum um starfsreglur bankanna í ákveðnum tilfellum.

Bankaeftirlitið benti S á að hafa samband við viðkomandi stofnanir til að leita nánari upplýsinga varðandi framangreinda bakfærslu. Varðandi almennar upplýsingar um starfsreglur bankanna, benti bankaeftirlitið S á að leita til hlutaðeigandi stofnana eða Samvinnunefndar banka og sparisjóða. Taldi bankaeftirlitið ekki forsendur til afskipta af sinni hálfu á þessu stigi.

Samskipti viðskiptamanns við viðskiptabanka

R leitaði til bankaeftirlitsins vegna tiltekinna viðskipta sinna við viðskiptabanka. R óskaði álits bankaeftirlits á því hvort það samræmdist eðlilegum starfsháttum viðskiptabanka að neita að ábyrgjast afhendingu á peningum R til þess sem hann vísaði til. Jafnframt hafði bankinn neitað honum um lánveitingu þar sem hann hafði áður orðið að afskrifa hluta af láni til R. Taldi R að bankinn hefði ekki svarað fyrirspurn sinni.

Bankaeftirlitið taldi ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þá starfshætti bankans sem erindi R laut að og taldi skýringar bankans sem fram komu í svörum við fyrirspurnum R fullnægjandi.

Varðandi synjun bankans á lánveitingu til R, taldi bankaeftirlitið að það væri háð mati viðskiptabanka og sparisjóða hvaða skilyrði væru sett fyrir útlánum og þeim væri því heimilt að hafna lánveitingum til viðskiptamanna sinna ef talið væri að þeir uppfylltu ekki þau skilyrði.

Ágreiningur um aflysingu tryggingarbréfs

S hafði gefið út tryggingarbréf með veði í eign sinni til tryggingar öllum skuldum og skuld-bindingum hans við tiltekinn viðskiptabanka. Síðar hætti hann viðskiptum við bankann og gerði upp skuldir sínar. Krafðist hann þess að bankinn afhenti sér bréfið. Bankinn neitaði að afhenda bréfið þar sem hann taldi sig eiga skaðabótakröfu á hendur S sem fyrirvarsmani A hf. Á grundvelli þessa taldi bankinn að S stæði enn í skuld við bankann sem rekja mætti til viðskipta hans við bankann. Fram kom að S hafði krafist þess fyrir dómi að tryggingarbréfið yrði tekið úr vörlum bankans með beinni aðfarargerð en þeirri kröfu hafði verið hafnað.

Bankaeftirlitið taldi að úrskurður ágreinings um það hvort tryggingarbréfið gæti staðið til tryggingar hugsanlegri skaðabótakröfu bankans ætti undir almenna dómstóla. Jafnframt taldi bankaeftirlitið að varsla viðskiptabankans á tryggingabréfinu þar til leyst yrði úr því fyrir dómi væri ekki óeðlileg með hliðsjón af málavöxtum.

Ágreiningur vegna endurgreiðslu úttektar með debetkorti

Viðskiptamaður veitingahúss ætlaði að greiða reikning sinn með debetkorti, en ekki reyndist vera næg innstæða á reikningi hans. Veitingamaðurinn hélt eftir kortinu til tryggingar greiðslu. Tveimur mánuðum síðar þegar ekkert hafði heyrst frá viðskiptamanninum tók veitingamaðurinn út þá fjárhæð sem þurfti til að greiða reikninginn og reyndist þá næg innstæða vera fyrir hendi. Útgáfubanki kortsins óskaði eftir því að veitingahúsið endurgreiddi umrædda fjárhæð þar sem innstæða var ekki fyrir hendi. Kom fram af hálfu bankans að þegar úttektin átti sér stað var sambandslaust við Reiknistofu bankanna og varð það til þess að allar úttektir innan ákveðinna marka fóru í gegn án þess að kannað væri hvort innstæða væri fyrir hendi.

Bankaeftirlitið taldi að bankinn hefði ekki heimild til að krefja veitingahúsið um endurgreiðslu vegna úttektarinnar. Aðili sem tæki við debetkorti sem greiðslumiðli samkvæmt samningi við greiðslukortafyrirtæki, gæti ekki borið ábyrgð á mistökum eins og áttu sér stað í umræddu tilviki. Samkvæmt grein nr. 6.4. í reglum um debetkort sem viðskiptabankar, sparisjóðir og greiðslukortafyrirtæki hafa sett í sameiningu, ber korthafi ábyrgð á öllum greiðsluúttektum sem verða vegna notkunar debetkorts hans gagnvart viðkomandi banka eða sparisjóði. Einnig ábyrgist korthafi gagnvart bönkum og sparisjóðum það tjón sem verður vegna vanraekslu hans við vörslu eða notkun kortsins.

Upplýsingar frá viðskiptabanka

H óskaði eftir atbeina bankaeftirlitsins við að fá upplýsingar frá viðskiptabanka um það hvort bankinn hefði verið eigandi að sjö skuldabréfum sem H var útgefandi af eða hvort bréfin hefðu verið til innheimtu í bankanum. H hafði verið synjað um framangreindar upplýsingar á grundvelli 43. gr. laga nr. 43/1993 um viðskiptabanka og sparisjóði.

Bankaeftirlitið taldi heimilt að veita þessar upplýsingar án þess að það færi í bága við viðkomandi þagnarskylduákvæði og var H sent afrit af svari viðskiptabankans þar sem fram kom að bankinn hafði aldrei átt bréfin og hefðu þau verið tekin úr innheimtu af eiganda þeirra.

Ágreiningur vegna viðskipta fyrirtækis við viðskiptabanka

M hf. leitaði til bankaefstirlitsins vegna tiltekinna viðskipta fyrirtækisins við tiltekinna viðskiptabanka. Fyrirtækið hafði fengið tilkynningu frá viðskiptabankanum um uppsögn viðskipta við fyrirtækið og að tékkareikningum þess yrði lokað.

Bankinn gaf þá skýringu að samkvæmt mati hans væri ósamræmi í fyrirgreiðslu og veltu fyrirtækisins, en þrátt fyrir lítil umsvif væri ítrekað um að ræða útgáfu innstæðulausra tékka. Þá setti fyrirtækið fram ósanngjarnar kröfur á hendur bankanum í formi leigugreiðslna fyrir fullnustueign. Hins vegar kom fram hjá bankanum að frestur til uppgjörs hefði verið of stuttur og var fyrirtækinu gefinn lengri tími til þess.

Niðurstaða bankaefstirlits var sú að það væri háð mati viðskiptabanka og sparisjóða hvaða skilyrði væru sett fyrir viðskiptum aðila og væri þeim því bæði heimilt að hafna því að taka nýja aðila í viðskipti og að segja upp viðskiptum við aðila sem þegar væri í viðskiptum. Hins vegar yrði að telja að viðkomandi aðili ætti rétt á að ákvörðun um slíka synjun eða uppsögn væri rökstudd. Viðskiptabankanum hefði því verið heimilt að segja upp viðskiptum við M hf. en hins vegar hafi þeim borið að rökstyðja ákvörðun sína og gefa sanngjarnan tíma til uppgjörs. Þar sem bankinn hafði lengt frest til uppgjörs og sett fram rök fyrir ákvörðun sinni hafði bankaefstirlitið ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur vegna tryggingarvíxils

Lögmaður leitaði til bankaefstirlitsins fyrir hönd þ vegna meðferðar viðskiptabanka á tryggingarvíxi, ábektum af þ, til tryggingar á yfirdrætti á tékkareikningi A hf. Var víxillinn óútfylltur að því er varðar útgáfudag, gjalddaga og fjárhæð. Í yfirlýsingu sem afhent var bankanum sama dag og víxillinn og var undirrituð af samþykkjanda, útgefanda og ábekingi kom m.a. fram að víxillinn væri afhentur bankanum til tryggingar yfirdráttarheimild á viðkomandi reikningi sem væri sérstaklega um samin á hverjum tíma og væri víxillinn einungis til tryggingar þeim viðskiptum. Þ taldi sig vera að ábyrgjast upphæð sem næmi þeirri yfirdráttarheimild sem til staðar var þegar víxillinn var gefinn út, en þegar víxillinn var útfylltur af bankanum hljóðaði hann upp á talsvert hærri fjárhæð.

Í svari viðskiptabankans kom fram að umrædd yfirdráttarheimild hafði verið hækkuð nokkrum sinnum að beiðni fyrirsvarsmana A hf. Auk þess hefði verið umsamið að fjárhæð ábyrgðar sem bankinn veitti A hf. yrði skuldfærð á tékkareikning fyrirtækisins.

Bankaefstirlitið taldi eðlilegt, þó að lagaskylda stæði ekki til þess, að útgefendur og ábyrgðarmenn á slíkum tryggingarvíxum fengju að fylgjast með þróun yfirdráttar. Að því er varðaði þá yrði þó að hafa í huga að hún var stjórnarmaður í fyrirtækinu allan þann tíma sem yfirdráttarheimild á

tékkareikningnum var í gildi og mátti því ætla að hún hefði haft alla möguleika á að fylgjast með þróun mála og að jafnvel hafi hvílt á henni skylda til þess sem stjórnarmanni í fyrirtækinu.

Hvað varðar skuldfærslu ábyrgðar samkvæmt munnlegu samkomulagi við reikningseiganda, þá hefði bankinn á þeim tíma þegar fellt niður yfirdráttarheimild á reikningnum og taldi bankaeftirlitið að bankanum hefði ekki verið heimilt að tryggja með þessum hætti hagsmuni sína á kostnað útgefanda og ábyrgðarmanna á víxlinum, enda átti víxillinn eingöngu að vera til tryggingar fyrir yfirdrættí á tékkareikningi fyrirtækisins en ekki öðrum skuldum þess.

Þ kvartaði einnig yfir því að tilkynning um afturköllun prókúru hefði verið virt að vettugi en samkvæmt upplýsingum bankaeftirlitsins höfðu stjórnarskipti farið fram og þeir aðilar sem tilkynntu afturköllunina voru ekki til þess bærir.

Lokun tékkareiknings

G óskaði eftir því að bankaeftirlitið kannaði lögmæti lokunar tékkareiknings hans við sparisjóð og lokun annarra reikninga í kjölfarið. Sparisjóðurinn upplýsti að reikningur G hafi iðulega verið yfirdreginn og hafði verið reynt að forða honum frá lokun í langan tíma. Sparisjóðurinn hafði aðvarað G með bréfi, sbr. 6. gr. reglna samvinnubanka og sparisjóða um tékkaviðskipti, og taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við sparisjóðinn vegna lokunar reikningsins.

Varðandi lokun tékkareikninga í öðrum bönkum í kjölfarið þá vísaði bankaeftirlitið til greinar 6.4 í fyrrnefndum reglum þar sem kemur fram að sé einum tékkareikningi tiltekins aðila lokað þá lokist sjálfkrafa aðrir tékkareikningar sama aðila hjá öllum bönkum og sparisjóðum. Taldi bankaeftirlitið vafasamt að beiting þessa ákvæðis gagnvart reikningseigendum stæðist lög þar sem um væri að ræða íþyngjandi ákvæði í þeirra garð sem skorti lagastoð. Endanleg úrlausn þess ætti þó undir dólmstóla.

Viðskipti sparisjóðs og húsfélags

Upp komst um stórfelldan fjárdrátt fyrrverandi gjaldkera húsfélags úr sjóðum félagsins. Gjaldkerinn var jafnframt í persónulegum viðskiptum við sparisjóðinn sem húsfelagið skipti við og þegar fjárdrátturinn átti sér stað var hann í miklum og alvarlegum vanskilum við sparisjóðinn.

G, fyrir hönd stjórnar húsfélagsins, óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins m.a. á því hvort sparisjóðnum hefði ekki verið skyld að upplýsa stjórn húsfélagsins um vanhæfni gjaldkerans. Ennfremur óskaði G eftir upplýsingum um það hvort úttektir gjaldkerans af reikningum húsfélagsins hefðu að einhverju leyti runnið til greiðslu á skuldum hans við sparisjóðinn.

Að auki óskaði G eftir að bankaeftirlitið athugaði hvort afgreiðsla sparisjóðsins á láni til húsfélagsins hefði að öllu leyti verið lögleg og eðlileg, þar sem skort hafði undirritun formanns húsfélagsins á skuldbindinguna.

Í svörum sparisjóðsins voru m.a. útlistaðar reglur hans varðandi prókúruumboð og kom fram að þar sem ekki væri í lögum gerð hæfisskilyrði til prókúruhafa hafi sparisjóðurinn ekki komið á fót sérstöku eftirliti með hæfi prókúruhafa né hefði sparisjóðurinn skipulagt eða reglubundið eftirlit með hæfi prókúruhafa. Væri gengið út frá því sem meginreglu að eftirlit með prókúruhafa væri á herðum og á ábyrgð prókúruveitanda, enda hefði hann einn heimild til þess að afturkalla prókúruumboð. Hins vegar væru verðandi prókúruhafar vandlega metnir við beiðni um stofnun reikninga og væri litið til ýmissa atriða varðandi það mat. Kom jafnframt fram að reiknings-eigendur væru ekki upplýstir um stöðu viðskipta verðandi prókúruhafa gagnvart sparisjóðinum þar sem um væri að ræða trúnaðarmál sem felli undir þagnarskylduákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Taldi sparisjóðurinn jafnframt að framangreint ákvæði kæmi í veg fyrir það að hægt væri að gefa upp skuldastöðu fyrverandi gjaldkera. Var því alfaríð neitað að úttektir gjaldkerans af reikningum húsfélagsins hefðu runnið til greiðslu persónulegra skulda hans við sparisjóðinn.

Bankaeftirlitið gerði ekki athugasemdir við svör sparisjóðsins að öðru leyti en þeim þætti sem laut að lánveitingu sparisjóðins til húsfélagsins. Þegar umrædd lánveiting átti sér stað voru í gildi lög nr. 56/1976 um fjölbýlishús og reglugerð nr. 280/1976 um samþykktir fyrir húsfélög. Í 9. gr þeirrar reglugerðar kemur fram að húsfelagið verði ekki skuldbundið nema með undirritun formanns eða varaformanns og eins annars stjórnarmanns. Þyrfti því two aðila til að skuldbinda húsfelagið og yrði annar þeirra að vera formaður félagsins. Taldi bankaeftirlitið sparisjóðnum því hafa borið að sjá til þess að formaður húsfélagsins undirritaði skuldabréfið og ekki væri nægilegt í því sambandi að hann hefði ritað undir lánumskrána og sem sjálfskuldarábyrgðaraðili á sérstaka yfirlýsingu þess efnis.

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Ágreiningur vegna útgáfu verðbréfa

Málavextir eru þeir að Á óskaði eftir að kaupa verðbréf af gerðinni A hjá verðbréfafyrirtæki og varð úr að hann keypti sjö bréf og kom fram á þeim að þau væru af gerðinni A. Um ári síðar fékk Á svo bréf frá fyrirtækinu þar sem sagði að hann hefði keypt bréf af gerðinni B en ekki A. Þar sem Á var með í höndunum A-bréf og B-bréf voru verðminni, var Á beðinn um að skila bréfunum og fá í staðinn B-bréf, í samræmi við það sem hann greiddi fyrir. Á óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á því hvort honum bæri að skila bréfunum og fá verðminni bréf í staðinn eða hvort honum væri rétt að halda bréfunum.

Í svörum verðbréfafyrirtækisins kom fram að mistök höfðu orðið í tölvuvinnslu við skráningu bréfanna og salan hefði verið skráð sem sala á B-bréfum en ekki A-bréfum og Á hefði því greitt

minna fyrir bréfin en honum bar. Fyrirtækið taldi að Á bæri að skila bréfunum og fá ný í staðinn með lægra nafnvirði.

Bankaeftirlitið taldi að verðbréf þau sem Á fékk í hendur væru fullgild skilríki fyrir tilteknum eignarréttindum, sem ekki yrðu einhliða af honum tekin af útgefanda þeirra. Hins vegar taldi bankaeftirlitið að ágreiningur um það hvort Á bæri að skila umræddum bréfum og fá önnur verðminni í staðinn, ætti undir almenna dómstóla en ekki bankaeftirlitið og tæki það því ekki afstöðu til þess ágreinings.

Hlutabréfakaup hjá verðbréfafyrirtæki

G keypti hlutabréf í S hf. hjá verðbréfafyrirtæki. Þar sem hann fékk ekki hlutabréfið afhent þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir óskaði hann eftir því að fá það endurgreitt auk þess að fyrirtækið yfirtæki samning vegna skuldbindingar um forkaupsrétt að hlutabréfaaukningu.

Þar sem fram kom af hálfu verðbréfafyrirtækisins að málið væri leyst og það hefði keypt bréfið aftur af G ásamt yfirtöku á samkomulaginu um hlutafjáraukningu hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af málinu.

Vaxtagreiðslur af skuldabréfi

G tók lán hjá verðbréfafyrirtæki í lok ágústmánaðar. Að sögn starfsmanna fyrirtækisins átti að taka 2-3 daga að greiða þetta lán inn á reikning G hjá sparisjóði. Lánið var hins vegar ekki greitt fyrr en rúmum tveimur mánuðum seinna og þá í tveimur hlutum. Verðbréfafyrirtækið krafði G um greiðslu vaxta frá þeim tíma sem lánið var veitt, þ.e. frá lokum ágústmánaðar.

Kom fram af hálfu verðbréfafyrirtækisins að G hafði óskað eftir því við verðbréfafyrirtækið að það ráðstafaði hluta af andvirði lánsins til uppgreiðslu á tryggingabréfi hjá tilteknum sparisjóði og hafði uppgreiðsluheimild ekki fengist hjá sparisjóðnum fyrr en í lok september. Einnig kom fram að verðbréfafyrirtækið hafði endurgreitt G áfallna vexti og verðbætur frá lokum ágúst til loka september.

Þar sem leyst hafði verið úr málinu hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af því.

Yfirlit yfir uppgjör skuldabréfa

K, lögmaður, fór þess á leit við bankaeftirlitið fyrir hönd V að það útvegaði sundurliðuð yfirlit yfir sex lán sem V hafði tekið hjá verðbréfafyrirtæki. V hafði ítrekað óskað eftir upplýsingum með

símskeyti. Lögmaðurinn gerði jafnframt athugasemd við kvittun sem afhent var V af hálfa verðbréfafyrirtækisins fyrir síðustu innborgun inn á veðskuldabréf.

Bankaeftirlitið óskaði eftir sundurliðuðu yfirliti yfir greiðslur V til verðbréfafyrirtækisins. Slík yfirlit voru send K og taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þau. Hvað varðaði umrædda kvittun frá verðbréfafyrirtækinu þá var það upplýst að ekki var um eiginlega kvittun að ræða.

LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Ágreiningur vegna uppgjörs á fjármögnunarleigusamningi

B gerði fjármögnunarleigusamning við eignarleigufyrirtæki um kaup á vél í bát. Vanskil urðu á greiðslum samkvæmt samningnum og var hann settur í innheimtu. B greiddi að lokum skuldina upp en taldi að hann hefði verið láttinn greiða meira en hann átti að greiða og hann hefði ekki fengið neinar skýringar á því hjá fyrirtækinu.

Bankaeftirlitið taldi með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum, að ekki væri tilefni til afskipta af málínu af þess hálfu.

Ágreiningur um skyldu leigutaka til þess að undirrita nýjan fjármögnunarleigusamning vegna mistaka við gerð hins fyrri

S gerði fjármögnunarleigusamning við eignarleigufyrirtæki. Í samningnum sjálfum var ekki getið um að leigugreiðslurnar skyldu bera vexti en þar var vísað í fylgiskjal um greiðsluflæði vegna samningsins. Í greiðsluflæðinu kom fram að vextir væru reiknaðir af greiðslunum en ekki var getið um vaxtaprósantu, aðeins fjárhæð vaxta. Átta mánuðum eftir gerð samningsins var S sendur nýr samningur til undirritunar ásamt nýjum útreikningi í greiðsluflæði, þar sem mistök hefðu orðið við gerð þess fyrri. S neitaði að skrifa undir nýjan samning en þrátt fyrir það var farið að rukka hann samkvæmt nýrri útreikningnum. S greiddi ekki þessa greiðsluseðla en deponeraði í staðinn í samræmi við fyrri útreikninginn. S óskaði eftir álti bankaeftirlitsins á þessum viðskiptum.

Samkvæmt upplýsingum fyrirtækisins höfðu orðið þau mistök við gerð fyrra greiðsluflæðisins að starfsmaður þess hafði slegið inn ranga vaxtaprósantu, 1,258% í stað 12,58% og hafi það orðið til þess að útreikningur varð lægri en hann átti að vera. Fyrirtækið taldi að S hefði gert samninginn eftir að honum hefði verið kynntur útreikningur á greiðsluskuldbindingu vegna samningsins og hafi sá útreikningur verið réttur og í samræmi við gjaldskrá eignarleigufyrirtækisins.

Bankaeftirlitið taldi að eignarleigufyrirtækið hefði ekki gengið frá umræddum samningi með fullnægjandi hætti, þar sem ekki var getið um í samningnum sjálfum að greiðslurnar skyldu bera vexti, en það er skilyrði samkvæmt 5. sbr. 6. gr. laga nr. 30/1993 um neytendalán. Þrátt fyrir að gert væri ráð fyrir vöxtum í meðfylgjandi greiðsluflæði, kom þar ekki fram við hvaða vaxtaþrósentu var stuðst, en það er nauðsynlegt svo leigutaki geti gert sér betur grein fyrir á hvaða forsendum útreikningurinn er byggður.

Hins vegar taldi bankaeftirlitið að ágreiningur um það hvort S yrði gert að undirrita nýjan samning í stað hins eldri vegna framangreindra mistaka, ætti ekki undir bankaeftirlitið heldur dómstóla.

Viðskiptayfirlit

Þ óskaði eftir atbeina bankaeftirlits við að fá sundurliðað yfirlit yfir viðskipti sonar síns við eignarleigufyrirtæki. Hafði þ þurft að taka yfir skuld sonar síns við fyrirtækið og taldi heildarendurgreiðslur til þess hafa orðið hærri en þeim bar að greiða.

Bankaeftirlitinu bárust umrædd yfirlit og voru þau send þ. Hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur um lögmæti töku dráttarvaxta

L taldi töku lánastofnunar á dráttarvöxtum af láni veittu í USD vera umfram það sem vaxtalög nr. 25/1987 leyfðu. Krafði hann stofnunina um greiðslu á ofgreiddum dráttarvöxtum. Af hálfu stofnunarinnar var hins vegar vísað í IV. kafla vaxtalaganna og að það væri mat stofnunarinnar að vaxtatakan væri lögmæt samkvæmt ákvæðum þess kafla og III. kafli laganna ætti ekki við.

Útvistardómur gekk í ofangreindu máli og var dráttarvaxtataka stofnunarinnar af lánum í USD dæmd lögmæt. Með hliðsjón af því hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af málinu.

Ágreiningur um lánveitingu lífeyrissjóðs

S óskaði þess fyrir hönd Ó að bankaeftirlitið kannaði hvort lánastofnun væri heimilt að taka af lánveitingu frá lífeyrissjóði til greiðslu á skuldum við lánastofnunina.

Í skýringum lánastofnunarinnar kom fram að hún annaðist á sína ábyrgð lánveitingar vegna lífeyrissjóðsins og þær starfsreglur giltu um allar lánveitingar á vegum lánastofnunarinnar, að viðkomandi aðilar þurftu að vera í skilum með lán sín við hana. Höfði verið dregin frá láni til Ó, ógreidd gjöld hans til stofnunarinnar.

Bankaeftirlitið taldi umrædd vanefndarúrræði óheimil þegar af þeirri ástæðu að eindagi gjaldanna var ekki liðinn og ekki sýnt fram á að greiðslan yrði vanefnd. Jafnframt taldi bankaeftirlitið að ekki yrði séð að umsjá lánastofnunarinnar með afgreiðslu lána frá lífeyrissjóði fæli í sér heimild til að draga gjöld lántaka við lánastofnunina frá andvirði lífeyrissjóðslána að lántaka forspurðum og þannig skerða uppsöfnuð réttindi hans. Einnig taldi bankaeftirlitið vafa leika á réttmæti þess að afgreiðsla láns hjá einni lánastofnun væri háð því að hluti af andvirði lánsins gengi til greiðslu á skuldum við aðra lánastofnun þó það skilyrði kæmi fram í samningi aðila, hvort sem um vanskil væri að ræða eða ekki. Einnig var bent á að ekki var fyrir hendi skriflegur samningur á milli lífeyrissjóðsins og lánastofnunarinnar um fyrirkomulagið heldur var stuðst við lánareglur lífeyrissjóðsins og starfsreglur lánastofnunarinnar við afgreiðslu lána.

1996

VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Lánveiting viðskiptabanka

N og S lento í erfiðleikum með að greiða af láni hjá viðskiptabanka og sóttu þau um greiðslu-erfiðleikalán. Það skilyrði var sett fyrir lánveitingunni að lánveitandinn sæi um að greiða þær skuldir sem lánið var veitt til að greiða og hafi þau álitið að lánið hjá viðskiptabankanum yrði greitt upp. Fimm árum síðar gerði viðskiptabankinn kröfu um uppboð á fasteign N og S. Kvaðst bankinn ekki hafa fengið í hendur greiðslur af láninu. Óskuðu N og S eftir því að bankaeftirlitið kannaði þessi viðskipti.

Bankaeftirlitið leitaði sjónarmiða bankans og kom fram að lánið hafði þá verið afskrifað og skuldabréfinu verið létt af eigninni. Þar sem málinu var lokið hafði bankaeftirlitið ekki frekari afskipti af því. Taldi bankaeftirlitið það þó óásættanlegt og ekki í samræmi við góða viðskiptahætti og bankavenju að innheimta skuldarinnar lagðist til hliðar í bankanum í rúm fimm ár.

Úttektir af sparisjóðsbók

J taldi að úttektir hefðu átt sér stað án heimildar af sparisjóðsbók hennar hjá viðskiptabanka. Óskaði J aðstoðar bankaeftirlits við að afla yfirlits vegna innlagna og úttekta af bókinni.

Af hálfu viðskiptabankans kom fram að um munnlegt samkomulag hefði verið að ræða milli J og viðskiptabankans um að bankinn millifærði af sparisjóðsbók yfir á tékkareikning J ef um útgáfu innstæðilausra tékka yrði að ræða. Jafnframt var því haldið fram af hálfu viðskiptabankans að öll umbeðin gögn hefðu verið send J og lögmanni hennar.

Bankaeftirlitið taldi að banka sem annaðist millifærslur milli reikninga án samþykkis eða beiðni eigenda hverju sinni, bæri að hafa til þess formlega heimild reikningseiganda ekki síst þegar um væri að ræða viðvarandi millifærslur. Ágreiningur var um hvort munnlegt samkomulag hefði komist á og taldi bankaeftirlitið sér ekki fært að taka afstöðu til ágreinings aðila að því leyti en

taldi að æskilegt hefði verið að fyrir hefði legið skrifleg heimild til millifærslna í þessu tilviki. Með hliðsjón af því að umræddar millifærslur voru milli tveggja reikninga J og fyrirliggjandi gögn og upplýsingar báru ekki annað með sér en að þær hefðu verið framkvæmdar í þágu J, svo og með tilliti til málsatvika að öðru leyti, taldi bankaeftirlitið hins vegar ekki unnt að fullyrða að um óheimilar millifærslur hefði verið að ræða af hálfu viðskiptabankans í þessu tilviki.

Krafa vegna skuldabréfs

Viðskiptabanki átti tryggingabréf með veði í eign R. Tryggingabréf þetta var allsherjarveð fyrir öllum skuldum G hf. við bankann. Bankinn innheimti eftirstöðvar af skuldabréfi á nafni G hf. samkvæmt tryggingarbréfi þessu. Umrætt skuldabréf hafði verið yfirtekið af Æ hf., dótturfyrtæki viðskiptabanka, í fasteignaviðskiptum.

R óskaði eftir því við bankaeftirlitið að það hlutaðist til um það að krefja Æ hf. um andvirði skuldabréfsins og Æ hf. gæti síðan átt endurkröfurétt á seljanda fasteignarinnar fyrir vanefndir.

Var umræddu erindi vísað frá þar sem ekki var á færi bankaeftirlits að annast kröfugerð af þessu tagi og jafnframt var tekið fram að eftirlitshlutverk bankaeftirlits lögum samkvæmt tæki ekki til starfsemi Æ hf.

Afturköllun á kvörtun

E, lögmaður óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á heimild viðskiptabanka til þess að neita að afhenda umbjóðanda hans tiltekin skuldabréf sem voru til innheimtu í bankanum.

Var erindið afturkallað þar sem fullar sættir höfðu tekist með aðilum.

Greiðslur af veðskuldabréfi

G var krafin um greiðslur af veðskuldabréfi. G taldi sig ekki bera skyldu til að greiða þar sem veðskuldabréfinu hafði verið aflýst af veðandlaginu og lokagreiðslukvittun hafði verið gefin út til greiðanda.

Í svörum viðskiptabankans til bankaeftirlits kom fram að um mistök hafi verið að ræða hjá starfsmanni bankans við innheimtuskráningu veðskuldabréfsins og var upphæð einstakrar afborgunar skráð sem heildarskuld. Taldi viðskiptabankinn að G hafi mátt vita að mistök hafi orðið hjá bankanum og ekki hafi verið um að ræða fullnaðargreiðslu þegar bréfinu var aflýst og það afhent G. Taldi bankinn einnig þá almennu reglu gilda að skuldara beri að greiða skuld sína að fullu, án tillits til þess hvort mistök hafi orðið þess valdandi að það var ekki gert í upphafi.

Taldi bankaeftirlitið ágreining þennan eiga undir dómstóla og þar af leiðandi hafði það ekki frekari afskipti af málinu.

Kvörtun vegna tékkaviðskipta

S leitaði til bankaeftirlitsins vegna viðskipta sinna við viðskiptabanka. S hafði fengið greitt í viðskiptum með tékka útgefnum af K. S notaði tékkann aftur til greiðslu í viðskiptum við G. G framseldi síðan tékkann til reikningsbankans. Tæpum 2 mánuðum síðar var reikningur G skuld-færður fyrir tékkanum þar sem innstæða hafði ekki verið fyrir hendi og reikningi K hafði verið lokað.

Leitaði bankaeftirlitið sjónarmiða viðskiptabankans og var upplýst að bankinn hefði boðist til að leysa málið með því að endurgreiða tékkann. Með hliðsjón af því taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til frekari afskipta af málinu.

Skráning upplýsinga um viðskiptavini

J óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á heimild viðskiptabanka til að varðveita 30 ára gamlar upplýsingar um hann í tölvum bankans.

Bankaeftirlitið taldi að lánastofnunum væri heimilt að varðveita upplýsingar um viðskiptamenn sína, hvort heldur um væri að ræða nýleg viðskipti eða eldri, sbr. 1.mgr. 3. gr. laga nr. 121/1989 um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, enda yrði að telja að slík skráning væri eðlilegur hluti af starfsemi slíkra stofnana. Með hliðsjón af því taldi bankaeftirlitið viðskiptabankanum heimilt að skrá upplýsingarnar og varðveita þær.

Viðskipti hlutafélags og viðskiptabanka

S, fyrir hönd H, sonar síns, óskaði eftir að bankaeftirlitið athugaði annars vegar viðskipti milli H og I hf. og hins vegar milli H og viðskiptabanka vegna tiltekinna viðskipta við ríki fyrrum Sovétríkjanna.

Bankaeftirlitið taldi ekki forsendur til að verða við þeirri beiðni þar sem viðskipti I hf. og viðskiptabanka höfðu áður verið tekin til ítarlegrar athugunar af hálfu þess, árið 1992 að beiðni H og honum kynnt niðurstaða þeirrar beiðni með bréfi. Taldi bankaeftirlitið ekkert hafa komið fram sem breytti fyrri afstöðu þess eða sem gæfi tilefni til frekari athugunar af þess hálfu.

Réttmæti úttektargjalds af innlendum gjaldeyrisreikningi

G óskaði eftir álti bankaeftirlits á réttmæti 1,5% úttektargjalds af innlendum gjaldeyrisreikningi hjá viðskiptabanka.

Að mati bankaeftirlits fél fíjl gjaldtakan sem slík undir almenna heimild hvers viðskiptabanka og sparisjóðs til að ákvarða gjaldskrár. Úttektarþóknunarinnar hafði verið getið í erlendri gjaldskrá bankans fyrir stofnun reikningsins. Með hliðsjón af því taldi bankaeftirlitið ekki ástæðu til að gera athugasemdir við umrædda framkvæmd.

Tvífærslur á tékkareikningi

B óskaði eftir því að bankaeftirlitið kannað hvort um gæti verið að ræða tvífærslur á tékkareikningi hans hjá sparisjóði og einnig hvort hann ætti innstæður hjá nánar tilgreindum stofnunum.

Bankaeftirlitið gat ekki séð að um tvífærslur væri að ræða og benti B á að hafa samband við sparisjóðinn. Varðandi það hvort B ætti innstæður hjá viðkomandi stofnunum var honum bent að leita til þeirra stofnana með fyrirspurn sína.

Skuldabréf til innheimtu

B fól sparisjóði skuldabréf til innheimtu og óskaði þess að andvirði innheimtunnar yrði lagt inn á reikning sinn. Bréfið var útgefið af Ú hf. til T hf. og áritað með sjálfskuðarábyrgð B.

Síðar krafðist skiptastjóri protabús T hf. að fá afhent bréfið og var honum afhent það þar sem bréfið bar ekki annað með sér en að það væri í eigu T hf.

B fór þess á leit við sparisjóðinn að fá aftur afhent skuldabréfið en var neitað þar sem skiptastjóra T hf. hafði þá verið afhent það. B kvartaði þá til bankaeftirlits og óskaði eftir því að það athugaði heimild sparisjóðsins til að afhenda öðrum aðila skuldabréfið en þeim sem sparisjóðurinn hafði tekið við bréfinu frá til innheimtu.

Bankaeftirlitið taldi að þar sem skuldabréfið var eign T hf. samkvæmt hljóðan þess og það hafði ekki verið framselt öðrum til eignar væri ekki annað að sjá af fyrilliggjandi gögnum en þrottabú T hf. hefði lögformlega heimild til bréfsins og sparisjóðnum hefði miðað við aðstæður ekki verið heimilt að afhenda bréfið öðrum. Hins vegar taldi bankaeftirlitið ekki rétt af sparisjóðnum að veita skuldabréfinu viðtöku í upphafi til innheimtu og innborgunar á reikning B þar sem bréfið hafði ekki verið framselt honum.

Ráðstöfun andvirði skuldabréfa

A leitaði til bankaeftirlits vegna viðskipta sinna við tiltekinn sparisjóð. A kvaðst hafa samþykkt víxil til þess að lækka yfirdrátt á tékkareikningi M hf., þar sem eigandi fyrirtækisins var ekki samþykkur sem skuldari. A var starfsmaður fyrirtækisins. Nokkru síðar hafi verið falast eftir því að hún lánaði veð í íbúð sinn á skuldabréf til að greiða upp yfirdráttinn. Kvaðst hún hafa fallist á það gegn því að þau bréf sem sparisjóðurinn myndi kaupa vegna sölu M hf. myndu ganga til greiðslu á þessum skuldum. Að hennar sögn hafði þáverandi sparisjóðsstjóri gefið henni loforð um það. Andvirði skuldabréfanna var síðar ráðstafað til greiðslu annarra skulda. Skrifleg staðfesting sparisjóðsstjórans á framangreindu loforði fylgdi erindi A, en hún var gefin eftir að sparisjóðsstjórin lét af störfum hjá sparisjóðnum.

Bankaeftirlitið leitaði sjónarmiða sparisjóðsins og kom fram í bréfi lögmanns sparisjóðsins að um nokkurt misrämi væri að ræða í frásögn A af málavöxtum. Jafnframt kom fram að lögmaðurinn taldi ekki hafa verið hægt að ráðstafa umræddum skuldabréfum inn á aðrar skuldir en eiganda M hf. sjálfss, þar sem þau höfðu verið framseld af honum og ekkert hafi komið fram um það á bréfunum sjálfum né í bókum sparisjóðsins hvernig ráðstafa ætti andvirði þeirra. Lögmaðurinn kvaðst hafa fengið til innheimtu tryggingarbréf og víxil sem A var skuldari að. Réttarsátt hefði verið gerð um greiðslu víxilsins og auk þess hefði lögmaður A gert samkomulag við lögmann sparisjóðsins um uppgjör málsins.

Bankaeftirlitið taldi sig ekki bært til að leysa úr ágreiningi aðila. Engin gögn lágu fyrir í málinu um hvernig ráðstafa hefði átt andvirði skuldabréfanna önnur en yfirlýsing fyrrverandi sparisjóðsstjóra. Hafði sú yfirlýsing verið gefin eftir að sparisjóðsstjórin lét af störfum og voru aðilar ekki á einu máli um gildi hennar. Taldi bankaeftirlitið úrlausn þessa ágreinings falla undir dómstóla.

Ágreiningur vegna tryggingabréfs

Byggingafélagi var úthlutað landi til skipulags og byggingar íbúðarhúsa. Áður en uppdrætti og yfirlýsingum skiptingu hafði verið þinglýst gaf byggingafélagið út tryggingabréf til tiltekins viðskiptabanka og var bréfið fært sem veð á landið. Við þinglýsingum lóðaleigusamninga var veðbandanna ekki getið og var þeirra ekki getið á veðbókarvottorðum sem kaupendur fengu afhent.

Byggingafélagið varð gjaldþrota. Viðskiptabankinn lýsti kröfu í protabú byggingafélagsins sem nam upphæð tryggingabréfsins. Hafði tryggingarbréfið verið fært á 1. veðrétt hverrar eignar. Viðskiptabankinn stefndi húseigendum til greiðslu tryggingabréfsins og var staðfest í heraðsdómi og Hæstarétti að viðskiptabankinn gæti byggt rétt sinn á veði í landinu. Bankinn hóf frekari innheimtutilraunir á grundvelli þess og reyndust samningatilraunir aðila árangurslausar.

HH og HB leituðu til bankaeftirlits vegna þessa máls og óskuðu eftir því að það kannaði nánar þátt viðskiptabankans í málinu. Sérstaklega var óskað eftir að nánar tilgreind atriði yrðu könnuð. Í fyrsta lagi hvort rétt hafi verið staðið að gerð upphaflegs tryggingabréfs. Í öðru lagi hvort viðskiptabankanum hafi verið stætt á því að neita ákveðnum húseigendum að greiða sinn hluta bréfsins og krefjast fullnaðaruppgjörs í upphafi máls. Í þriðja lagi hvers vegna innborganir á tíma-bilinu bæru ekki vexti og kæmu ekki til frádráttar fyrr en í lok tímabils og þá ekki frá höfuðstóli heldur vöxtum viðskiptabankans. Í fjórða lagi hvers vegna starfsmaður viðskiptabanka hafi hvatt húseigendur til að skrifa undir skuldabréf og upplýst á víxl um að aðrir húseigendur væru búinir að ganga frá hliðstæðum samningum við viðskiptabanka þegar það væri ekki rétt og að síðustu hvernig stæði á því að viðskiptabankinn stæði ekki við samkomulag um að gefa íbúunum tíma til að leita réttar síns þegar dómur væri fallinn í Hæstarétti.

Varðandi, fyrsta atriðið, hvort rétt hafi verið staðið að gerð upphaflegs tryggingabréfs taldi bankaeftirlitið að slíkur ágreiningur ætti undir dómstóla.

Í öðru lagi taldi bankaeftirlitið viðskiptabankanum hafa verið heimilt að neita að taka við greiðslu frá hlutaðeigandi einstaklingum hverjum um sig.

Bankaeftirlitið gerði ekki athugasemd við þá framkvæmd viðskiptabankans að ráðstafa innborgunum inn á dráttarvexti skuldarinnar samdægurs og þær bárust bankanum.

Varðandi það að starfsmaður hafi hvatt húseigendur til að skrifa undir skuldabréf gat bankaeftirlitið ekki tekið afstöðu til þess með hliðsjón af því að engin gögn voru fyrilliggjandi sem studdu þá fullyrðingu.

Varðandi samkomulag milli húseigenda og bankans þá kannaðist bankinn ekki við slíkt samkomulag og þar sem bankaeftirlitið hafði ekki í höndum nein gögn sem staðfestu slíkt samkomulag gat það ekki tekið afstöðu til þess.

Ágreiningur um prókúru á tékkareikningum og fleiri atriði

Stofnunin A taldi að tilteknum sparisjóði hefði verið óheimilt að synja A um lánsfyrirgreiðslu, fyrirgreiðslu vegna gíroseðla og neita að samþykkja B sem prókúruhafa á reikningum A nema með tilteknum skilyrðum. A óskaði eftir athugun bankaeftirlitsins á þessum atriðum auk þess sem A taldi að sparisjóðurinn hefði gerst sekur um mismunun, trúnaðarbrest, ósannindi og tilraun til mannorðsskerðingar.

Bankaeftirlitið óskaði eftir sjónarmiðum sparisjóðsins vegna málsins auk upplýsinga um þær vinnureglur sem giltu innan sjóðsins varðandi prókúruhafa á einstaka reikninga og samþykki sparisjóðsins á þeim.

Hjá sparisjóðnum kom fram að á sínum tíma hefði B og fyrirtæki sem hann rak þá, lent í fjárhagserfiðleikum sem leiddu til gjaldþrota og að sparisjóðurinn hefði ekki upplýsingar um banka- eða fjárhagsmálefni B síðan þá. Sparisjóðurinn taldi sig því ekki hafa nægilegar forsendur til þess að taka B í viðskipti eða til að veita honum prókúru á tékkareikninga nema með tilteknum skilyrðum.

Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú að svör sparisjóðsins væru fullnægjandi og gæfu ekki tilefni til að ætla að að starfshættir hans hafi verið óeðlilegir eða hafi falið í sér mismunun, trúnaðarbrest, ósannindi eða tilraun til messorðsskerðinga gagnvart B. Bankaeftirlitið taldi því að ásakanir A á hendur sparisjóðnum ættu ekki við rök að styðjast.

Bakfærsla tékka vegna lokunar tékkareiknings

Fyrirtækið G innleysti tékka þann 5. desember 1996 hjá tilteknum sparisjóði og lagði andvirði þeirra inn á reikning sinn hjá sparisjóðum. Þann 27. desember 1996 hafði sparisjóðurinn samþand við G og óskaði eftir að fá að skuldfæra reikning G fyrir tékkunum, þar sem viðkomandi reikningi hefði verið lokað þann 12. desember 1996. G óskaði eftir bankaeftirlitið kannaði hvort ekki hefði liðið óeðlilega langur tími frá lokun reiknings og þar til fyrirtækinu var tilkynnt um lokunina.

Í svörum sparisjóðsins kom fram að viðkomandi útibúi hans hefði borist formleg tilkynning um lokunina og fylgiskjöl þar að lútandi þann 18. desember 1996 en tékkarnir sjálfir hafi verið varðveittir í aðalbankanum og hefðu þeir ekki borist útibúinu fyrr en 27. desember 1996.

Niðurstaða bankaeftirlitsins var sú að sparisjóðurinn hefði átt að hafa samband við G þann 18. desember er honum barst formleg tilkynning um lokunina og það að tékkarnir voru ekki til staðar í útibúinu réttlætti ekki þá töf sem varð á afgreiðslu málsins af hálfu sparisjóðsins. Bankaeftirlitið taldi því að of langur tími hefði liðið frá því að sparisjóðnum barst tilkynning frá reikningsbankanum þar til G var tilkynnt um lokunina og krafist var innlausnar hjá G. G hafi á þeim tíma verið rétt að ganga út frá því að næg innstæða hefði verið fyrir hendi. Bankaeftirlitið taldi því að sparisjóðnum hefði ekki verið rétt að skuldfæra tékkareikning G vegna umræddra tékka.

VERÐBRÉFAFYRIRTÆKI

Viðskipti með verðbrréf

Verðbréfafyrirtæki hafði sent Á yfirlit yfir verðbréfaviðskipti sem hún kannaðist ekki við að hafa átt í. Kom í ljós að tiltekin viðskipti fyrrverandi sambýlismanns hennar við verðbréfafyrirtækið höfðu að hans ósk verið skráð á hennar nafn. Lögmaður, leitaði til bankaeftirlitsins fyrir hönd Á og óskaði eftir því að kannað væri lögmæti umræddra viðskipta.

Við nánari eftirgreinnslan af hálfu bankaeftirlitsins kom í ljós að starfsmaður verðbréfayrirtækisins hafði skráð viðskipti með verðbréf í erlendri mynt á nafn S, sambýlismanns Á, án þess að fyrir lægi samþykki eða vitneskja hennar um viðskiptin. Með því var S gert kleift að fjárfesta í erlendum verðbréfum umfram gildandi heimildir á þeim tíma sem viðskiptin fóru fram. Var jafnframt upplýst að S hefði fjárfest í nafni fleiri aðila.

Bankaeftirlitið taldi framangreinda háttsemi starfsmanns verðbréfayrirtækisins verulega ámælisverða og ekki í samræmi við þær kröfur sem gera verður til starfsmanna og starfsháttar innan verðbréfayrirtækja.

LÁNASTOFNANIR AÐRAR EN VIÐSKIPTABANKAR OG SPARISJÓÐIR

Lánveiting lánastofnunar

Lögmaður óskaði eftir því fyrir hönd umbjóðanda síns að gjaldeyriseftirlitið athugaði hvort lánveiting lánastofnunar til H hafi fullnægt lagaskilyrðum fyrir lánveitingum í erlendri mynt á þeim tíma.

Kom fram af hálfu lánastofnunarinnar að hún hefði tekið alls þrjú lán hjá Framkvæmdasjóði Íslands með heimild í lánsfjárlögum fyrir árið. Taldi gjaldeyriseftirlitið þarna vera um að ræða innlend lán bundin breytingum á gengi Bandaríkjadollara og gilti hið sama um lánveitingu lánastofnunarinnar til H.

Taldi gjaldeyriseftirlitið að stofnuninni hafi með hliðsjón af ákvæðum IV. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 borið skylda til að lána H með sömu kjörum og sjóðurinn sætti sjálfur og hafi lánveitingin því ekki verið andstæð þágildandi lögum.

S E D L A B A N K I Í S L A N D S
Bankaeftirlit



Úrlausnir kvartana
1990-1996
Sérrit 1
1997